

ÁSTA S. ÓLAFSDÓTTIR LEIKKONA

*Fjölbreytnin er mikilvæg*

Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

PÁLL ÓSKAR OG MONIKA ABERNATH

*Leika á árlegri sólstöðuhátíð*

Töfrandi stemning á Café Flóru

MENNING 26



HILMAR STEINN GRÉTARSSON

*Leiðarvísir um Reykjavík á ensku*

Grapevine færir út kvíarnar

FÓLK 38




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

20. júní 2006 — 163. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Diskó og pönk

Nostalgía sveif yfir vötnum í Árbæjarsafni á föstudag þegar sýningin Diskó og pönk var opnuð með glæsibrag.



FÓLK 28

### Fjörutíu ár og fjörutíu herbergi

Ragnar Jón Skúlason, hárskeri í Keflavík, fagnar starfsafmæli ásamt því að opna nýtt hótel.



TÍMAMÓT 22

### Eftirlaunaósómi

„Þeir sem komnir eru á eftirlaun og hafa því fengið fúlgur greiddar samkvæmt ósómanum geta prísað sig sæla fyrir að hafa grætt í því happdrætti, en eiga engan rétt á að halda áfram að skipta með sér ránsfengnum,“ ritar Valgerður Bjarnadóttir.

Í DAG 20

### Framherji á flottum fáki

Markahæsti leikmaður Landsbankadeildarinnar, Marel Jóhann Baldvinsson, keyrir um í leðurgalla á splunkunýju Harley Davidson-hjóli þegar hann er ekki að hrella markverði Landsbankadeildarinnar.



ÍÞRÓTTIR 32

### VEÐRIÐ Í DAG




**RIGNING OG DUMBUNGUR** - Í dag verður austan strekkingur við suðausturströndina, annars hægari. Rigning sunnan til í fyrstu og síðan einnig vestan til eftir hádegi.Úrkomulítið á Norðausturlandi. Hiti yfirleitt 9-14 stig að deginum.

VEÐUR 4






# Skattleysismörk í 95 þúsund

**Skattleysismörk gætu hækkað í tæpar 95 þúsund krónur alls ef samkomulag næst á vinnumarkaði. Rætt er um að persónuafsláttur hækki um fimm til sjö þúsund krónur og að skattalækkunin verði eitt prósent.**

**EFNAHAGSMÁL** Skattleysismörkin gætu hækkað í nærri 95 þúsund krónur alls samkvæmt því sem rætt er um nú milli ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins. Stór hluti af því væri verðlagsuppfærsla.

Talað er um að hækka persónuafslátt um tvö þúsund krónur til viðbótar við þær verðlagsbreytingar sem hvort sem er myndu verða. Persónuafslátturinn er í dag 79.029 krónur.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kemur til greina að breyta fyrirhugaðri skattalækkun þannig að skattar lækki ekki um tvö prósent frá áramótum, eins og fyrirhugað var, heldur um eitt prósent.

Barnabætur verði greiddar til 18 ára aldurs og viðmiðunarmörkum vegna vaxtabóta breytt. Fimm milljarðar eru ætlaðir í vaxtabætur og er talið að þeir peningar gangi ekki út að öllu óbreyttu vegna þess hve fasteignamatið hefur hækkað. Stór hópur fólks gæti því misst tugi þúsunda í vaxtabætur nema viðmiðinu verði breytt.

Gert er ráð fyrir því að minnst hundrað milljónir króna komi frá ríkinu í starfsmenntamál og rætt er um vinnumarkaðsaðgerðir.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, segir að samkomulag sé ekki í sjónmáli. Krafa verkalýðshreyfingarinnar um fimmtán prósenta skatt á tekjur undir 150 þúsundum króna sé enn á borðinu auk breytinga á eftirlaunakjörum ráðherra, þingmanna og æðstu embættismanna. Forsætisráðherra hafi verið á Svalbarða og ekki hafi verið hægt að taka á málum á meðan.

Ljóst er að verkalýðshreyfingin hefur stórar efasemdir um breytingar á skattleysismörkum. Gylfi segir að verkalýðshreyfingin sé brennd af slíkum breytingum því að verðgildi þeirra sé látið síga niður.

Formannafundi Starfsgreinasambandsins, sem halda átti í dag, hefur verið frestað fram á fimmtudag þar sem enn ríkir óvissa um aðkomu ríkisins. Kristján Gunnarsson formaður segir að ákveðið hafi verið að fresta fundinum í trausti þess að ríkisstjórnin skili hugmyndum sínum um trúverðuga efnahagsstjórn.

„Við þurfum betri svör frá ríkisstjórninni áður en við getum tekið afstöðu til þess hvort við hoppum á vagninn eða ekki,“ segir Kristján.

- ghs



**GENGIÐ Í BLEIKU** Tæplega áttatíu manns tóku þátt í göngunni, konur, karlar og börn. Gengið var frá Háskóla Íslands niður í miðbæ Reykjavíkur. Þátttakendur skörtuðu bæði bleiku og jólarauðu sem sjá má.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Bærinn málaður bleikur:

# Þingholtsstræti kvenréttinda

**KVENRÉTTINDI** Í tilefni kvenréttindadagsins í gær efndi hópur félagasamtaka til átaksins Málum bæinn bleikan. Fólk var hvatt til þess að sýna stuðning við jafnrétti í verki með því að klæðast bleiku. Jafnframt var boðið upp á dagskrá allan daginn.

Meðal annars var gönguferð um Þingholtin í boði Kvennasögusafns Íslands. „Bríet Bjarnhéðinsdóttir og fleiri kvenréttindakonur bjuggu við Þingholtsstræti sem er réttnefnd kvenréttindagata Reykjavíkur,“ segir Auður Styrkársdóttur, forstöðukona safnsins. Þar mun bráðlega rísa minningarreitur kvennabaráttunnar í tilefni af 150 ára fæðingarafmæli Bríetar. 91 ár var í gær liðið síðan íslenskar konur, 40 ára og eldri, fengu kosningarétt.

Femínistar afhentu fulltrúum fjölmiðla hvatningarverðlaunin Bleiku steinana, sem eiga að vera þeim hvatning til að gera betur í jafnréttismálum. Femínistafélagið bendir á að fjölmiðlar séu í góðri aðstöðu til að koma á breytingum sé vilji fyrir hendi.

- sdg

Framkvæmdastjóri LÍÚ um samkomulag ESB-ráðherra um styrki til sjávarútvegs:

# Skekkir samkeppnisstöðu

**SJÁVARÚTVEGUR** Sjávarútvegsráðherrar Evrópusambandslandanna náðu loks samkomulagi í gær um nýjan þróunarsjóð, sem á að veita allt að 3,8 milljörðum evra, að andvirði um 360 milljarða króna, til að stuðla að sjálfbærum fiskveiðum og tengdri starfsemi á árabilinu 2007-2013. Meginmarkmið sjóðsins er að draga úr veiðigetu í lögsögu ESB. Að mati Friðriks J. Arngrímssonar, framkvæmdastjóra Landssambands íslenskra útvegsmanna, skekkja þessir styrkir samkeppnisstöðu íslensks sjávarútvegs gagnvart sjávarútvegi í ESB.

„Það verður að minnka fiskveiðiflotann ef við eigum að komast nær markmiðinu um sjálfbærar fiskveiðar,“ sagði Joe Borg, sem fer með sjávarútvegsmál í framkvæmdastjórn ESB, eftir að niðurstaða ráðherrafundarins lá fyrir.

Friðrik J. Arngrímsson vildi í samtali við Fréttablaðið vekja athygli á því hversu ólíku sé saman að jafna þegar bornar eru saman aðstæðurnar sem útgerðarfyrirtæki búa við á Íslandi og í samkeppnislöndunum í ESB.

„Þar er verið að dæla tugum milljarða á ári inn í greinina í gegnum þetta styrkjakerfi en á sama tíma erum við að borga auðlindagjald,“ segir hann og rifjar upp að þegar úreldingarstyrkjum var beitt til að draga úr veiðigetu íslenska fiskiskipaflotans hefði greinin sjálf þurft á endanum að sjá um kostnaðinn. Það hafi hún klárað að greiða upp í fyrra. „Ég tel reyndar almennt að svona styrkjakerfi sé af hinu slæma,“ slær Friðrik föstu.

- aa



**FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON** Framkvæmdastjóri LÍÚ



**JOE BORG** Fer með sjávarútvegsmál í framkvæmdastjórn ESB.


# Byrjaðu núna að æfa!

Besta leiðin til að u[...]búa sig fyrir Reykjavíkurmaraþon[...]nis er að skrá sig [...] hlaupahóp[...] glitnir.is. Hla[...]pur Glitn[...]leypur frá stytt[...] á Kirkjusandi [...]daga kl. 17.30 [...]um að





## SPURNING DAGSINS

*Katrín, sástu nokkuð bleika fíla í gær?*

Við máluðum allt bleikt í gær, fíla jafnt sem fjölmiðla.

Fjölmargir skörtuðu bleika litnum í gær í tilefni kvenréttindadagsins, 19. júní. Katrín Anna Guðmundsdóttir er talskona Femínistafélags Íslands sem stóð fyrir átakinu Málum bæinn bleikan.

Aukin harka hlaupin í deilumál Tómasar Zoega læknis og Landspítala:

# 100 milljóna skaðabótakrafa

**ATVINNUMÁL** Yfir Landspítala-háskólasjúkrahúsi vofir nú höfðun skaðabótamáls upp á allt að eitt hundrað milljónum króna, að sögn Karls Axelssonar hrl. lögmanns Tómasar Zoega læknis. Tómas mun ganga út af spítalanum á föstudag hafi forstjóri og lækningaforstjóri LSH ekki endurskoðað afstöðu sína fyrir þann tíma. Skaðabótakrafan mun byggð á ætluðum launum hans sem yfirlæknis til sjötugs, auk miskabóta.

Í bréfi sem Magnús Pétursson forstjóri og Jóhannes M. Gunnarsson lækningaforstjóri skrifuðu Tómasi um helgina segir að samkvæmt dómi Hæstaréttar eigi hann ekki rétt á að fara aftur í starf yfirlæknis meðfram því að reka læknastofu úti í bæ. Tómas var sem kunnugt er færður úr yfirmannsstöðu í starf sérfræðilæknis þar sem hann hafnaði því að fara að nýrri stefnu framkvæmdastjórnar LSH í starfsfyrirkomulagi yfirlækna. Héraðsdómur dæmdi þá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar ógilda, en Hæstiréttur taldi hana ólögmæta.

Lögmaður Tómasar sendi í gær svarbréf fyrir hönd skjólstæðings síns þar sem þeim eru kynnt þau úrræði sem fyrirhugað er að grípa til, verði hundrað prósent starfskröfunni ekki breytt hvað Tómas varðar, þar sem Hæstiréttur hafi dæmt hana ólögmæta. **- jss**



MAGNÚS PÉTURSSON



TÓMAS ZOEGA

Samkeppniseftirlit fellir dóm:

## Skífan braut samkeppnislög

**DÓMSMÁL** Í nýrri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins er Skífan, sem nú heyrir undir Dag Group, fundin sek um að hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína og dæmd til að greiða 65 milljónir króna í ríkissjóð.

Fyrirtækið gerði á árunum 2003 og 2004 samninga við Hagkaup um sölu á geisladiskum og tölvuleikjum sem gerði það að verkum að keppinautar Skífunnar voru nánast útilokaðir frá viðskiptum við Hagkaup. Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að samningarnir stæðust ekki lög, en árið 2001 var Skífan dæmd til að greiða tólf milljónir króna fyrir svipuð brot. **- sþs**

Ungir bílaþjófar í eyjum:

## Fjórir unglingar stálu bíl

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglunni í Vestmannaeyjum var tilkynnt um að bifreið hefði verið stolið í síðustu viku. Bifreiðinni hafði verið lagt á Vestmannabraut, en þegar eigandinn ætlaði að vitja hennar var hún horfin.

Stuttu síðar fann lögreglan bifreiðina þar sem hún stóð á vegarslóða sem liggur að moto-cross brautinni á Nýjahrauni.

Að lokinni rannsókn kom í ljós að fjórir drengir á aldrinum fjórtán til sextán ára höfðu tekið bifreiðina ófrjálsri hendi. Mál þeirra er í skoðun. **- æþe**

# Fleiri vilja segja upp varnarsamningnum

**Þriðjungur er mjög hlynntur uppsögn samkvæmt könnun. Þingmaður Samfylkingar vill virkja grein varnarsamningsins sem getur leitt til uppsagnar hans. Utanríkisráðherra segir að það verði ekki gert meðan á viðræðum stendur.**

**VARNARMÁL** Tæplega 54 prósent Íslendinga eru hlynnt uppsögn á varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna samkvæmt könnun sem IMG Gallup vann að beiðni Helga Hjörvar, alþingismanns Samfylkingarinnar.

Tæplega 25 prósent eru andvíg uppsögn og rúm 21 prósent taka ekki afstöðu. Þegar skoðaðir eru þeir sem eru mjög hlynntir eða mjög andvígir eru skilin skarpari því þriðjungur svarenda segist mjög hlynntur uppsögn meðan innan við tíundi hver er mjög andvígur.

Helgi segir það koma sér á óvart hversu afgerandi stuðningur er við uppsögn samningsins. „Ég held það sé mikilvægt að vilji þjóðarinnar liggi skýrt fyrir í þeim viðræðum sem núna eru að fara fram.“ Helgi segir það undrunarefni hversu linkulega haldið hafi verið á þessum málum eftir að Davíð Oddsson fór í Seðlabankann. „Skilaboð núverandi forsætisráðherra hafa verið mjög óskýr,“ segir Helgi og bætir við að ríkisstjórnin hafi gefið út að ef flugvélarnar færu þá yrði samningnum sagt upp. „Það hlýtur að líta ankannalega út á alþjóðavettvangi að engin alvara virðist vera á bak við slíkar yfirlýsingar í grundvallarmáli eins og þessu.“

„Ég held að meginatriðið í samskiptum við Bandaríkin sé að sjöunda grein varnarsamningsins verði virkjuð og Atlantshafsbandalagið komi inn í ferlið með formlegum hætti sem getur síðan leitt til uppsagnar samningsins eins og Samfylkingin hefur bent á,“ segir Helgi. Greinin fjallar um að hvor ríkisstjórnin getur farið þess á leit við ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins að það endurskoði hvort það þurfi lengur á þeirri aðstöðu að halda sem tilgreind er í samningnum og komi með tillögur um það hvort samningurinn skuli gilda áfram. Ef slík málaleitan um endurskoðun leiðir ekki til þess að ríkisstjórnirnar verði ásáttar innan sex mánaða frá því að málaleitunin var borin fram getur hvor ríkisstjórnin sagt upp samningnum og skal hann þá falla úr gildi 12 mánuðum síðar.

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra segir þessar niðurstöður ekki koma sér á óvart miðað við ástandið eins og það er í dag. „Það ríkir alger óvissa um varnir Íslands og viðræðurnar við Bandaríkjamenn hafa gengið hægt.“ Valgerður segir að þær séu þó í fullum gangi og næsti fundur muni fara fram 7. júlí. „Við bindum vonir við að á þeim fundi eða í framhaldinu liðkist um í þessum viðræðum og við náum bærilegri niðurstöðu. En að fara að segja upp varnarsamningnum á þessu stigi málsins væri ekki skynsamlegt.“ Aðspurð um hugsanlega virkjun sjöundu greinar varnarsamningsins segir Valgerður augljóst, miðað við fundi við tvo af æðstu mönnum Atlantshafsbandalagsins nýlega, að þeir vilji ekki blanda sér í þessa umræðu meðan tvíhliða viðræður við Bandaríkin eiga sér stað. „Meðan þær viðræður eru í gangi þá grípum við ekki til þeirra aðgerða.“

sdg@frettabladid.is



**VIÐRÆÐUR UM VARNARSAMNINGINN** Hér sitja fulltrúar bandarískra og íslenskra stjórnvalda á fundi um varnarsamninginn í mars síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



**Í KJARNORKUVERI** Tæknimaður í kjarnorkuverinu Angra í Brasilíu klæðist geislavarnabúningi við störf sín. NORDICPHOTOS/AFP

ElBaradei á málþingi:

## Háauðguðu úrani skuli eytt

**NOREGUR, AP** Grynnka þarf á birgðum háauðgaðs úrans í heiminum til að koma í veg fyrir að það komist í hendur hryðjuverkamanna. Þetta sagði Mohamed ElBaradei, forstöðumaður Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, á málþingi í Osló.

Háauðgað úran má nýta til að búa til kjarnorkusprengjur og eru til um 1.850 tonn af því í heiminum, þar af milli fimmtíu og eitthundrað tonn í um eitthundrað borgaralegum stöðvum. Sumar þeirra eru með slaka öryggisgæslu og hætta á að hryðjuverkamenn reyni að brjótast inn í þær. **- kóþ**



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR OG JAMES L. JONES, YFIRHERSHÖFÐINGI NATO** Heilsast hér fyrir fundinn sem fór fram í utanríkisráðuneytinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fundur með fulltrúa NATO:

## Ræddu þátttöku Íslands

**UTANRÍKISMÁL** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra hitti James L. Jones, yfirhershöfðingja Atlantshafsbandalagsins, á stuttum fundi í gær.

„Þessi fundur var almennt um aðlögun Atlantshafsbandalagsins að breyttri heimsmynd og það sem Íslendingar eru að taka þátt í til að tryggja meiri frið og öryggi í heiminum,“ segir Valgerður. Hún gerði yfirhershöfðingjanum einnig grein fyrir stöðu mála í viðræðum við Bandaríkjamenn um varnarsamninginn en tók fram að það hefði ekki verið ástæða fundarins. **- sdg**

### LÖGREGLUMÁL

**Ekið á stúlku** Ekið var á unga stúlku á reiðhjóli á Hafnarfjarðarvegi um tvöleytið í gær. Stúlkan meiddist ekki alvarlega en kenndi sér mein í fæti og hálsi og var flutt á sjúkrahús til skoðunar.

### TYRKLAND

**Ætlar að falla** Nemandi í Tyrklandi sýnir óvenjulegan metnað á skólagöngu sinni. Hann ætlar að falla með stæl og skrá nafn sitt í sögubækur með því svara hverri einustu spurningu vitlaust á inntökuprófi í Háskólann í Ankara. Þessi áætlun er erfiðari í framkvæmd en virðast kann því til þess að tryggja að hann svari ekki óvart rétt, þarf nemandinn að læra öll réttu svörin utan að.

BÍLL DAGSINS
VOLVO S40
Nýskr 11.05 - Beinskiptur - Ekinn 9 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020

Starfshópur á vegum samgönguráðherra leggur til höfn fyrir Vestmannaeyjaferju:

# Leggja til höfn í Bakkafjöru

**SAMGÖNGUR** Starfshópur, sem Sturla Böðvarsson samgönguráðherra skipaði fyrir rúmlega tveimur árum til að skoða möguleika á betri samgöngum milli lands og Vestmannaeyja, telur skynsamlegasta kostinn felast í nýrri ferjuhöfn í Bakkafjöru auk betra skips í stað Herjólfs.

Starfshópurinn leggur til að kannað verði nánar hvort raunhæft sé að byggja höfn í Bakkafjöru, og til þess verði fengnir erlendir sérfræðingar. Hópurinn leggur til að áhættumat á siglingum milli Vestmannaeyja og Bakkafjöru fari fram, auk þarfagreiningar á nýrri ferju sem sigla myndi milli Vestmannaeyja og Bakkafjöru til að tryggja að hún anni flutningaþörfinni.

Með lausn starfshópsins ætti ferðatíminn milli Reykjavíkur og Vestamannaeyja að styttast um eina klukkustund og korter, en miðað við núverandi aðstæður er ferðatíminn um þrjár klukkustundir og 30 mínútur. Í áliti hópsins kemur fram að þó að jarðgangagerð sé möguleg þá séu jarðfræðilegar aðstæður erfiðar og raunhæfur kostnaður við göngin ekki minni en 40 milljarðar.

Árni Johnsen, sem beitt sér hefur fyrir því að ráðist verði í jarðgangagerð til Eyja, vildi ekki tjá sig um starf hópsins að svo stöddu en taldi mikið við það að athuga. **- mh**



**LÍKAN AÐ BAKKAFJÖRU** Sturla Böðvarsson samgönguráðherra sést hér fjarstýra litlum báti inn í líkan að Bakkafjöru. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

www.toyota.is

# VIÐ SELJUM BARA BLÁA OG GULA BÍLA!

## BNB sölugreining

**Flest treystum við á leiðsögn annarra þegar kemur að kaupum á notuðum bíl. Við hjá Betri notuðum bílum boðum því nýja siði til að gera bílakaupin öruggari og einfaldari: BNB sölugreiningu.**
Fagmenn okkar framkvæma ítarlega greiningu á öllum bílum sem koma til greina í sölu. Þeir þurfa að ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur m.a. mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

### Úrvalsbíll

**Er í verksmiðjuábyrgð. 12 mánaða viðbótarábyrgð*:**

- Ef bíllinn bilar þá sjáum við um að láta gera við hann
- Við lánum þér annan bíl á meðan
- Við tökum umframábyrgð á bremsuhlutum (sliti)
- 14 daga skiptiréttur
- Neyðarsími

### Gæðabíll

**Er ekki í verksmiðjuábyrgð. 3 mánaða viðbótarábyrgð*:**

- Vélbúnaðar
- Rafbúnaðar
- Drifbúnaðar
- Hemlakerfis
- Fjöðrunarbúnaðar
- Stýrisbúnaðar

**Veldu aðeins Úrvalsbíl eða Gæðabíl og við ábyrgjumst betri notaðan bíl, hvorn kostinn sem þú velur.
Þú mátt treysta því.**

*Ábyrgðarskilmála má nálgast hjá BNB Nýbýlavegi og umboðsmönnum Toyota

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstöðum
Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 30815 06/2006

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 19.6.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 74,93 | 75,29 |
| Sterlingspund | 138,2 | 138,88 |
| Evra | 94,24 | 94,76 |
| Dönsk króna | 12,639 | 12,713 |
| Norsk króna | 12,004 | 12,074 |
| Sænsk króna | 10,147 | 10,207 |
| Japanskt jen | 0,6479 | 0,6517 |
| SDR | 110,35 | 111,01 |

*Gengisvísitala krónunnar*
130,9102

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kvenréttindadagurinn var í gær undir yfirskriftinni „Málum bæinn bleikan“:

# Fjölmiðlar hvattir til að gera betur

**KVENRÉTTINDI** Kvenréttindadagurinn var haldinn hátíðlegur í gær en þá var 91 ár liðið frá því konur fengu kosningarétt á Íslandi. Þetta er í þriðja sinn sem dagurinn er haldinn undir formerkjunum „Málum bæinn bleikan,“ en þá er fólk hvatt til að bera eitthvað bleikt til þess að vekja athygli á jafnrétti.

Aðstandendur dagsins veittu fjölmiðlum hvatningarverðlaun þar sem fjölmiðlar eru hvattir til þess að gera betur. Þær Marín Þórsdóttir og Sif Traustadóttir félagar í Femínistafélagi Íslands sögðu að verðlaunin, sem er bleikur steinn, væri áminning fyrir fjölmiðla. „Hugsunin með þessu er að þeir sem fá verðlaunin hafi steininn uppivið og hann minni þá á að hafa jafnrétti að leiðarljósi,“ segir Sif og Marín bætir við að „bleiki liturinn er náttúrulega litur femínistans þannig að sjálfsögðu er hann bleikur.“

Í tilefni dagsins var boðið upp á veglega dagskrá, meðal annars fyrirlestur í Háskóla Íslands þar sem fjallað var um hvarf kvenna úr vísindum, tónleika, og kvennamessu. Þær segja að dagurinn hafi tekist mjög vel undanfarin ár og eru ánægðar með hversu margir klæddust bleiku í tilefni dagsins.

Að lokum hvetja þær fólk til þess að mála bæinn bleikan alla daga.

**- gþg**



**HVATNINGARVERÐLAUNIN AFHENT** Femínistar afhenda Sigurjóni M. Egilssyni, fréttaritstjóra Fréttablaðsins, hvatningarverðlaunin, f.v. Katrín Anna Guðmundsdóttir, Gísli Hrafn Atlason, Ásta Lilja Heimisdóttir, Sif Traustadóttir og Marín Þórsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Farsímakerfi á hringveginum:

## 400 kílómetrar án sambands

**FJARSKIPTI** Forval vegna framkvæmda við áframhaldandi uppbyggingu á gsm farsímakerfinu á hringveginum og fimm fjallvegum var kynnt í gær á Evrópska efnahagssvæðinu. Verkefnið er liður í fjarskiptaáætlun 2005 til 2010.

Um fjögur hundruð kílómetra kafli á hringveginum er án gsm-sambands í dag. Þessir vegakaflar eru allt frá rúmum fjórum kílómetrum upp í yfir níutíu kílómetra.

Hluta af söluandvirði Símans, 2,5 milljörðum króna, verður varið í að hrinda þessari áætlun í framkvæmd og er gsm útboðið fyrsta verkefni fjarskiptasjóðs.

**- sdg**



**NORÐUR-KÓRESK FLUGSKEYTI** Myndin er tekin á sýningu í Seúl í Suður-Kóreu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Norður-kóresk flugskeyti:

## Ná alla leið til Bandaríkjanna

**WASHINGTON, AP** Norður-Kóreumönnum hefur tekist að fylla langdrægt flugskeyti af eldsneyti. Flugskeytið er nógu langdrægt til að ná til Bandaríkjanna, og ýmislegt þykir benda til þess að Norður-Kóreumenn hyggist gera tilraunir með skeytið á næstunni.

Þessu heldur bandarískur embættismaður fram, en hann vill þó ekki láta nafns síns getið. Tony Snow, talsmaður Hvíta hússins, segist vonast til þess að Norður-Kóreumenn standi við yfirlýsingar um að engar tilraunir verði gerðar.

**- gb**



**STEFNT AÐ SJÁLFBÆRUM VEIÐUM** Nýi sjóðurinn á að stuðla að því að veiðigeta flota ESB-ríkja minnki niður í sjálfbært umfang. NORDICPHOTOS/AFP

# Sátt um milljarðasjóð

**Sjávarútvegsráðherrar ESB hafa náð samkomulagi um sjóð sem á að veita andvirði 360 milljarða króna til að stuðla að sjálfbærum fiskveiðum í lögsögu ESB.**

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Sjávarútvegsráðherrar Evrópusambandslandanna náðu loks samkomulagi í gær um nýjan þróunarsjóð, sem á að veita allt að 3,8 milljörðum evra, andvirði um 360 milljarða króna, til að stuðla að sjálfbærum fiskveiðum og tengdri starfsemi á árabilinu 2007-2013.

Sjóðurinn er hluti af atvinnu- og þróunarstyrkjakerfi ESB, en samkomulag um fjármögnun þess fyrir tímabilið 2007-2013 náðist nýlega. Deilur um úthlutunarreglur úr sjóðnum höfðu staðið í tvö ár.

Meginmarkmið sjóðsins er að draga úr veiðigetu í lögsögu ESB. „Það verður að minnka fiskveiðiflotann ef við eigum að komast nær markmiðinu um sjálfbærar fiskveiðar,“ sagði Joe Borg, sem fer með sjávarútvegsmál í framkvæmdastjórn ESB, eftir niðurstaða ráðherrafundarins lá fyrir.

Bretar, Þjóðverjar, Danir, Svíar og Hollendingar höfðu fram til þessa ekki viljað fallast á reglurnar sem gilda eiga um sjóðinn vegna ákvæða sem fyrirhuguð voru um niðurgreiðslur til endurnýjunar á vélum í fiskiskipum. Borg sagði að málamiðlun hefði náðst um að niðurgreiðslur skyldu leyfðar fyrir báta undir tólf metrum á lengd. Stærri bátar geta líka notið slíkra styrkja ef þeir um leið minnka veiðigetuna um tuttugu prósent, að sögn Borg.

Rétt til greiðslna úr sjóðnum eiga líka útgerðarmenn sem koma sér upp vistvænni veiðibúnaði og sjómenn sem láta af störfum í greininni áður en þeir ná eftirlaunaaldri, svo dæmi séu nefnd.

Talsmenn náttúruverndarsamtaka voru ekki sáttir. „Það er ekki ljóst hvernig á að vera mögulegt að gera sjávarútveginn bæði samkeppnishæfari og sjálfbæran með því að niðurgreiða starfsemi sem skaðar vistkerfið í sjónum,“ hefur AP eftir Markus Knigge, talsmanni samtakanna World Wildlife Fund.

Látlaus ofveiði hefur verið á helstu fiskistofnum í lögsögu aðildarríkja ESB á undanförnum árum. Alvarlegast er ástandið í Norðursjónum.

**audunn@frettabladid.is**

Bechtel veitir öryggisverðlaun:

## Íslenskt fyrirtæki valið

**ATVINNUMÁL** Íslenska þjónustufyrirtækið InPro ehf. hefur verið valið öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisteymi ársins innan verktakafyrirtækisins Bechtel Inc. og allra dótturfélaga þess. Bechtel er helst þekkt fyrir að standa að byggingu álversins við Reyðarfjörð, en fyrirtækið er eitt það stærsta sinnar tegundar með um sjötíu þúsund starfsmenn um allan heim.

Þessi verðlaun eru nú veitt undirverktaka í fyrsta sinn í yfir hundrað ára sögu fyrirtækisins. InPro sér meðal annars um öryggisstjórnun, starfsmannaheilsugæslu og eldvarnir fyrir Bechtel á Austurlandi.

**- sþs**



**ÁTÖK** Skyndiáhlaup lögreglu á Norður-Írlandi beindist gegn arftökum IRA.

Lögreglan á Norður-Írlandi:

## Stórátak gegn arftökum IRA

**BELFAST, AP** Lögreglan á Norður-Írlandi gerði skyndiáhlaup á nokkur fyrirtæki og húsleit á heimilum grunaðra andófsmanna í gær.

Andófsmennirnir eru fyrrum fylgismenn IRA, Írska lýðveldishersins, en eftir að þau samtök drógu í land með vopnaða baráttu sína hafa orðið til sprotahreyfingar eins og „Hið raunverulega IRA“ og „Framhald IRA.“

Þessar hreyfingar og ýmsir vopnaðir hópar eru taldir bera ábyrgð á allt að 75 prósentum glæpa á Norður-Írlandi.

**- kóþ**




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VÆTAN VÖKVAR** Það gengur úrkomusvæði yfir landið í dag og raunar er það svo að búast má við vætu allvíða þó í mismiklum mæli sé. Úrkoman verður einna mest suðaustan til í fyrstu en færir sig svo með Suðurlandinu og yfir á landið vestanvert þegar líður á daginn. Það verður að líkindum úrkomulítið á Norðausturlandi en ekki er endilega að víst hann hangi alveg þurr.

**HORFUR FYRIR HÖFUÐBORGINA** Norðan 5-8 m/s. Lítilsháttar rigning í fyrstu en síðan talsverð væta. Hiti 11-13 stig í dag.

*um hádegi »*




*» á morgun*




10-15 við austurströndina, annars mun hægari.

*» fimmtudagur*




Hæglætisveður.

*um hádegi »*

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 21°C | heiðskírt | London | 19°C hálfskýjað | | Alicante | 27°C léttskýjað |
| Billund | 19°C | hálfskýjað | París | 20°C hálfskýjað | | Mallorca | 24°C alskýjað |
| Osló | 18°C | skúrir | Frankfurt | 22°C rigning | | Algarve | 29°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 20°C | hálfskýjað | Friedrichshafen | 27°C skúrir | | Krít | 25¨C heiðskírt |
| Gautaborg | 18°C | heiðskírt | Berlín | 28°C skúrir | | Las Palmas | 23°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.




# Salan er hafin

**Við höldum gæðunum frá því í fyrra en lækkum verðið!
Kynntu þér tilboðin okkar og frábæra gistimöguleika.**

## Barbacan Sol
2. jan. í viku – með því allra besta

**72.280 kr.**

á mann m.v. 2 í íbúð m/1 svefnherb.
Morgunverður innifalinn.

## Las Camelias
2. jan. í viku – vinsælasta gistingin

**48.155 kr.**

á mann m.v. 2 í íbúð m/1 svefnherb.

## Bahia Meloneras smáhýsi
2. jan. í viku – tilvalið fyrir fjölskyldur

**62.169 kr.**

á mann m.v. 2 í smáhýsi.

## Jól á Bahia Meloneras
20. des. í 9 nætur – bestu jólin!

**79.450 kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í smáhýsi.

**Gististaðir Úrvals-Útsýnar á Kanaríeyjum**
- Parque Tropical
- Riu Don Miguel
- Barbacan Sol
- Las Camelias
- Las Margaritas
- Vista Flor smáhýsi
- Cay Beach Princess smáhýsi
- Bahia Meloneras smáhýsi
- Gran Villa Del Conde
- Beach Club
- Marina Suites
- Gloria Palace
- Tabaiba Princess
- Costa Meloneras

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð m.v. að bókað sé á netinu.
Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis bætist við 2.000 kr. bókunar- og þjónustugjald á mann.

VISA

Færð þú MasterCard ferðaávísun?

Fáðu ferðatilhögun, nánari upplýsingar um gististaðina og reiknaðu út ferðakostnaðinn á netinu!

www.urvalutsyn.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS URV 33141 06/2006



## KJÖRKASSINN

*Ætlarðu að kaupa nýjan bíl á árinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 19,7% |
| Nei | 80,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Finnst þér rétt að fresta byggingu tónlistarhúss til þess að minnka ríkisútgjöld?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is vísir

Aðalmeðferð í máli Sigurðar Ó. Helgasonar gegn FL Group fór fram í gær:

# Krefst leiðréttra eftirlauna

**DÓMSMÁL** Sigurður Ó. Helgason, fyrrverandi forstjóri Flugleiða, krefst þess að kaupréttarsamningar átta hæst launuðu starfsmanna Flugleiða teljist til útreiknaðra launa, en samningur sem Sigurður gerði við Flugleiði árið 1977 gerði ráð fyrir því að eftirlaun hans tækju mið af meðaltalslaunum átta hæst launuðu starfsmanna Flugleiða.

Að auki krefst Sigurður þess að eftirlaun hans skuli reiknuð út með hliðsjón af kaupréttarsamningum sem átta hæst launuðu starfsmenn Flugleiða fengu.

Lögmaður FL Group, Arnar Þór Jónsson, krafðist sýknunar af kröfum Sigurðar auk greiðslu málskostnaðar.

Lögmenn deildu um það fyrir dómi hvort kaupréttarsamningar gætu talist til almennra launa. Arnar Þór hélt því fram að valkvæði í kaupréttarsamningunum, það er að starfsmenn hafi val um það hvort þeir nýti sér kaupréttarsamningana, komi í veg fyrir að hægt sé að líta á þá sem hefðbundin laun. Grímur Sigurðsson, lögmaður Sigurðar, hélt því hins vegar fram að kaupréttarsamningar teldust til launa á sama hátt og ábótagreiðslur, sem sérstaklega eru tilgreindar í samningi Sigurðar.



**FRÁ AÐALMEÐFERÐ** Lögmenn Sigurðar og FL Group deildu um kaupréttarsamninga fyrir dómi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dómur verður kveðinn upp í málinu 7.júlí. **- mh**

Hjólað til góðs:

## Tvær milljónir söfnuðust

**LÍKNARMÁL** Hjólreiðagarparnir sem hjóluðu hringinn í kringum landið á dögunum til styrktar langveikum börnum, afhentu Umhyggju, regnhlífarsamtökum aðstandenda langveikra barna, afraksturinn í gær.

Alls söfnuðust rúmlega tvær milljónir króna í hjólatúrnum, en fólk getur enn lagt sitt af mörkum til söfnunarinnar með því að leggja inn á reikning.

Það var Ragna K. Marínósdóttir, framkvæmdastjóri Umhyggju, sem tók við milljónunum tveimur úr hendi Sigmundar Eyþórssonar, slökkvistjóra og forsvarsmanns hjólahópsins við hátíðlega athöfn í gær. **- æþe**



**GAMAN AÐ LEIKA** Leikskólabörn á Hofi við Gullteig.

Sex leikvellir teknir til starfa:

## ÍTR starfrækir barnagæslu

**BARNAGÆSLA** Nú eru sex leikvellir teknir til starfa í hverfum Reykjavíkurborgar. ÍTR hefur tekið við rekstri þessara leikvalla sem byggja á rótgrónu starfi vallanna sem fyrir voru. Leikvellirnir eru ætlaðir börnum á aldrinum tveggja til sex ára til þroskavænlegra útileikja í öruggu umhverfi. Daglegur opnunartími verður frá 9 til 12 og 13 til 16.30 og verða vellirnir starfræktir til átjánda ágúst. Ætlast er til að börnum sé fylgt á milli leikvallar og heimilis og að þau séu sótt. Gjaldskrá leikvallanna er eitthundrað krónur fyrir hverja heimsókn. **-hs**

### BRETLAND

**Uppskrift að langlífi** Nítíu og átta ára kona í Wales útskýrir langlífi sitt með einhæfu mataræði, en hún hefur starfað við að framreiða steiktan fisk og franskar kartöflur í áttatíu ár. Hún segist aldrei snæða aðra fæðu og alls ekki grænmeti.

# Færeyskur togari staðinn að ólöglegum veiðum

**Fjórir menn af varðskipinu Óðni réðust um borð í færeyskan togara í fyrrakvöld. Togarinn var í íslenskri lögsögu án heimildar og hundsaði fyrirmæli um að stöðva ferðina. Færeyska skipstjóranum brá þegar varðskipsmenn stukku um borð. Yfirmaður hjá Gæslunni segir slíkar uppgöngur mjög hættulegar.**

**LANDHELGISGÆSLAN** Varðskipið Óðinn greip togarann Sancy TG-519 sautján mílur inni í íslenskri efnahagslögsögu austur af landinu á sunnudagskvöld. Ekki hafði verið tilkynnt um ferðir skipsins til Landhelgisgæslunnar eins og krafist er í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í landhelgi Íslands.

Sancy er ekki með veiðileyfi í íslenskri lögsögu auk þess sem skipið var með slökkt á fjareftirlitsbúnaði. Þar að auki hundsaði skipstjóri togarans fyrirmæli skipherra varðskipsins um að stöðva ferðina, en skipherrann beitti bæði ljós- og kallmerkjum margoft. Það var því gripið til þess ráðs að fara um borð í togarann á ferð, sem Halldór B. Nellet, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs Gæslunnar, segir mjög hættulegt. „Það er ekki hættulaust að príla upp í skip á fullri ferð á úthafinu. Við höfum hvolft bát við svona aðgerð og þá var skipið á mun minni ferð.“ Sancy var á níu sjómílna hraða við uppgönguna.

Fjórir skipverjar Óðins fóru á gúmmíbát út í togarann, sem stöðvaði ekki fyrr en tveir mannanna voru komnir um borð. Sigurður Steinar Ketilsson, skipverji á Óðni, segir skipstjóra togarans hafa verið með háðsglott á vör þegar hann sá bátinn nálgast. „En honum brá heldur betur í brún þegar fyrsti maðurinn stökk um borð,“ sagði Steinar.

TF-SIF flaug með tvo stýrimenn austur á fimmta tímanum um nóttina sem leystu hina af og stýrðu togaranum til hafnar á Eskifirði. Við komuna fóru lögreglumenn um borð í togarann og yfirheyrðu skipstjórann. Skipstjórinn mun ekki hafa getað gefið almennilegar skýringar á ferðum sínum og þykir hegðunin vægast sagt grunsamleg.



**Á LEIÐ UM BORÐ** Hér sjást skipverjar Óðins á leið um borð í Sancy á sunnudagskvöld.

Færeyingar hafa í nokkurn tíma verið grunaðir um ólöglegar fiskveiðar á Íslandsmiðum. Skemmst er að minnast þess þegar Landhelgisgæslan stóð færeyskan togara að meintum ólöglegum veiðum í íslenskri lögsögu í janúar síðastliðnum. Það mál er nú í rannsókn hjá Ríkissaksóknara.



**SANCY** Hér sést færeyski togarinn skömmu áður en hann kom til hafnar í Eskifirði.

Óðinn var á staðnum fyrir tilviljun en skipið var í sinni síðustu sjóferð á leið í kurteisisheimsókn til Bretlands. Þar átti að minnast breskra og íslenskra sjómanna sem drukknað hafa á Íslandsmiðum. Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar, var meðal skipverja á Óðni og stefnan var tekin á Bretland að nýju í gær eftir að áhafnarmeðlimirnir höfðu skilað sér aftur úr togaranum. **stigur@frettabladid.is**


LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA
1956-2006 vöxtur og velgengni í 50 ár

## Sjóðfélagafundur

Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna boðar hér með til sjóðfélagafundar, sem haldinn verður þriðjudaginn 20. júní nk. kl. 17 á Grand Hóteli, Sigtúni 38, Reykjavík.

**Dagskrá fundarins:**
Gerð grein fyrir tillögu stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins.

Sjóðfélagar og lífeyrisþegar sjóðsins eiga rétt til setu á fundinum. Tillaga stjórnar liggur frammi á skrifstofu sjóðsins auk þess sem hægt er að nálgast hana á heimasíðu sjóðsins www.live.is.

*Reykjavík 16. maí 2006*
*Stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna*

**Sími: 580 4000 • Netfang: skrifstofa@live.is**




**GRUPO CORPO** Fékk mjög góða aðsókn á Listahátíð í vor ásamt Anders Widmark og Miriam Makeba.

Listahátíð í Reykjavík er lokið:

# Miðar seldust fyrir nærri 30 milljónir

**MENNING** Listahátíð lauk nú í byrjun júní en hún stóð í þrjár vikur. Þórunn Sigurðardóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar, segir hátíðina hafa komið ágætlega út í miðasölu en bendir á að aðstæður í vor hafi verið erfiðar. „Við vorum búin að sjá það fyrir, þess vegna var þessi hátíð á ýmsan hátt ólík öðrum hátíðum, þetta var ekki klassísk stórstjörnuhátíð ef svo má segja,“ segir Þórunn, en íslenska framlagið var stórt í ár.

Endanlegar tölur liggja ekki fyrir þar sem að um helmingur af viðburðum Listahátíðar eru á vegum annarra og tekjur af þeirri miðasölu renna ekki til hátíðarinnar sjálfrar.

Þórunn segir að ársvelta Listahátíðar hafi verið um 120 milljónir króna og þar af hafi tekjur af miðasölu verið nálægt þrjátíu milljónum. Ríkið og Reykjavíkurborg styrkja hátíðina um 33 milljónir hvor og um þrjátíu milljónir koma frá fyrirtækjum í samstarfi við hátíðina.

„Almennt var miðasalan góð og að mörgum viðburðum talsvert betri en við höfðum reiknað með,“ segir Þórunn en veltan var álíka og hefur verið.

Mikið framboð af ýmiss konar viðburðum og gengisfelling krónunnar á fyrri hluta árs gerði aðstandendum Listahátíðar erfitt fyrir en Þórunn segist mjög ánægð með að hafa ekki tapað á hátíðinni. Hún segir að engar tvær hátíðir séu eins og að næsta hátíð verði allt öðruvísi. **- gbg**

Kafarar vinna í skipsflaki:

## Fjarlægja fallbyssu El Grillo

**SEYÐISFJÖRÐUR** Hópur kafara vinnur nú að því að koma á þurrt stærstu fallbyssu El Grillo, skipsins sem liggur á botni Seyðisfjarðar.

Fyrir tveimur árum fjarlægðu kafarar hlaup og fót fallbyssunnar en nú er komið að botnplötunni sem er um metri í þvermál og tíu sentimetrar á þykkt.

Umhverfisráðuneytið stóð fyrir hreinsun á olíu úr skipinu fyrir nokkrum árum en ekki var talið öruggt að með því hafi verið komið í veg fyrir allan leka úr skipinu.

Að sögn kafara sem vinna nú við flakið hafa þeir ekki komið auga á neinn leka. **- sdg**

### DANMÖRK

**Skotárás** Lögreglan í Kaupmannahöfn skaut mann til bana í gær, eftir að æði rann á hann í söluturni, þar sem hann braut allt og bramlaði með barefli. Ekki er vitað hver maðurinn var. Opinber rannsókn er hafin á atburðinum.

### BANDARÍKIN

**Zoellick á förum** Robert Zoellick, varautanríkisráðherra Bandaríkjanna, hefur ákveðið að segja af sér, að því er utanríkisráðherrann Condoleezza Rice greindi frá í gær. Hann hyggst að eigin sögn ganga til liðs við Wall Street-fjármálafyrirtækið Goldman Sachs.




# Sænsku gæða garðhúsgögnin eru komin!

afar vönduð sænsk KWA garðhúsgögn úr gagnvörðum við













Afar þægileg og endingargóð garðhúsgögn á veröndina, svalirnar, sumarbústaðinn eða sólstofuna - 25 ára reynsla á Íslandi







**www.valhusgogn.is**

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með
nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!

Opið virka daga 10-18 Laugardaga 11-16

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581 2275 ■ 568 5375



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hvað heitir talskona Femínistafélags Íslands?

2 Hver er landsliðsþjálfari íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu?

3 Hvaða samtök fara með stjórn Palestínu?

SVÖR Á BLS. 38

Bónus selur þorsk sem er fluttur hingað frá Svíþjóð:

# Bónus býður erlendan þorsk

**VERSLUN** Bónus hefur hafið innflutning á innfluttum þorski og tekið til sölu í verslunum sínum. Fiskurinn berst hingað til lands í umbúðum frá Euro Shopper.

Að sögn Guðmundar Marteinssonar, framkvæmdastjóra Bónuss, hefur verslunin haft í sölu laxasneiðar og fiskifingur frá Euro Shopper í töluverðan tíma, sem hafi reynst vel og vegna afar hagstæðs innkaupsverð hafi verið ákveðið að kaupa umræddan þorsk inn líka. „Þetta er einfaldlega hluti af þessari Euro Shopper-línu sem hefur reynst vel,“ segir Guðmundur.

Guðmundur segir söluna á fiskinum hafa gengið vonum framar og að áframhald verði á innflutningnum. „Við höfum verið að flytja inn Euro Shopper-vörur með góðum árangri og þessi þorskur sem berst hingað inn í gegnum Svíþjóð hefur selst vel,“ segir Guðmundur.

Guðmundur segist ekki geta gefið upp hverju muni á verðinu hér á landi og því sem hann fær þorskinn á frá Svíþjóð, nema að töluvert beri á milli. - æþe



**ÚTLENSKUR ÞORSKUR** Starfsmaður Bónus með þorskinn góða. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Tæplega tvítug stúlka slösuð:

## Valt 50 metra niður brekku

**SLYS** Stúlka á tvítugsaldri slasaðist alvarlega þegar hún missti stjórn á bíl sínum í krappri beygju á Fjarðarheiði í gærmorgun.

Bíllinn valt um 50 metra niður aflíðandi brekku og staðnæmdist 12 metra neðan vegarins, samkvæmt lögreglunni á Egilsstöðum.

Stúlkan var ein í bílnum og var flutt með sjúkraflugi til Reykjavíkur á Landspítalann í Fossvogi. Hún hlaut höfuðáverka og innvortis meiðsl en er ekki talin í lífshættu.

Stúlkan liggur á gjörgæslu og er undir eftirliti. - sh




ÚTSALA ÚTSALA
40 – 60% afsláttur
Meiri verðlækkun

| Dæmi um verð. | Áður. | Núna. |
|---|---|---|
| Jakkapeysa | 6.700.- | 2.900.- |
| Hekluð peysa | 6.900.- | 2.900.- |
| Vafin peysa | 5.900.- | 2.900.- |
| Pólóbolur | 3.300.- | 1.900.- |
| Stutterma bolur m/mynd | 3.900.- | 1.900.- |
| Langerma bolur | 3.900.- | 1.900.- |
| Stutterma skyrta | 3.900.- | 1.900.- |
| Ermalaus skyrta | 3.500.- | 1.900.- |
| Tunika m/bróderí | 4.900 | 2.900.- |
| Teinóttur jakki | 7.400.- | 2.900.- |
| Renndur jakki | 7.600.- | 2.900.- |
| Hörkjóll | 4.600.- | 2.900.- |
| Gallapils | 6.900.- | 1.900.- |
| Sítt pis | 4.900.- | 1.900.- |
| Hörbuxur | 7.900.- | 4.900.- |
| Gallabuxur | 7.900.- | 3.900.- |

Tveir fyrir einn tilboð á eldri fatnaði
Þú greiðir kr 990 og færð aðra flík frítt
Opið 10:00 – 18:00 www.friendtex.is
friendtex
Síðumúla 13 • Sími 568-2870




**HVALUR** Hvalveiðar hafa um áratugaskeið verið umdeildar á heimsvísu. Í fyrsta skipti í meira en tvo áratugi náðist meirihluti á ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins fyrir sjálfbærum veiðum í atvinnuskyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sjálfbærar veiðar leyfðar

**Ársfundur Alþjóðahvalveiðiráðsins hefur samþykkt að leyfa sjálfbærar hvalveiðar í atvinnuskyni.**

**HVALVEIÐAR** Ársfundur Alþjóðahvalveiðiráðsins samþykkti tillögu japönsku sendinefndarinnar um að nýta megi hvalastofna með sjálfbærum hætti á grunni vísindaráðgjafar. Þetta var 58. ársþing Alþjóðahvalveiðiráðsins sem haldið var á Sankti Kitts og Nevis í Karíbahafinu. Að auki segir í yfirlýsingunni að bann við hvalveiðum í atvinnuskyni sé óþarft.

Þetta er í fyrsta skipti sem meirihluti Alþjóðahvalveiðiráðsins samþykkir ályktun til stuðnings sjálfbærum hvalveiðum í atvinnuskyni.

Í íslensku sendinefndinni eru Ásta Einarsdóttir, Gísli Víkingsson og Stefán Ásmundsson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir samþykktina marka tímamót í sögu Alþjóðahvalveiðiráðsins. „Þetta er mikilvæg stefnumótun í stjórnmálalegu tilliti og í fyrsta skipti í mörg ár sem meirihluti Alþjóðahvalveiðiráðsins lýsir yfir stuðningi við sjálfbærar hvalveiðar í atvinnuskyni, með meirihluta atkvæða á bak við sig. Að mínu mati eru þetta mikil tíðindi þar sem um kúvendingu er að ræða af hálfu Alþjóðahvalveiðiráðsins.“

Alþjóðahvalveiðiráðið hefur til þessa verið á móti hvalveiðum. Þrátt fyrir samþykkt ársfundarins, geta þjóðir sem eiga aðild að ráðinu ekki úthlutað kvóta til veiða þar sem þrjá fjórðu hluta greiddra atkvæða þarf því til samþykkis.

Flestar þjóðanna sem samþykktu veiðarnar eru við vesturströnd Afríku og í Karíbahafinu en þrjú Evrópuríki samþykktu veiðarnar, Noregur, Ísland og Rússland.

Einar segir umræðuna innan Alþjóðahvalveiðiráðsins oft vera skrautlega. „Öll ríkin sem samþykktu veiðarnar hafa rétt til þess að taka þátt í Alþjóðahvalveiðiráðinu samkvæmt þeirra eigin lögum. Í hópi andstæðinga hvalveiða eru þjóðir sem af hreinum trúarástæðum eru á móti hvalveiðum, eins og Ástralar. Á heilabú þeirra virka engin rök, það hefur margsannast. En á meðan þessi samþykkt er í gildi hljóta þeir sem hingað til hafa skýlt sér á bak við það að Alþjóðahvalveiðiráðið sé á móti hvalveiðum, að hlusta á sjónarmið hvalveiðiþjóða þann tíma sem samþykktin gildir.“

magnush@frettabladid.is

**LÖND SEM SAMÞYKKTU**

St. Kitts og Nevis, Antigua og Barbúda, Benín, Kambódía, Kamerún, Dominica, Gabon, Gambía, Grenada, Gínea, Ísland, Japan, Kiribati, Malí, Marshall eyjar, Fílabeinsströndin, Máritanía, Mongolía, Marokkó, Nauru, Níkaragva, Noregur, Palau, Rússland, St. Lucia, St. Vincent og Grenadines, Salómon eyjar, Súrínam, Tógó, Tuvalu.


Getur verið að þú sért með ofnæmi?

Byrjar þú að hnerra um leið og allt fer að lifna við á vorin?
Þannig er um marga án þess að þeir átti sig á því að um ofnæmi geti verið að ræða.




Lóritín og Histasín fást án lyfseðils

20% afsláttur
dagana 16 - 20 júní

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Það er engin ástæða til að láta sér líða illa á besta tíma ársins.
Komdu og fáðu ráðgjöf hjá okkur.

Lyf & heilsa
Við hlustum!

Lóritín 10 mg töflur. Hver tafla inniheldur 10 mg Loratadin. Notkunarsvið: Lóritín inniheldur virka efnið lóratadín sem hefur kröftuga og langvarandi verkun við algengustu tegundum ofnæmis. Lyfið er ætlað við frjókorna- og dýraofnæmi, sem og ofnæmi af völdum rykmaura. Varúðarreglur: Gæta þarf sérstakrar varúðar hjá börnum með alvarlega nýrna- og lifrarsjúkdóma. Sjúklingar með skerta lifrarstarfsemi þurfa minni skammta. Aukaverkanir: Lóritín þolist yfirleitt vel en algengustu aukaverkanirnar eru munnþurrkur og höfuðverkur. Svimi getur einnig komið fyrir. Skömmtun: Ein tafla af Lórítíni er tekin daglega. Börnum 2–14 ára sem eru undir 30 kg að þyngd nægir hálf tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2ja ára. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.04

Histasín 10 mg töflur. Hver tafla inniheldur 10 mg Cetirizín. Notkunarsvið: Histasín er ofnæmislyf. Histasín virkar gegn öllum algengustu tegundum ofnæmis, svo sem frjóofnæmi og rykofnæmi. Histasín er líka notað við ofnæmisbólgum í nefi og ofnæmiseinkennum eins og útbrotum og kláða. Varúðarreglur: Lyfið getur dregið úr viðbragðsflýti og skal það haft í huga við akstur og nákvæmnisvinnu. Aukaverkanir: Einstaka sinnum veldur lyfið munnþurrki og syfju. Skömmtun: 1 tafla á dag fyrir fullorðna og börn frá 12 ára aldri. Börnum 6–12 ára sem eru undir 30 kg að þyngd nægir hálf tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 6 ára. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.04


Forsætisráðherrar Íslands og Noregs:

## Fögnuðu báðir samþykktinni



**GEIR H. HAARDE** Fagnaði samþykkt hvalveiðiráðsins.

Geir H. Haarde forsætisráðherra og Jen Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, fögnuðu samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins þess efnis að nýta bæri hvalastofna með sjálfbærum hætti á grunni vísindaráðgjafar.

Sumarfundur forsætisráðherra Norðurlandanna var haldinn í gær á Svalbarða.

Ísland og Noregur voru meðal þeirra þjóða sem studdu tillögu Japana sem fól í sér að bann við hvalveiðum væri óþarft.

Á fundinum á Svalbarða ræddu forsætisráðherrarnir meðal annars um fiskveiðiréttindi og réttindi til auðlindanýtingar á Svalbarða. - mh

# Gott úrval af vöðlum og vaðskóm !

## Freestone vöðlusett

Tilboðsverð kr. 28.900,-



SIMMS

Simms Freestone
vöðlur og vaðskór
Fullt verð kr. 34.800,-

## Classic Guide vöðlusett

Tilboðsverð kr. 44.900,-



SIMMS

Simms Classic Guide
vöðlur og vaðskór
Fullt verð kr. 52.800,-

## L2 vöðlusett

Tilboðsverð kr. 37.900,-



SIMMS

Simms L2
vöðlur og vaðskór
Fullt verð kr. 45.800,-

SIMMS

## Classic Guide vöðlujakki



3ja laga Gore Tex jakki
Mjög góð vatnsheldni og útöndun
Stórir brjóstvasar og bakvasi
Verð kr. 34.900,-

## Freestone vöðlujakki



Léttur og góður
Brjóst og hliðarvasar
2.5 TriLam öndunarfilma
Verð kr. 21.900,-

## G3 vöðlujakki



3ja laga Gore Tex XCR jakki
Vatnsheldir rennilásar
Flísfóðraður kragi
Verð kr. 44.900,-

## River-Tek vöðlujakki



3ja laga Gore Tex XCR jakki
Vatnsheldir rennilásar
Flísfóðraður kragi
Verð kr. 39.900,-

## In-Vest vöðlujakki

Léttur og þunnur
2.5 laga öndunarfilma
Verð kr. 13.900,-



Veiðivon

Opnunartími: mán-föst 09-19 og lau 10-16

Mörkinni 6 • 108 Reykjavík • Sími 568-7090 • www.veidivon.is

Bifreiðaeigandi fær bætur fyrir lakkskemmdir:

# Dæmdar skaðabætur vegna sandfoks

**DÓMSMÁL** Verktakafyrirtækið Mest ehf. var dæmt í Héraðsdómi Reykjavíkur til að greiða bifreiðaeiganda skaðabætur upp á 650 þúsund krónur vegna tjóns sem mikið sandrok olli á bifreið hans við Esjurætur.

Tildrög málsins eru þau að stefnandi ók bifreið sinni við Esjuna í miklu hvassviðri, en þegar ekið var fram hjá malarnámu stefnda í Kollafirði hafi mikil og skyndileg vindhviða ollið því að sandur og möl hafi skollið á bifreiðinni, sem ekið var í austurátt, af miklu afli. Við þetta hafi töluverðar lakkskemmdir orðið á vinstri hlið bifreiðarinnar, þaki hennar og vélarhlíf. Þá voru rúður bifreiðarinnar mikið skemmdar, sérstaklega vinstri hlið hennar og framrúða. Þótti sannað að stefndi hefði ekki gert viðeigandi ráðstafanir varðandi frágang og aðbúnað í malarnámunni. Þar til gerður steinveggur hafi ekki veitt það skjól sem honum er ætlað að gera þar sem efni var hrúgað upp að brún hans.

Stefnda var gert að greiða bifreiðaeigandanum 650 þúsund krónur auk 320 þúsund króna í málskostnað. - æþe



**JOSE LUIS RODRIGUEZ ZAPATERO** Forsætisráðherra Spánar var ánægður með úrslit kosninganna í Katalóníu um aukna sjálfsstjórn héraðsins, en spænskir íhaldsmenn óttast afleiðingarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Óttast upplausn á Spáni

**Íhaldsmenn á Spáni gagnrýna sósíalistastjórnina harðlega fyrir að veita Katalóníu aukna sjálfsstjórn.**

**BARCELONA, AP** Ríkisstjórn Spánar sat í gær undir harðri gagnrýni frá spænskum íhaldsmönnum sem óttast að aukin sjálfsstjórn Katalóníuhéraðs leiði til upplausnar á Spáni. Íhaldsmenn segja úrslit kosninganna sýna að Katalóníumenn hafi almennt ekki haft mikinn áhuga á aukinni sjálfsstjórn, heldur hafi krafan um það eingöngu komið frá háværum stjórnmálamönnum.

Þótt nærri þrír af hverjum fjórum kjósendum hafi samþykkt aukna sjálfsstjórn Katalóníuhéraðs í kosningum á sunnudaginn, þá var kosningaþátttakan ekki nema 49 prósent.

Niðurstaða kosninganna er engu að síður bindandi og veitir Katalóníu miklu stærri hlut í skatttekjum og aukin áhrif á flestar pólitískar ákvarðanir sem varða héraðið.

Í sjálfsstjórnarsáttmálanum segir meðal annars að Katalóníumenn líti á sig sem sérstaka þjóð, en það orðalag hefur sérstaklega farið fyrir brjóstið á spænskum íhaldsmönnum sem óttast að fleiri héruð landsins fylgi í kjölfarið og krefjist sjálfsstjórnar.

Mariano Rajoy, leiðtogi Lýðflokksins, stærsta flokks spænskra íhaldsmanna, skorar á Jose Luis Rodriguez Zapatero forsætisráðherra, sem er sósíalisti, að ógilda sáttmálann þar sem hann muni leiða til þess að stjórnskipun Spánar hrynji til grunna.

Jose Montila iðnaðarráðherra segir litla þátttöku í kosningunum hins vegar skýrast af því að skoðanakannanir hafi sýnt fram á afgerandi sigur þeirra sem börðust fyrir sjálfsstjórn héraðsins, þannig að fólki hafi ekki þótt þörf á því að mæta á kjörstað. - gb

Kosningar í Slóvakíu:

# Fico fær umboð

**SLÓVAKÍA, AP** Ivan Gasparovic, forseti Slóvakíu, fól í gær Robert Fico umboð til stjórnarmyndunar í kjölfar kosningasigurs flokks hans, jafnaðarmannaflokksins Smer. Þingkosningar fóru fram í Slóvakíu um helgina.

Ef að líkum lætur verður stjórnarmyndun erfið, þar sem allir hinir flokkarnir sem náðu yfir 5 prósenta fylgisþröskuldinn aðhyllast aðra hugmyndafræði en flokkur Ficos.

Þeir eru ýmist róttækir þjóðernissinnar eða miðju- og íhaldsflokkar sem studdu fráfarandi samsteypustjórn Mikulas Dzurinda. - aa



**FICO OG GASPAROVIC** Ræða stjórnarmyndun í forsetahöllinni í Bratislava. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


# Tilboð á ofnum og handklæðaofnum










RÝMI

Hf. Ofnasmiðjan | Reykjavík | Háteigsvegi 7 | sími: 511 1100

Akureyri | Draupnisgata 4 | sími: 466 3311 | www.rymi.is

FORESTER SUBARU




Forester **2.590.000,-** Forester PLUS **2.790.000,-** Forester LUX **3.050.000,-** SYMMETRICAL AWD

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00.

| Umboðsmenn um land allt | Akureyri 461-2960 | Selfossi 482-3100 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453 |
|---|---|---|---|---|---|

# EITT LÍF – NJÓTUM ÞESS





# HEILSU OG HÆGINDADAGAR
# TILBOÐIN Í FULLUM GANGI!










**Áttu von á gestum? Glæsilegur sýningarsalur okkar er fullur af nýjum svefnsófum – NÚ Á TILBOÐI!**

www.design.is ©2006

# EKKI MISSA AF ÞESSU!!!

**Betra BAK**

**Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18**
**Lokað á laugardögum í júní og júlí**



**BRÚÐARLÍN Í BAGDAD** Þrátt fyrir allan óhugnaðinn í Írak er vinsælla en áður að ganga í hjónaband þar í landi. NORDICPHOTOS/AFP

Ísraelar íhuga breytingar á legu aðskilnaðarmúrsins:

# Minni áhersla á landtöku

**JERÚSALEM, AP** Amir Peretz, utanríkisráðherra Ísraels, hefur ákveðið að staðsetning aðskilnaðarmúrsins, sem Ísraelar eru að reisa milli Vesturbakkans og Ísraels, verði endurskoðuð að hluta til þannig að meira tillit verði tekið til sjónarmiða Palestínumanna.

Peretz, sem er leiðtogi Verkamannaflokksins, segist vilja að lega múrsins taki fyrst og fremst mið af öryggishagsmunum Ísraela en verði ekki notuð til þess að treysta í sessi yfirráð ísraelskra landtökumanna á svæðum innan Vesturbakkans sem tilheyrt hafa Palestínumönnum.

Þá hefur ísraelski þingmaðurinn Otniel Schneller lýst yfir stuðningi sínum við að samið verði við Palestínumenn um að bæjarfélög araba innan landamæra Ísraels verði innan landamæra væntanlegs Palestínuríkis í framtíðinni.

Schneller er helsti höfundur hugmynda Ísraela um endanleg landamæri milli Ísraels og væntanlegs Palestínuríkis, sem ísraelska stjórnin hyggst ákveða um einhliða takist ekki samningar við Palestínumenn.

Aröbum, sem búsettir eru í Ísrael, líst þó flestum engan veginn á þessa hugmynd þar sem þeir líta á sjálfa sig sem ísraelska ríkisborgara og vilja vera það áfram. **- gb**



**GRJÓTKAST** Palestínsk ungmenni stunda það enn að kasta grjóti að ísraelskum hermönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Týndu telpurnar í Belgíu:

# Gæsluvarðhald framlengt

**BELGÍA, AP** Gæsluvarðhald yfir Abdallah Aid Oud var framlengt í gær. Abdallah er í haldi vegna gruns um að hafa rænt tveimur stúlkum, sjö og tíu ára gömlum. Stúlkurnar hafa verið týndar í rúma viku.

Abdallah mun hafa verið í grennd við staðinn þar sem síðast sást til stúlknanna. Hann á sakaferil að baki og hefur nýlega afplánað dóm fyrir að nauðga stúlku undir lögaldri. Hann neitar allri aðild að málinu. Foreldrar stúlknanna hafa einnig verið yfirheyrðir, hvor í sínu lagi, í því skyni að varpa ljósi á rás atburða þann 10. júní, en þá týndust stúlkurnar. **- kóþ**



Vertu á hellu í sumar fyrir
4.092 KRÓNUR Á MÁNUÐI*



Hellur & steinar
FYRIR FEGURRA UMHVERFI

Þegar fjárfesta á í garðinum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim alhliða þjónustu.

Hjá MEST getur þú fengið aðstoð landslagshönnuða við að skipuleggja garðinn þinn. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 550 eða á www.mest.is.

mest – allt til bygginga

VISALán – HAGSTÆÐAR AFBORGANIR
Staðgreiðslu lán

*Forsendur miðast við 60 $m^2$ af Borgarhellum án hellulagnar og jafnar mánaðarlegar greiðslur á VISA eða Mastercard í 36 mánuði. MEST áskilur sér rétt til að breyta verði án fyrirvara. Bretta og pokatrygging endurgreiðist við skil. 8% umsýslugjald þegar skilað er opnuðum hellubrettum.

Malarhöfða 10, Reykjavík | Bæjarflöt 4, Reykjavík | Hringhellu 2, Hafnarfirði | Hrísmýri 8, Selfossi | Leiruvogi 8, Reyðarfirði



**HVALFJARÐARGÖNG** Vel heppnað dæmi um einkaframkvæmd að mati Viðskiptaráðs.

Viðskiptaráð vill einkaframtak í vegagerð:

# Vegaframkvæmdir fari til einkaaðila

**SAMGÖNGUMÁL** Viðskiptaráð vill aukna aðkomu einkaaðila að rekstri samgöngumannvirkja ásamt því sem það bendir á mikilvægi þess að einstaklingsframtak sé nýtt á sem flestum sviðum samfélagsins. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem ráðið sendi frá sér á dögunum. Þar segir að einstaklingsframtak hafi notið sín vel í samgöngumálum, en rekstur og fjármögnun slíkra framkvæmda sé enn á höndum opinberra aðila og því þurfi að breyta.

Hvalfjarðargöng eru dæmi um samgönguframkvæmdir sem voru alfarið í höndum einkaaðila, en þau voru opnuð árið 1998. Kostnaður við gerð þeirra nam 4,6 milljörðum króna og voru þau fjármögnuð af einkaaðilum með láni án ríkisábyrgðar. Rekstur gangnanna hefur gengið mjög vel og lítur út fyrir að þau muni borga sig upp þó nokkuð skemmri tíma en þeim 20 árum sem upphaflega var reiknað með.

Í nýlegu viðtali nefndi samgönguráðherra að við endurskoðun vegaáætlunar ætti að kanna hvort endurbætur á Suðurlandsvegi og Sundabraut mættu vera framkvæmdar af einkaaðilum, og fagnar Viðskiptaráð því. **- sþs**

Komnir úr fríi ...

Eftir stutta fjarveru eru **Havarti, Krydd Havarti og Búri** nú fáanlegir í næstu verslun!




## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Hafnaði á hvolfi** Karlmaður missti stjórn á bíl sínum og velti honum við Sævarhöfða um miðnætti að kvöldi sunnudags. Honum tókst að skríða út úr bílnum en fann fyrir eymslum í baki eftir veltuna og var fluttur á sjúkrahús. Bíllinn er mikið skemmdur.

**Bílvelta við Námaskarð** Bíll valt rétt austan við Námaskarð í Mývatnssveit um áttaleytið í fyrrakvöld. Að sögn lögreglunnar á Húsavík hafnaði bíllinn utan vegar og hlaut ökumaðurinn minni háttar meiðsl. Mikið er um krappar beygjur á veginum þar sem slysið varð.

## ÞÝSKALAND

**Þjófi varð á í messunni** Þjófur stal miða á fótboltaleik í HM úr tösku konu einnar og hugsaði sér gott til glóðarinnar að fá að fylgjast með Austurríki gegn Brasilíu. Þjófurinn mætti síðan galvaskur á leikinn og settist í sætið við hliðina á eiginmanni konunnar, sem var ekki lengi að kalla á laganna verði.

Dæmdur fyrir líkamsárás:

# Stakk mann með glerflösku

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur venesúelskur karlmaður var á föstudag dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness í átján mánaða fangelsi, þar af fimmtán mánuði skilorðsbundna til þriggja ára, fyrir hættulega líkamsárás fyrir utan skemmtistaðinn Traffic í Keflavík í ágúst síðastliðnum.

Maðurinn stakk bandarískan varnarliðsmann nokkrum sinnum í síðuna með brotinni flösku eftir að átök brutust út á milli þeirra. Læknir sagði mikla mildi að ekki fór verr, en varnarliðsmaðurinn slapp án alvarlegra áverka.

Árásarmaðurinn neitaði sök en játaði að hafa lent í átökum við varnarliðsmanninn. **- sh**

Aðalsaksóknari í réttarhöldunum yfir Saddam Hussein lýkur málflutningi sínum:

# Fer fram á að Saddam verði líflátinn

**BAGDAD, AP** Nú hillir undir að réttarhöldunum yfir Saddam Hussein og sjö öðrum sakborningum ljúki í Írak. Í gær flutti sækjandi málsins lokaræðu sína þar sem hann krafðist þess að dauðadómur verði kveðinn upp yfir fyrrverandi leiðtoga landsins og tveimur samherjum hans.

Réttarhöldin hafa staðið yfir í átta mánuði. Að loknum málflutningi sækjanda í gær var þeim frestað til 10. júlí, en þá verður lokamálflutningur verjenda í málinu.

Jaafar al Moussawi aðalsaksóknari dró í gær saman rökstuðning sinn fyrir ákærum á hendur sakborningunum átta og fór fram á dauðadóm yfir Saddam Hussein, hálfbróður hans Barzan Ibrahim, sem var yfirmaður leyniþjónustunnar Mukhabarat, og Taha Yassin Ramadan, fyrrverandi ráðherra.

Réttarhöldin snerust um pyntingar og morð á sjía-múslimum árið 1982 í þorpinu Dujail. Árás var gerð á þorpið skömmu eftir að skotið hafði verið á bílalest Saddams Husseins þegar hann heimsótti þorpið.

Sakborningarnir eru meðal annars ákærðir fyrir að hafa staðið fyrir glæpum gegn mannkyni þegar þeir létu pynta og myrða fjölda óbreyttra borgara í kjölfar árásarinnar. **- gb**



**SAKBORNINGARNIR** Saddam Hussein og félagar hans hlýddu á lokamálflutning saksóknara í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SILFUR HAFSINS** Lítið hefur veiðst af síld undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Síldveiði gengur hægt:

# Enn lítið af síld

**SJÁVARÚTVEGUR** Síldveiði á miðum austanlands hefur gengið hægt síðan á sjómannadaginn. „Það er ennþá ósköp lítið af henni," sagði Aðalsteinn Helgason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar. „Við höfum landað smáræði á Seyðisfirði, en það hefur allt farið í bræðslu. Það er engin mokveiði, en þetta kemur betur í ljós þegar fleiri skip koma á miðin á þessum slóðum."

Veiðin hefur öll verið sett í bræðslu, enda hefur hún veiðst svo norðanlega að ekki hefur annað komið til greina en að bræða hana eftir svo langa siglingu til lands. Ef síldin veiðist nær landi stendur til boða að frysta hana og fer þá mest á erlendan markað.

Aðalsteinn segist engu að síður vera bjartsýnn á veiðina. „Það er nóg af síld, það þarf bara að finna hana." **- sgj**



**NÝNASISTAR Í DANMÖRKU** Síðustu ár hafa nýnasistarnir lítt haft sig í frammi, en minntu aftur á sig í Múhameðsteikningafárinu. NORDICPHOTOS/AFP

„Danmörk fyrir Dani eina":

# Bréfasendingar rannsakaðar

**DANMÖRK, AP** Danska lögreglan hefur til rannsóknar um eitt hundrað hótunarbréf sem hafa verið send útlendingum í landinu á síðustu mánuðum. Í bréfunum eru útlendingarnir hvattir til að yfirgefa landið.

Sumum bréfanna, sem voru stíluð á fólk sem ber erlend eftirnöfn og býr á Norður-Jótlandi, fylgdu ljósmyndir af gengnum foringjum nasista, svo sem Adolf Hitler og Rúdolf Hess. Í bréfunum er minnt á að Danmörk sé „aðeins fyrir Dani."

Jonni Hansen, forystumaður nýnasistaflokksins DNSB, sagðist ekki kannast að hafa sent fjandsamlegan póst til innflytjenda, en sagði að bréfasendingar til útlendinga sem „á kurteislegan hátt hvetja þá til að yfirgefa Danmörku, væru skynsamlegar." **- kóþ**







**Skoðaðu úrvalið af Ford á sóltilboði**








| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ford** Fiesta Trend | **Ford** Fusion Trend | **Ford** Focus Trend | **Ford** Focus C-Max Trend | **Ford** Mondeo Trend | **Ford** Mustang Premium |
| 1,4i 5 dyra 5 gíra* | 1,6i 5 dyra sjálfskiptur* | 1,6i 5 dyra 5 gíra* | 2,0i 5 dyra sjálfskiptur* | 2,0i 5 dyra sjálfskiptur* | 4,0i V6 sjálfskiptur* |
| Sóltilboð 1.570.000 kr. | Sóltilboð 1.770.000 kr. | Sóltilboð 1.995.000 kr. | Sóltilboð 2.390.000 kr. | Sóltilboð 2.390.000 kr. | Sóltilboð 3.290.000 kr. |
| Bílasamningur 19.370 kr. | Bílasamningur 21.830 kr. | Bílasamningur 24.610 kr. | Bílasamningur 29.480 kr. | Bílasamningur 29.480 kr. | Bílasamningur 40.590 kr. |
| Rekstrarleiga 30.500 kr. | Rekstrarleiga 33.900 kr. | Rekstrarleiga 36.400 kr. | Rekstrarleiga 42.600 kr. | Rekstrarleiga 44.700 kr. | |

FORD GT

*Alvöru götustelpur og götustrákar beisla kraftinn með ábyrgð.*






**Ford** Escape GPS Active 4x4
2,3i 5 dyra sjálfskiptur*
Sóltilboð 2.990.000 kr.
Bílasamningur 36.890 kr.
Rekstrarleiga 53.800 kr.



**Ford** Freestyle SEL 4x4
3,0i V6 7 manna sjálfskiptur*
Sóltilboð 3.590.000 kr.
Bílasamningur 44.290 kr.
Rekstrarleiga 59.900 kr.



**Ford** Explorer XLT Sport 4x4
4,0i V6 5 dyra sjálfskiptur*
Sóltilboð 4.490.000 kr.
Bílasamningur 55.400 kr.
Rekstrarleiga 84.300 kr.



**Ford** Expedition Limited 4x4
5,4i V8 8 manna sjálfskiptur*
Sóltilboð 5.690.000 kr.
Bílasamningur 70.200 kr.
Rekstrarleiga 106.300 kr.



**Ford** Ranger XL Crew Cab 4x4
2,5 turbo dísil 5 gíra*
Sóltilboð 2.590.000 kr.
Bílasamningur 31.950 kr.
Rekstrarleiga 47.600 kr.



**Ford** F150 Lariat
SuperCrew 4x4
4 dyra 5,4i V8 sjálfskiptur*
Sóltilboð 3.999.000 kr.
Bílasamningur 49.350 kr.



**Ford** F350 Lariat
Crew Cab 4x4 4 dyra
6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur*
Sóltilboð 4.220.000 kr.
Bílasamningur 52.070 kr.



**Ford** GT
5,4i V8 550 hö 6 gíra*
Sóltilboð 30.150.000 kr.
Bílasamningur 370.000 kr.
Ef rekstrarleiga 568.000 kr.
Rekstrarleiga er sett hér inn til gamans en bíllinn er ekki fáanlegur á rekstrarleigu

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## „ORÐRÉTT“

### Ætlar ekki að selja

**„Orkuveitan verður áfram í eigu borgarinnar og verður ekki seld meðan ég er borgarstjóri.“**

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson um Orkuveitu Reykjavíkur. Fréttablaðið, 19. júní.

### Gleði og glaumur í Fjarðabyggð

**„Það er verið að byggja í öllum byggðarkjörnum hérna. Fólk brosir alveg út að eyrum.“**

Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri í Fjarðabyggð, um uppbygginguna á svæðinu. Fréttablaðið, 18. júní.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** KATRÍN ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR TALSKONA FEMÍNISTAFÉLAGS ÍSLANDS

## Ætlar að nota daginn í kökubakstur

„Það er bara allt bleikt að frétta í dag,“ sagði Katrín Anna Guðmundsdóttir, talskona Femínistafélags Íslands, að morgni kvenréttindadagsins þegar blaðamaður náði af henni tali. „Dagurinn í dag verður notaður til að kynna bleika daginn og baráttuna fyrir jafnrétti. Svo förum við í heimsókn á fjölmiðlana og afhendum bleiku steinana sem er alltaf jafn gaman. Svo er bara að taka þátt í dagskránni það sem eftir lifir dags og ég ætla að reyna að taka þátt í sem flestu enda dagskráin fjölbreytt og spennandi. Til dæmis er mjög áhugaverður fyrirlestur í Háskóla Íslands um brotthvarf kvenna úr vísindum og finnst mér hann einkar viðeigandi á þessum tímum nú þegar háskólinn hefur nýverið verið dæmdur fyrir að ráða ekki hæfustu konuna í starfið,“ segir Katrín Anna.

Næstu daga ætlar Katrín Anna að nota til að safna kröftum. „Það er mikil orka búin að fara í undirbúning þessa dags síðustu vikurnar og þá allra helst síðastu viku sem er búin að vera mjög annasöm.“ Katrín Anna og maðurinn hennar eru að byggja sér hús í Grafarholtinu og segir Katrín að það sé eilífðarverkefni og því verði hvíldin að öllum líkindum skammvinn, þar að auki sé afmæli í vændum.

„Maðurinn minn á afmæli á morgun þannig að ætli ég verði ekki í kökubakstri á morgun svo að hann fái nú eitthvað gott í gogginn á afmælisdaginn,“ segir Katrín Anna og brosir.



**KATRÍN ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR** Talskona Femínistafélags Íslands ætlar að taka lífinu rólega næstu daga eftir kvenréttindadaginn.

## SJÓNARHÓLL

**FRESTUN FRAMKVÆMDA**



HARALDUR FREYR GÍSLASON KENNARASKÓLANEMI OG TROMMARI

### Má fresta öllu í Reykjavík

„Mér finnst mikilvægara að sýna aðhald í fjármálum heldur en að þenja allt út þannig að við fáum ekkert fyrir kaupið okkar,“ segir Haraldur Freyr Gíslason, trommuleikari Botnleðju, um það hvort fresta eigi stórum framkvæmdum vegna ástandsins í efnahagsmálum. „Mér finnst betra að sýna smá fyrirhyggju ef við ætlum ekki að sigla þessari skútu í strand. Ég vil ekki að það verði hérna bullandi verðbólga til þess að við getum fengið tónlistarhús sem við getum alveg verið án.“ Haraldur, sem býr í Hafnarfirði, segist litlar áhyggjur hafa af frestun framkvæmda í Reykjavík.

„Ég bý í Hafnarfirði og reyni sem minnst að fara inn í Reykjavík. Ég hef lítið þangað að sækja. Þeir mega fresta þessum framkvæmdum þar svo framarlega sem þeir fresta ekki neinu í Hafnarfirði. Ég vil reyndar ekki láta stækka álverið í Hafnarfirði þótt ég sé ekkert harður andstæðingur stóriðju. Við megum samt ekki missa okkur í stóriðjuframkvæmdum. Ef það kæmi sér vel fyrir efnahaginn að slá stóriðjuframkvæmdum á frest þá mætti fresta þeim um nokkur ár eða áratugi.“


## Notkun erfðatækni í landbúnaði

Fundur haldinn á vegum Bændasamtaka Íslands, landbúnaðarráðuneytisins og Landbúnaðarháskóla Íslands, með tilvísun til ályktunar búnaðarþings 2005.

Fundarstaður:
Súlnasalur, Radisson SAS Hótel Sögu 21. júní 2006 13.00- 17.00.

**Dagskrá:**

| | |
|---|---|
| 13.00-13.30 | Dr. Ólafur S. Andrésson prófessor, Háskóla Íslands: *Hvað er erfðatækni og hvernig má beita henni?* |
| 13.30-14.10 | Dr. Charles Arntzen, prófessor við the Biodesign Institute at Arizona State University. *Framleiðsla á lífvirkum lyfjum úr plöntum með áherslu á bóluefni.* |
| 14.10-14.30 | Dr. Björn Örvar og Dr. Einar Mäntylä, ORF Líftækni: *Plöntuerfðatækni og íslenskur landbúnaður – Möguleikar og tækifæri* |
| 14.30-14.45 | Kaffi |
| 14.45-15.05 | Dr. Snorri Baldursson, aðstoðarforstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands *Umhverfisleg áhætta í tengslum við ræktun erfðabreyttra plantna á Íslandi.* |
| 15.05-15.45 | Prof. Chris Pollock, forstjóri IGER (Grasræktar- og umhverfisstofnun í Bretlandi) og formaður ráðgjafarnefndar bresku ríkisstjórnarinnar um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið: *Varúðarsjónarmið við ræktun erfðabreyttra plantna – Reglur Evrópusambandsins.* |
| 16.00-17.00 | Fyrirspurnir og pallborðsumræður. |

**Fundarstjóri:** Dr. Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands
**Stjórnandi pallborðsumræðna:** Dr. Ágústa Guðmundsdóttir prófessor, Háskóla Íslands




**STOFNENDUR HJÓLREIÐAFÉLAGSINS** Segja hugmyndina hafa komið til vegna leti. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

# Vilja bæta hjólamenningu

**Þrjár hafnfirskar konur sem nýverið höfðu fjárfest í reiðhjólum ákváðu á vordögum að kanna hug kynsystra sinna í bæjarfélaginu til að stofnunar félagsskaps um hjólreiðar.**

Eiríksína Ásgrímsdóttir, einn stofnenda, segir að hugmyndina að félaginu megi rekja til leti þar sem nýju hjólin hafi staðið nánast óhreyfð í langan tíma og fyrirheitin sem fylgdu kaupum þeirra löngu gleymd. Hvatningu og hópþrýsting þurfi til að koma fólki af stað og viðtökur við félaginu hafa verið frábærar.

„Markmiðið með félaginu er að styrkja og efla hafnfirskar konur, hvetja til útivistar og stofna skemmtilegan félagsskap. Við ætlum að reyna að hafa skipulagðar hjólaferðir einu sinni í viku, halda kynningar- og fyrirlestra og fara í bæjarferðir til Garðabæjar, Álftaness og fleiri staða. Einnig viljum við berjast fyrir bættri hjólreiða- og umferðarmenningu en við erum sérstaklega ánægðar með nýju brúna í Kópavoginum.“

Stofnfundurinn var haldinn í Hellisgerði á kvenréttindadaginn 19. júní og var farið í stutta hjólaferð að honum loknum. Hvetur Eiríksína konur til að koma í félagið með viljann að vopni og tekur hún fram að ekki þurfi að eiga hjól til að vera með. - sþs



**RAUÐI AÐMÍRÁLLINN** Hæglega má þekkja tegundina á sérstöku mynstri á vængjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Aðmíráll heimsækir landið

Ljósmyndari Fréttablaðsins kom auga á þetta fallega fiðrildi við Skarð í Landsveit á dögunum og smellti af því mynd við tækifærið. Tegundin kallast „rauður aðmíráll“ og býr ekki á Íslandi þótt hún komi hér einstaka sinnum í heimsókn yfir sumarið. Tegundina má finna víða um norðurhvel jarðar, suður til Norður-Afríku og frá Síberíu til Alaska.

Fullorðið er dýrið oft mikið flökkudýr og þvælist víða, en aðalfæði þess er blómasafi ýmissa blóma. Lirfan nærist hins vegar eingöngu á jurtum, þá helst brenninetlum. - sþs

# Tjaldað til einnar nætur

Nú þegar sumarið er hafið er ekki úr vegi að skoða þær reglur sem gilda um umgengni í náttúrunni, för manna um eignarland og hvar tjalda má á ferðalagi, en Neytendablaðið gerði nýverið samantekt á þessum reglum.



Lög um náttúruvernd sem tóku gildi í júlí 1999 heimila að tjaldað sé í byggð á óræktuðu landi til einnar nætur, en leita þarf leyfis ef tjöldin eru fleiri en þrjú eða ef landið er ræktað. Í óbyggðum við alfaraleið og utan alfaraleiðar er leyfilegt að tjalda, hvort sem er á þjóðlendu eða eignarlandi, án fjölda- eða tímamarka.

Öllum er leyfilegt að fara gegnum land landeiganda án sérstaks leyfis og dvelja þar, sé það óræktað. Sé landið hins vegar ræktað er förin háð samþykki landeiganda.

Tínsla sveppa, berja og gróðurs er leyfileg á þjóðlendum, en háð leyfi eiganda eignarlands, nema hún sé einungis ætluð til neyslu á staðnum. Veiði á villtum dýrum er hins vegar háð öðrum reglum. Mikilvægast er þó að ganga vel um, aka ekki utan vega og valda ekki tjóni á náttúrunni. - sgj

# Úrval af sófasettum á HM tilboði

# 15-60%
## afsláttur

*Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri*



**TILBOÐ**
**199.990 kr**
Verð áður 236.990,-

Glæsilegur fjögra sæta Relax leðursófi.
Hægt að halla sætum á endum.
Innbyggðir glasahaldarar og geymsluhólf.
Fótaskemill með geymsluhólfi.

Gildir til 26. júní eða á meðan birgðir endast

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## Svona erum við

> Útbreiðsla dagblaða á 1.000 íbúa




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** FEMÍNISTAFÉLAG ÍSLANDS

## *Vilja samfélag án kynjamisréttis*




Kvenréttindadagurinn 19. júní var haldinn hátíðlegur í gær og því er ekki úr vegi að skoða eitt þeirra félaga sem berjast fyrir bættri og breyttri stöðu kvenþjóðarinnar á Íslandi, Femínistafélag Íslands.

**Hvað er Femínistafélagið?** Femínistafélagið kallar sig „umræðuvettvang og baráttutæki íslenskra femínista“. Félagið er frjáls og óháður vettvangur sem hefur það að markmiði að efla gagnrýna og femíníska umræðu á öllum sviðum þjóðlífsins. Á heimasíðu félagsins eru aðalmarkmið þess talin upp. Helstu baráttumálin eru að vinna að jafnrétti kynjanna, styrkja þátttöku kvenna í opinberu lífi, fjölmiðlum og stjórnmálum og vinna gegn hverskonar birtingarmyndum kynjamisréttis. Þar má nefna klámvæðinguna, ágengar, lítilsvirðandi auglýsingar, ofbeldi, mansal og vændi.
Einnig vill félagið stuðla að samfélagi sem tekur mið af mismunandi hagsmunum og sjónarmiðum karla og kvenna svo sem í atvinnu- og menntamálum, stjórnmálum, menningu og á vettvangi einkalífsins.

**Hvernig starfar Femínistafélagið?** Femínistafélagið vinnur í nokkrum starfshópum, sem hafa mismunandi starfsvið. Meðal þeirra hópa sem eru starfræktir er atvinnu- og stjórnmálahópur, sem einbeitir sér að vinnustaðnum, launamisrétti og þrýstingi á stjórnmálaflokka. Karlahópur vinnur að því að kynna femínisma fyrir karlmönnum og staðalímyndahópur vinnur gegn þeim hugmyndum sem uppi eru í þjóðfélaginu um eðli og hlutverk kynjanna. Loks má nefna Unga femínista, sem beita sér sérstaklega fyrir vitundarvakningu um kvenfrelsi hjá yngri kynslóðunum.

## SPURT & SVARAÐ

KRÍAN



GUÐMUNDUR A. GUÐMUNDSSON

### *Áhyggjur af kríuvarpi*

Kríuvarp hefur misfarist á Íslandi annað árið í röð vegna skorts á sandsílum. Guðmundur A. Guðmundsson, fuglafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, hefur nokkrar áhyggjur en segir þó að þótt einstök ár bregðist þá þurfi það ekki endilega að hafa skelfilegar afleiðingar þar sem krían er langlífur fugl.

**Hversu margar kríur koma til landsins á ári hverju?**
Þær eru taldar í hundruðum þúsunda og yfirleitt er talað um 250 til 500 þúsund pör. Ísland er með helstu varpstöðum kríunnar, sem verpir víða umhverfis norðurhvel jarðar, en ég þekki það nú ekki svo vel hversu stór hluti allra kría verpir hér á landi.

**Hvar eru stærstu vörp á landinu?**
Stærstu vörpin eru sunnan- og vestanlands, til dæmis á Rifi, Reykjanestá og í Vík í Mýrdal. Við sjávarsíðuna á suður- og vesturlandi étur krían mikið til sandsíli en fyrir norðan og austan er minna um þau og þar étur hún þá eitthvað annað.

**Hvaðan kemur krían til Íslands?**
Við getum rakið ferðir hennar til Suður-Afríku. Þaðan hverfur hún í desember og okkur grunar að einhverjar fari til Suðurskautslandsins. Krían er sá farfugl sem ferðast lengstu vegalengdina, eða 14 til 15 þúsund kílómetra hvora leið, sem er hátt í hálfa leiðina umhverfis hnöttinn.

# Vettvangur nýrra hugmynda

**Framtíðarlandið, félag áhugafólks um framtíð Íslands, var stofnað í Austurbæ á þjóðhátíðardaginn 17. júní. Ellefu hundruð manns hafa nú þegar skráð sig í félagið sem hugsað er sem þverpólitískt afl. Afskipti af kosningabaráttu næsta vetrar eru ekki útilokuð.**



**VEL SÓTTUR STOFNFUNDUR** Bekkurinn var þétt setinn í Austurbæ við stofnun Framtíðarlandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Byrjað var að skrá félaga í samtökin í gegnum netið, stofndaginn 17. júní. Að sögn Birkis Björnssonar gagnagrunnssérfræðings, sem er einn þeirra sem skipa níu manna bráðabirgðastjórn félagsins til að byrja með, hefur skráningin farið vel af stað og hafa nú rúmlega ellefu hundruð manns skráð sig í félagið. „Við finnum fyrir gríðarlegum áhuga á félaginu og fólk er í hvívetna að koma upp að okkur til að lýsa yfir ánægju sinni með stofnun félagsins, því þetta sé löngu tímabær rödd í umræðunni.“ segir Birkir. Hann segir að nú sé verið að ákveða næstu skref og undirbúa haustið, en þá er fyrirhugað að halda stórt þing þar sem stjórn félagsins verður kosin.

Í yfirlýsingu frá félaginu segir að Framtíðarlandið verði þverpólitískt, það innihaldi fólk úr öllum áttum, flokkum og stéttum mannlífsins sem geti haft áhrif til breytinga. „Félagið er fyrst og fremst hugsað sem vettvangur fyrir góðar hugmyndir. Okkur finnst íslensk stjórnvöld ekki hafa verið ýkja frumleg í mótun Íslands framtíðarinnar fyrir okkur og börnin okkar,“ segir Ósk Vilhjálmsdóttir, listakona og ferðamálafrömuður, sem einnig á sæti í bráðabirgðastjórn félagsins. „Okkur finnst landið standa á það miklum tímamótum að umræðan verði að vera meira áberandi. Fólk gerir sér ef til vill ekki grein fyrir því að við erum nota aldagamlar hugmyndir og lausnir á efnahagsmálunum og Ísland er að breytast í orkuparadís fyrir stórfyrirtæki. Með því þarf að leggja undir land og stefna ört vaxandi atvinnugreinum eins og ferðaþjónustu í voða.“

Félagið segir í yfirlýsingu sinni að Íslandi hafi verið stefnt í eina átt, þar sem farsæld og fjölbreytni í atvinnulífi hafi verið sett til hliðar fyrir stóriðju, þenslu og eyðileggingu náttúruverðmæta. Félagið telur að með samtakamætti geti fólk haft raunveruleg áhrif svo sveigt verði af leið áður en það verði um seinan.

Markmið félagsins er að virkja fólk sem vill að Ísland verði mannvænt, vistvænt, skapandi og skemmtilegt land, eins og segir í yfirlýsingunni. Félagið ætlar sér, að sögn Óskar, að vera vettvangur fyrir alla þá sem eru í vafa um að framtíðaráform stjórnvalda séu landi og þjóð fyrir bestu.

Ósk segir enn fremur að félagið sé ekki á móti stóriðju, það sé ekki hlutverk þess eða tilætlun, heldur frekar að setja fram aðrar hugmyndir sem sjaldan séu uppi á borðinu og í umræðunni. „Við viljum ekki gera út á að vera á móti hlutum. Við viljum frekar hjálpa til við að móta framtíð landsins með frumlegum hugmyndum í efnahagsmálunum. Okkur finnst hins vegar afar varhugavert að hafa öll eggin í sömu körfunni,“ segir Ósk.

Félagið útilokar ekki að skipta sér af kosningabaráttunni á næsta ári. Þar komi vel til greina að krefja stjórnmálaflokkana um svör og stefnu í hinum ýmsu hitamálum. „Það er klárt mál að við tökum stöðuna í haust. Við ætlum að skerpa umræðuna og styðja stjórnvöld til góðra verka og það er alveg ljóst í mínum huga að við ætlum að gera það sem gera þarf,“ segir Ósk.

Fundurinn, sem var haldinn í Austurbæ eins og áður sagði, var vel sóttur og komust færri að en vildu að sögn Óskar. „Það var orðið troðfullt á hádegi og um hundrað manns stóðu fram í anddyri og reyndu að fylgjast með, því að ekki var pláss fyrir fleiri í salnum.“

Bráðabirgðastjórn Framtíðarlandsins skipa þau Andri Snær Magnason rithöfundur, Birkir Björnsson gagnagrunnssérfræðingur, Irma Erlingsdóttir listakona, María Ellingsen leikkona, Ósk Vilhjálmsdóttir, listakona og fararstjóri, Reynir Harðarson, framkvæmdastjóri CCP, Rögnvaldur J. Sæmundsson, dósent og forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar HR í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum, Sigríður Þorgeirsdóttir, heimspekingur og dósent við Háskóla Íslands, og Þóra Ellen Þórhallsdóttir, doktor í grasafræðum. aegir@frettabladid.is

LYFJA
- Lífið heil

„Ég geri meira fyrir mig og mína á sumrin“






PGX - Drykkjarblanda
Bylting í þyngdarstjórnun.
Misstu fituna - ekki vöðvamassa eða vökva.




tilboð

EAS fitubrennslutvenna
CLA + EVERLEAN
aðeins 1.985,- kr.




Acidophilus
Mjólkursýrugerlar fyrir börn og fullorðna.
Fyrir heilbrigða meltingu, ekki síst á ferðalögum erlendis.

www.lyfja.is

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 33187 06/2006



Skrifstofu- og hljómtækjadeild Ormsson er flutt í Síðumúla 9

# ORMSSON

SÍÐUMÚLA 8 SÍMI 530 2800 / SMÁRALIND SÍMI 530 2900
HAFNARGÖTU 25 **(áður Ljósboginn)** KEFLAVÍK SÍMI 421 1535

# Stærsti framleiðandinn

## mesta úrvalið – og gæðin frá SAMSUNG

EISA BEST PRODUCT 2005-2006 LCD TV Samsung LE40M61B

**Háskerpu LCD veggsjónvarp**
**Valið besta LCD sjónvarpið 2005-2006**
6,4 milljarðar lita
Svartími 8 m.s.
Skerpa 5000:1
Upplausn 1366X768





SAMSUNG

**LE-40M61BX**
**40" LCD sjónvarp**
Verð: **389.900,-**

**LE-32M61BX**
**32" LCD sjónvarp**
Verð: **229.900,-**

Háskerpusjónvarp (HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
3,2 milljarðar lita
Svartími 8 m.s.
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround
XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni







imago

SAMSUNG

**LE-46M51B**
**46" LCD sjónvarp**
Verð: **449.900,-**

**LE-40M51B**
**40" LCD sjónvarp**
Verð: **329.900,-**

**LE-32M51B**
**32" LCD sjónvarp**
Verð: **199.900,-**

Háskerpusjónvarp (HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
3,2 milljarðar lita
Svartími 8 m.s.
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround
XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni









SAMSUNG

**LE-40R51B**
**40" LCD sjónvarp**
Verð: **249.900,-**

**LR-32R41B**
**32" LCD sjónvarp**
Verð: **179.900,-**

**LR-26R41B**
**26" LCD sjónvarp**
Verð: **129.900,-**

**LE-23R41B**
**23" LCD sjónvarp**
Verð: **96.900,-**

**Umboðsmenn:**
**Suðurland:** Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum.
**Reykjanes:** Ormsson, Keflavík.
**Vesturland:** Model Akranesi.
**Vestfirðir:** Þristur Ísafirði.
**Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki, SR Byggingavörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn.
**Austurland:** Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf Eskifirði, Beint í Mark Vopnafirði

RADIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Stórframkvæmdirnar hafa sín áhrif.

## Umskipti á Austurlandi

Mikil umskipti hafa orðið á Austurlandi á undanförnum misserum og um þessar mundir er æ skýrar að koma í ljós hvaða áhrif stórframkvæmdirnar hafa á þróun og mannlíf þéttbýlisstaðanna eystra. Þar rísa til að mynda margra hæða íbúðarhús á mörgum stöðum, ýmis þjónustustarfsemi hefur stóreflst og nýjar opinberar byggingar hafa risið eða eru að rísa. Þá hafa orðið miklar breytingar á samgöngum, en því miður hafa strandsiglingar svo til lagst af til þessa landsvæðis eins og annarra hér á landi og álag á þjóðvegina því aukist mjög, ekki síst tímabundið frá Reyðarfirði og að Kárahnjúkum. Í sambandi við virkjanaframkvæmdirnar hefði átt að nota tækifærið og styrkja eða gera nýja brú yfir Löginn á milli Egilsstaða og Fellabæjar og endurnýja síðan veginn vestan við Lagarfljót. Allt þetta hefði að vísu kostað mikla fjármuni en það hefði komið til góða síðar, því leiðin um Hallormsstaðaskóg er þegar orðin of fjölfarin og ekki boðlegt að beina slíkri þungaumferð þar um, eins og á sér stað í dag. Mestu flutningarnir á aðföngum til Kárahnjúkavirkjunar taka brátt enda, en þangað verður engu að síður mikil umferð í framtíðinni, sem þyrfti í meira mæli að fara vestan við fljótið.

Það er töluvert mikill munur á stórvinnusvæðunum tveimur, Kárahnjúkum og Reyðarfirði. Á fyrrnefnda staðnum keppast menn við að koma stíflunni miklu upp og í rétta hæð og þar er mikið jarðrask en niðri á Reyðarfirði keppast menn hins vegar við að reisa mörg hundruð metra kerskála fyrir veturinn, auk annarra bygginga á staðnum.

Á Kárahnjúkum verður farið að fylla í Hálslón síðsumars og þar fara framkvæmdir að ná hámarki. Innan nokkurra missera verða þar aðeins örfáir starfsmenn, þegar Hálslón hefur náð fullri hæð og verður að flatarmáli á stærð við Löginn. Það er því auðvitað af og frá að halda því fram að með Hálslóni sé verið að sökkva hálendi Íslands. Tilkoma lónsins hefur vakið marga af værum blundi í umhverfismálum, og auðvitað eiga menn að hafa rétt til að hafa sína skoðun á þessum stórframkvæmdum og hafa í frammi mótmæli á staðnum. Ofbeldi og skemmdarverk eru hins vegar ekki til framdráttar málstað þeirra sem ekki eru sáttir við framkvæmdina.

Stöðvarhúsið sjálft í Fljótsdal er að mestu sprengt inn í fjallið skammt innan við Valþjófsstað. Þaðan liggja svo háspennulínurnar áleiðis niður á Reyðarfjörð og verða þar áberandi í landslaginu.

Um leið og fólki fækkar við Kárahnjúka og hinir fjölmörgu erlendu starfmenn sem nú eru á Reyðarfirði fara til síns heima, fjölgar þar í starfsliði Alcoa. Nú þegar geta menn vel gert sér grein fyrir umfangi álversins á Reyðarfirði og hvernig það muni líta út í raunveruleikanum. Þetta gerist þrátt fyrir að Skipulagsstofnun hafi ekki skilað áliti sínu á umhverfisáhrifum álversins og þess varla að vænta fyrr en kerskálinn mikli er kominn undir þak. Álit stofnunarinnar hefði með réttu auðvitað átt að liggja fyrir áður en framkvæmdir hófust, en þetta sýnir með öðru hraðann á þessu verki. Væntanlega verður öðruvísi að þessum þætti mála staðið á Bakka norðan við Húsavík.




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Frá borginni**
Í byrjun apríl var Eiríkur Hjálmarsson, sem hafði verið aðstoðarmaður Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur borgarstjóra, ráðinn í nýtt starf sem upplýsingafulltrúi Orkuveitu Reykjavíkur. Var þá ljóst að Steinunn Valdís yrði ekki borgarstjóri eftir að hafa tapað fyrir Degi B. Eggertssyni í prófkjöri Samfylkingarinnar. Var Eiríkur tekinn fram fyrir fyrrverandi borgarfulltrúa Framsóknarflokksins, Helga Pétursson, sem einnig sóttist eftir stöðunni. Þurfti Alfreð Þorsteinsson, þá stjórnarformaður OR, að láta í minni pokann fyrir samfylkingarfólki. Ekki er ljóst hvað verður um Eirík núna þegar Guðlaugur Þór Þórðarsson og Björn Ingi Hrafnsson taka við stjórn Orkuveitunnar.



**Úr forsætisráðuneytinu**
Steingrímur S. Ólafsson, sem verið hefur upplýsingafulltrúi í forsætisráðuneytinu, fór í frí um það leyti sem Halldór Ásgrímsson hætti sem forsætisráðherra. Var ferðalagið skipulagt með löngum fyrirvara. Hins vegar veit Steingrímur ekki hvert framhaldið verður þegar hann snýr aftur til starfa. Líklegt er að Geir H. Haarde forsætisráðherra finni annan mann í starfið ef hann ræður einhvern í það á annað borð. Staða Steingríms var ekki til í ráðuneytinu fyrir tíma Halldórs.

**Í félagsmálaráðuneytið**
Nýir ráðherrar eru nú í óða önn að ráða pólitíska aðstoðarmenn sína. Eru aðstoðarmenn ráðherra með hæstlaunuðu starfsmönnum ráðuneyta – koma fast á hæla ráðuneytisstjóranna sjálfra sem hafa í grunnlaun um 655 þúsund krónur. Það er því eftir sæmilegum launum að slægjast auk ýmissa fríðinda sem fylgja störfum í ráðuneytum. Er því haldið fram að Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra hafi rætt við Guðmund Pál Jónsson, fyrrverandi bæjarstjóra á Akranesi, um að aðstoða sig í starfi. Er Magnús þá að hugsa nokkra leiki fram í tímann því um leið geti hann styrkt stöðu sína á Vesturlandi fyrir næsta prófkjör.



bjorgvin@frettabladid.is

## Um eftirlaunaósóma

Í DAG
Í TILEFNI NÝRRA STJÓRNA



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

*Þeir sem komnir eru á eftirlaun og hafa því fengið fúlgur greiddar samkvæmt ósómanum geta prísað sig sæla fyrir að hafa grætt í því happdrætti, en eiga engan rétt á að halda áfram að skipta með sér ránsfengnum.*

Ný borgarstjórn í höfuðstaðnum og ný ríkisstjórn í sömu vikunni, ég hugsa að það gerist ekki oft, kannski hefur það aldrei gerst fyrr, en það skiptir ekki svo miklu máli að ég leggi á mig rannsóknir til að komast að því. Framsóknarflokkurinn sem minnkar stöðugt er með lykilhlutverk í báðum þessum stjórnum, skiptir engu að einu sigrarnir sem flokkurinn hefur unnið undanfarið eru á skoðanakönnunum.

Formaður fjölskyldunefndar ríkisstjórnarinnar er kominn í áhrifastöðu í borginni og hefur nú tækifæri til að hrinda áhugamálum sínum í framkvæmd, sem kunnugt er telur hann skólabúninga þá aðgerð sem helst muni gagnast íslenskum fjölskyldum í lífsins ólgusjó. Sá vaski maður sagði í blaði nú um helgina að hann hefði hætt í stjórnmálum hefði hann ekki komist að í borginni, mér finnst það bera vott um mikla óþolinmæði og lítið úthald. Hann virðist líka frekar fúll út í Jónínu Bjartmarz af því að hún hefur mætt í vinnuna undanfarin þrjú ár og hann því ekki setið sem varamaður hennar á þingi. Eru ungir framsóknarmenn þeirrar skoðunar að fólk eigi skrópa í vinnunni svo varamenn komist á þing?

Sjálfstæðiskonur eru harmi slegnar vegna þess að karlarnir sem sömdu um ríkisstjórnarsamstarfið víluðu og díluðu umhverfisráðuneytið á milli flokka. Sjálfstæðiskona sem átti mikið ógert, að eigin sögn, missti ráðherraembætti og framsóknarkona tók við. Leikkonurnar í þessum þætti stjórnarmyndunarinnar kepptust við að segja okkur að umhverfisráðuneytið væri svo sannarlega mikilvægt jafnvel þótt önnur þeirra hætti að stjórna því og hin tæki við.

Það er mikill óþarfi fyrir umhverfisráðherra að tyggja ofan í þjóðina að umhverfisráðuneytið sé mikilvægt, þjóðin veit það. Húsfyllir í Austurbæ á stofnfundi Framtíðarlandsins sýndi að fleirum en fráfarandi eða verðandi umhverfisráðherrum er annt um umhverfismál. Kannski eru samt skiptar skoðanir um hvað umhverfisráðherrar eiga að leggja mesta áherslu á. Akstur bifhjóla utan vega er vissulega áhyggjuefni, stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar er umhverfinu hins vegar miklum mun hættulegri. Gaman væri að hafa umhverfisráðherra sem fattaði það.

Nú er ár fram að alþingiskosningum, því varla er við öðru að búast en að ríkisstjórnin þrauki til næsta sumars fyrst hún komst í gegnum síðasta klúður forsætisráðherrans fráfarandi. Hann virðist frekar illa tengdur maðurinn sá, undrun konu ætlaði engan enda að taka í þeirri framvindu, en nú eru allir komnir í stóla og þá er ríkisstjórninni örugglega ekkert að vanbúnaði að glíma við efnahagsmálin og þau svörtu ský sem eru á þeim himni.

Þingmenn hafa næsta vetur til að laga eftirlaunaskandalinn. Frambjóðendur við síðustu kosningar höfðu enga hugmynd um þá miklu launahækkun sem beið þingmanna og ráðherra á kjörtímabilinu. Því verður varla séð að nokkuð sé því til fyrirstöðu að kippa hneykslinu úr sambandi og byrja aftur þar sem frá var horfið. Þeir sem komnir eru á eftirlaun og hafa því fengið fúlgur greiddar samkvæmt ósómanum geta prísað sig sæla fyrir að hafa grætt í því happdrætti, en eiga engan rétt á að halda áfram að skipta með sér ránsfengnum.

Ef hægt er að hækka laun þingmanna og ráðherra með lögum, þá er líka hægt að lækka laun þeirra með lögum. Það er ekki flóknara en það. Dragist þetta fram yfir kosningar geta þau sem þá bjóða sig fram haldið því fram að súperkjörin hafi haft áhrif á framboð þeirra og hafa kannski eitthvað til síns máls. Þess vegna skiptir megínmáli að snúa ofan af þessu fyrir kosningar. Verði það ekki gert finnst mér augljóst að kosið verði um launakjörin.

Formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur hefur lagt fram tillögu um að þingmenn og ráðherrar leggi sitt til nýrrar þjóðarsáttar um laun í landinu með því að gefa eftir eftirlaunin en að hvor hópur fái í staðinn 30 prósenta og 70 prósenta kauphækkun. Ég er búin að lesa þetta oft og þessi er tillagan. Ég skil reyndar ekki alveg hvert framlag þessa hóps launþega yrði til sáttar um launin, nema að við eigum öll að fá 30 prósenta eða 70 prósenta launahækkun. Samkvæmt lógikkinni virðist mér að þeir sem lægri hafa launin ættu að fá 30 prósenta launahækkun og þeir sem hærri hafa þau 70 prósenta. Ég verð að segja eins og er að ég er ekki bara hissa á þessari tillögu verkalýðsforingjans, ég er alveg gáttuð.

MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871







## ALLT HITT

[ HEILSA ]

**Andoxunarefnið** Pólýfenól er náttúrulegt efni sem finnst í mörgum heilsuvörum. Efnið getur komið í veg fyrir hjartasjúkdóma, fyrirbyggt krabbamein og slegið verndarhjúpi um frumur líkamans. Pólýfenól er efni sem framleiðendur fæðubótarefna telja sem eitt af virku efnunum í vörum sínum. Efnið finnst einnig í töluverðum mæli í rauðvínum og koníaki.



**Krabbameinsfélagið** var á meðal þeirra sem hlutu styrk úr Styrktarsjóði Baugs Group sem úthlutað var fyrir úr skemmstu. 41,5 milljónum króna var úthlutað úr sjóðnum að þessu sinni og fékk Krabbameinsfélagið góðan styrk.

**Faraldur** geysar nú yfir heimsbyggðina og svo virðist sem Englendingar fari hvað verst út úr honum. Faraldurinn lýsir sér þannig að í hvert skipti sem þjóðin leikur í heimsmeistarakeppninni í fótbolta þá virðast gífurlega margir launþegar hringja sig inn veika. Faraldurinn hafði verið í rénun síðustu fjögur ár en hefur nú gossað upp aftur og hafa atvinnurekendur töluverðar áhyggjur af honum.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 20. júní, 171. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 2.54 | 13.29 | 24.04 |
| Akureyri | 1.25 | 13.14 | 1.04 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Öskjuhlíðin er uppáhaldsgöngustaður Ástu. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Fjölbreytnin mikilvæg

***Ásta Sighvats Ólafsdóttir leikkona leggur mikla áherslu á að verða ekki leið á því að hreyfa sig. Þess vegna leggur hún ekki öll eggin sín í sömu körfuna.***

„Ég reyni að hafa þetta alltaf breytilegt svo ég fái ekki leið á því sem ég er að gera,“ segir Ásta. „Mest geri ég af því að ganga en ég hleyp stöku sinnum og hjóla.“ Ástu er illa við að keyra sig út og segir hún að við það að reyna of mikið á sig hætti hún að nenna að eltast við líkamsræktina. „Ég á það til að setja tónlist á heima hjá mér og bara dansa, það er alveg geggjað,“ segir Ásta.

Línuskautana dregur Ásta fram á góðviðrisdögum og að eigin sögn tekur hún líka mánaðatarnir í sundi og jóga. „Þetta er yfirleitt blanda af öllu,“ segir Ásta. „Það er svo mikilvægt að hafa fjölbreytni því annars verður þetta bara kvöð og þá er það ekki þess virði. Þetta er ekki minna fyrir andann, til að draga fram góða skapið.“

Þegar Ásta var ung æfði hún skíði og dans en öfugt við dansinn hefur Ásta lítið komið nálægt skíðum. „Ég hef ekki farið á skíði í mörg ár. Ég hef alltaf verið á leiðinni en alltaf misst af snjónum,“ segir Ásta og hlær.

Ásta borðar eins og líkaminn segir henni að gera. „Sykur fer ekki vel í mig og ekki heldur mjólk,“ segir Ásta. „Það var reyndar léttir að komast að því að mjólkin færi illa í mig. Þar kom skýring á því af hverju þurfti að neyða mjólkina ofan í mig sem barn.“ Ásta fer einnig reglulega til næringarráðgjafa og hómópata og fær hjá þeim góð ráð. „Svo hef ég verið að vinna á veitingahúsinu Á næstu grösum og þegar ég er þar borða ég alltaf mjög vel,“ segir Ásta.

Þessa dagana er Ásta að kenna í Foreldrahúsi - Vímulausri æsku. Þar sér hún um leiklistarþátt sjálfstyrkingarnámskeiðs fyrir unglinga og segir það bæði skemmtilegt og gefandi starf.

tryggvi@frettabladid.is



Hið nýja sjúkrahús verður glæsilegt. Þetta er ein tillagan að útliti þess.

## Nýr vefur um háskólasjúkrahús

NÝLEGA VAR OPNAÐUR VEFUR UM NÝTT HÁSKÓLASJÚKRAHÚS.

Í tilefni af opnum fundi um undirbúning og stöðu deiliskipulags fyrir nýtt háskólasjúkrahús við Hringbraut, sem haldinn var síðastliðinn fimmtudag, var opnaður nýr vefur um byggingu sjúkrahússins. Er honum ætlað að veita upplýsingar um undirbúning og framvindu verkefnisins. Varpað er ljósi á starfsemina sem á að fara fram innan spítalans en markmiðið er að veita framúrskarandi heilbrigðisþjónustu sem er studd öflugu kennslu- og vísindastarfi og stenst samanburð við önnur háskólasjúkrahús. Spurningunni „Hvers vegna þarf nýtt sjúkrahús?“ er svarað en einnig er gerð grein fyrir staðsetningu og skipulagsmálum.
Vefslóðin er http://www.haskolasjukrahus.is.

JÚNÍ Kafbátur mánaðarins
6 tommu bátur kr. 299
12 tommu bátur kr. 598
BMT

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
SUBWAY
Gildir í júní 2006 • Gildir ekki í Stjörnumáli • Gildir ekki með öðrum tilboðum

**Þótt lítið sjáist til sólar** þessa dagana er engin ástæða til þess að hlaupa í sólarbekkina. Gott úrval brúnkukrema og sólarpúðra geta gert útlitið sumarlegra og frísklegra.

Flott í sumar
Ný tæki - Léttari greiðslur
LÉTTARI GREIÐSLUR
SLENDERTONE FLEX 4.995.- kr. á mán í 3 mán. - Verð kr. 14.985.-
SLENDERTONE MAX 6.665.- kr. á mán í 3 mán. - Verð kr. 19.995.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

KELP
Fyrir húð, hár og neglur
Póstsendum um land allt
Heilsuhornið
S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet.is/heilsuhorn
Útsölustaðir m.a: Yggdrasill, Fjarðarkaup, Maður lifandi í Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind í Hagkaupum, Lyfjaval í Mjódd og Hæðarsmára og Lyfja á Selfossi.

Komnir úr fríi ...
Eftir stutta fjarveru eru Havarti, Krydd Havarti og Búri nú fáanlegir í næstu verslun!

WaterDrain
Dregur úr vökvauppsöfnun
Vinnur gegn ójafnvægi í vökvakerfi líkamans

allt
... sem þig vantar í nýja húsnæðið
VIÐGERÐIR
ÞRIF
vísir
NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT



Skemmtileg hreyfing og holl útivera eru meðal þess sem gerir línuskautana svo skemmtilega. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Vinsælt hjá vinahópum og vinnufélögum

***Línuskautar eiga vaxandi vinsældum að fagna. Helgi Páll Þórisson og félagar hans hjá línuskautum.is standa fyrir námskeiðum fyrir þá sem vilja læra á línuskauta.***

„Við höfum verið með þessi námskeið undanfarin sumur og þau hafa verið mjög vinsæl,“ segir Helgi. „Námskeiðin eru þannig uppbyggð að þetta er í rauninni bara eitt skipti. Við kennum undirstöðuatriðin og förum yfir það helsta á þessum eina og hálfa klukkutíma og flestir ná ótrúlega góðri tækni á þessum stutta tíma,“ segir Helgi og bætir því við að í þessu eins og öðru skipti æfingin mestu máli. „Ef þú kemur á námskeið til okkar eina kvöldstund og ert síðan duglegur að æfa þig þá er þetta fljótt að koma. Við erum fyrst og fremst að kenna fólki grunnatriðin og þegar þau eru komin er auðvelt að prófa sig áfram sjálfur. Þetta er auðvitað einstaklingsbundið en ég myndi segja að það þyrfti ekki nema svona fimm til tíu skipti til þess að ná góðri skautafærni þannig að maður geti skautað sér til ánægju.“

Helgi og félagar hafa aðallega tekið að sér að halda námskeið fyrir hópa. „Þetta hefur til dæmis verið mjög vinsælt hjá vinahópum, vinnustöðum eða saumaklúbbum og við höfum líka nokkrum sinnum fengið hópa sem eru að steggja eða gæsa vini sína. Þetta er alltaf bara eitt skipti en við höfum líka stundum verið með sérsniðin námskeið fyrir hópa ef þess er óskað. Svo erum við líka alltaf með opna tíma einu sinni í viku sem er tilvalið fyrir einstaklinga að mæta í,“ segir Helgi og bætir því við að alltaf sé eitthvað um að fólk skauti án þess að læra réttu tæknina. „Það skiptir máli að vita um þessi grunnatriði eins og hvernig á að standa og bera sig að til þess að forðast slys. Þótt fólk kunni að renna sér getur líka verið gott fyrir alla að koma á námskeið og fínpússa tæknina.

Helgi segir að línuskautarnir verði sífellt vinsælli og á von á líflegu sumri. „Þetta hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Fyrst voru það aðallega börn og unglingar sem stunduðu línuskautana en það hefur breyst smátt og smátt og við höfum til dæmis orðið varir við mikla aukningu í aldurshópnum 35 til 40 ára,“ segir Helgi.



Helgi Páll segir að það sé ekki svo flókið að læra að renna sér á línuskautum. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

Námskeiðin fara fram á plani við Skautahöllina í Laugardalnum. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni: www.linuskautar.is.

thorgunnur@frettabladid.is

Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

hér&nú
1 STJÖRNUFRÉTTIR
2 LÍFSTÍLL
3 ALVÖRU FÓLK



Grænt te hefur verið drukkið öldum saman í Asíu. Búddamunkar eru meðal þeirra sem drekka grænt te þegar þeir hugleiða.

## Mikil virkni í grænu tei

GRÆNT TE HEFUR JÁKVÆÐ ÁHRIF Á HEILSUNA

Grænt te og svipaðar afurðir eru mjög vinsælar um þessar mundir. Kröftugir andoxunareiginleikar þeirra og mikið koffíninnihald eru helstu eiginleikarnir sem gera þær eftirsóttar. Rannsóknir hafa margsannað að jákvæð áhrif af grænu tei á heilsuna eru mikil. Mest áberandi eru jákvæðu fitubrennsluáhrifin hjá efnum sem kallast katekín pólýfenól.

Seyði úr grænu tei geta ekki aðeins aukið efnaskipti í hvíld, heldur virðast aukahitaeiningar sem brenndar eru vera mest megnis líkamsfita. Vísindaleg skýring á virkni græns tes er sú að undirflokkar pólýfenól-efnisins hafa þann eiginleika að koma í veg fyrir virkni þess ensíms í líkamanum sem brýtur niður noradrenalín, en það efni eykur losun fitu frá fitufrumum og oxun þeirra í vöðvafrumum. Auk andoxunareiginleikanna telja margir að grænt te hafi mjög jákvæð áhrif á ýmsa kvilla og mein.



## Persona.is

PÁLL EINARSSON MSC
PSYCHOTHERAPIST

## Höfnun

Það er fátt sem hefur jafn mikil áhrif á tilfinningalíf okkar og sjálfsmynd og höfnun, ef frá eru talin veikindi og dauði ástvina okkar. Nú er það svo að fólk getur upplifað höfnun í hinum ýmsu aðstæðum. Það að vera sagt upp í ástarsambandi er kannski sú algengasta ásamt því að vera sagt upp vinnunni. Margur hefur líka reynslu af því að vera ekki valinn í lið og sitja alltaf á bekknum eða vera sá sem aldrei fékk athygli frá hinu kyninu. Einelti í skóla eða á vinnustað er gott dæmi um höfnun sem getur haft djúpstæð áhrif á sjálfstraust fólks um ófyrirsjáanlega framtíð og gert viðkomandi mjög viðkvæman fyrir höfnun seinna meir.

Höfnun fylgir önnur tilfinning sem oft reynist erfitt að hrista af sér, en það er skömm. Skömm er sú tilfinning að það sé eitthvað að okkur sem manneskjur. Tilfinningin að við séum ekki eins og aðrir, að við séum ekki eftirsóknarverð. Það er athyglisvert að lítil sjálfsvirðing stafar oft af skömm sem við erum svo vön að finna fyrir að við erum hætt að taka eftir henni, en tölum þess í stað um að við séum feimin eða óörugg. Þegar við verðum fyrir reglubundinni höfnun er hætt við að skömmin setjist að og sjálfsvirðing okkar beri skaða af.

Ein af ástæðunum fyrir því að við erum misjafnlega viðkvæm fyrir höfnun er hvernig sjálfstrausti okkar er háttað. Að alast upp í fjölskyldu þar sem við erum elskuð og tilfinningaþörfum okkar er fullnægt skapar grunn fyrir sterku sjálfi. Einstaklingur sem fær þannig uppeldi á mun auðveldara með að hrista höfnun af sér seinna meir á lífsleiðinni. Ef það var lítið um náin samskipti í fjölskyldunni í æsku er hætt við að viðkomandi sé viðkvæmur fyrir höfnun, upplifi hana sterkt og eigi erfitt með að vinna úr henni.

Þegar höfnun í ástarsambandi á sér stað getur ferlið staðið yfir í langan tíma og í sumum tilvikum nokkur ár. Það sem gerist oft í slíkum tilvikum er að gömul sár, jafnvel úr barnæsku, ýfast upp og gamlar neikvæðar hugmyndir um eigið sjálf taka yfir. Þá er mikið undir því komið að rétt sé á málum haldið. Hættan er sú ef viðkomandi er í eðli sínu ekki mikið fyrir að tala um eigin tilfinningar að hann loki sig af og hleypi ekki öðrum að sér. Það gæti síðan meir orðið erfitt að leyfa sér að elska aftur vegna ótta við að verða særður og hafnað.

Höfnunarferlið er oft mjög líkamlegt, sem lýsir sér í því að viðkomandi á erfitt með að borða eða halda niðri mat. Tilfinningar eins og kvíði, þunglyndi, ótti og skömm eru algengar og í vissum tilfellum löngun til að taka eigið líf. Skammtímaminnið verður oft brigðult þar sem spenna og angist fylgir oft höfnuninni.

Ekki er óalgengt að fólk taki til eigin ráða til að kljást við þessar sterku tilfinningar. Dæmi eru um að fólk helli sér út í vinnu eða noti áfengi og lyf til að deyfa vanlíðanina. Einnig er þekkt að fólk noti mat til að hafa áhrif á líðan sína og borði þá annað hvort of mikið eða svelti sig. Margir reyna líka að koma sér aftur í annað samband sem fyrst til að sanna fyrir sjálfum sér, og jafnvel öðrum, að þeir séu þess verðir að vera elskaðir.

Slíkt athæfi er ekkert annað en örvæntingarfull tilraun til að stjórna líðan sinni og komast yfir sársaukann. Jafnvel þó sumar af þessum aðferðum virki til að gleyma höfnuninni þá ber að hafa í huga að lítið lærist á því að gleyma og að mörgu leyti er þetta góður tími til að sækja sér aðstoð við að losna við gamlar neikvæðar hugmyndir um sjálfan sig og sættast við tilfinningar sínar.

Áföll, eins erfið og þau eru, innihalda oft tækifæri til vaxtar og þroska, jafnvel þó að oft sé erfitt að koma auga á það í miðjum erfiðleikunum. Gott er að gleyma ekki að höfnunarferlið er tímabil sem tekur enda og með nýjum tímum koma ný tækifæri til vinnu og ásta.



Stress getur orðið þess valdandi að fólk hætti fyrr í vinnu og fari á eftirlaun.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES.

# Stressaðir Danir fara á eftirlaun

***Stress verður sífellt stærra og alvarlegra vandamál í Danmörku. Sífellt fleiri Danir hætta fyrr á vinnumarkaðnum og fara á eftirlaun út af stressi og veikindum tengdum því.***

Síðustu þrjú ár hafa tvöfalt fleiri horfið af vinnumarkaðnum í Danmörku vegna sjúkdómsgreiningarinnar „stress og þunglyndi“. Það þykir einnig áhyggjuefni að sífellt yngra fólk fer á eftirlaun út af stressi, alveg niður í fólk á fertugs- og fimmtugsaldri. Tryggingafélög og lífeyrissjóðir hafa miklar áhyggjur af þessari aukningu enda þjáist ungt fólk af sjúkdómum sem ættu ekki að hrjá þeirra aldurshóp, til dæmis eru sífellt fleiri á fertugsaldri sem fá heilablæðingu.

Það er erfitt að fá nákvæmar tölur um hversu margir fara af vinnumarkaðnum of snemma vegna stress þar sem margir fá hjartaáfall eða verða bakveikir, áður en þeir fá nákvæma sjúkdómsgreiningu og orsök vandans er leituð uppi. Stress er nefnilega ekki eingöngu andlegur sjúkdómur sem leggst á sálina heldur kemur sjúkdómurinn einnig fram í líkamlegum kvillum. Stress getur valdið alvarlegum veikindum og ef ekki er hlustað á merkin sem líkaminn gefur manni, getur stress orðið að alvarlegu þunglyndi.

Heimildir fengnar frá Berlingske Tidende.

**- ebg**

# Kreatín fyrir heilann

***Niðurstöður nýlegra rannsókna benda til þess að kreatín hafi góð áhrif á heilann.***




Flestir telja kreatín aðeins vera fyrir þá sem stunda lyftingar og hyggjast bæta á sig vöðvamassa. Nýlegar rannsóknir hafa hins vegar bent til þess að efnið sé ekki aðeins fyrir íþróttamenn. Kreatín er náttúrulegt efni sem hefur þann eiginleika að það bindur vatn í vöðvum og eykur þannig úthald og kraft þeirra sem það nota.

Vísindamenn í háskólum í Bretlandi og Ástralíu hafa komist að þeirri niðurstöðu að kreatín geti meðal annars haft jákvæð áhrif á minnið. Vitað var áður en rannsóknirnar fór að stað að kreatín væri nauðsynlegt til að viðhalda réttu orkustigi í heilanum enda framleiðir líkaminn efnið. Þátttakendur í nýlegri tilraun sem gerð var til þess að rannsaka virkni kreatíns á heilann tóku fimm grömm af efninu á dag í sex vikur. Áður en tilraunin hófst voru þátttakendur látnir taka minnispróf og síðan aftur að sex viknum liðnum. Niðurstöðurnar voru þær að þátttakendur í tilrauninni áttu meðal annars auðveldara með að muna langar talnarunur. Minni þátttakenda batnaði að meðaltali úr 7 tölum upp í 8.5 tölur eftir að þeir höfðu tekið inn kreatín. Vísindamenn bentu einnig á að heilinn starfaði á meiri hraða hjá þeim sem höfðu tekið inn kreatín og gæti því hentað háskólanemum í prófatörn vel.

**- vör**



Frá upphafi hafa verið gerðar 3.922 opnar hjartaskurðaðgerðir á Íslandi.

# Hjartaskurðlækningar í tuttugu ár

***Tuttugu ár eru liðin síðan fyrsta hjartaaðgerðin var gerð á Íslandi.***

Þann 14. júní var haldið upp á tuttugu ára afmæli hjartaskurðlækninga á Íslandi. Af því tilefni bauð Bjarni Torfason, yfirlæknir hjarta- og lungnaskurðdeildar LSH, gesti velkomna og rakinn var gangur mála við upphaf hjartaskurðlækninga á Íslandi.

Fyrsta aðgerðin var gerð 14. júní 1986 en það var kransæðaskurðaðgerð sem gekk farsællega. Á samkomunni ávarpaði gestina fyrsti sjúklingurinn, Valgeir Vilhjálmsson oft kallaður Valgeir fyrsti, og gladdi starfsfólkið með nærveru sinni og frísklegu útliti þrátt fyrir háan aldur.

Frá upphafi hafa nú verið gerðar alls 3.922 opnar hjartaskurðaðgerðir á Íslandi. Í fyrstu voru gerðar kransæðaskurðaðgerðir eingöngu en síðar enn flóknari aðgerðir og þá bæði á börnum og fullorðnum. Árangur hefur verið góður eða með því besta sem gerist miðað við erlendar hjartaskurðdeildir. Um er að ræða teymisvinnu en teymið er skipað úrvalsstarfsfólki á öllum sviðum, tækjabúnaður er ávallt góður en höfðinglegar gjafir hafa gert teyminu kleift að endurnýja tækjakostinn jafnóðum. Úrelding er mjög hröð á þeim hátæknibúnaði sem nauðsynlegur er fyrir þessar flóknu aðgerðir.

Þróun hjartaskurðlækninga er mjög hröð og úreldast flóknustu tækin því á um það bil þremur árum. Umsvif hjarta- og lungnaskurðdeildar eru stöðugt vaxandi, sérstaklega hvað varðar stærð og umfang einstakra aðgerða. Fram að þessu hefur ein hjartaskurðstofa annað þörfinni en nú eru áform um að bæta við annarri fullkominni hjartaskurðstofu til viðbótar. Æðstu yfirmenn stofnunarinnar sýndu starfseminni hlýhug með þátttöku sinni í afmælishófinu sem var látlaust en fjölmennt og skemmtilegt.

Frétt af www.lsh.is.




550 5000
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið



## Fitusog án skurðaðgerðar

- Á aðeins 10 dögum færðu árangur sem jafnast á við fitusog
- Húðin stinnist og appelsínuhúðin hverfur
- Þú ert mæld,magi rass og læri, fyrir og eftir
- Öflugasta cellómeðferð hingað til sem stittir biðtímann um margar vikur
- 6 mismunandi aðferðir notaðar á þig til að skila sem mestum árangri
- 100% ánægja þegar meðferðinni er lokið...

**Verð: 37.400,-**

Ef þú pantar strax í dag Minna Mál grenningarmeðferðina færðu hana á tilboðsverði kr: 21.900,-

**Hringdu núna, síminn er: 577 7007**

**Kínastofan** • Stórhöfði 17 • 110 Rvk



**VEGGFÓÐUR.**
ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS




TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í ÁSKRIFT MEÐ **30% AFSLÆTTI** Á AÐEINS **489 KR.** EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA GJÖF Í KAUPBÆTI

**GLÆNÝTT**
VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT

- Birta Björnsdóttir fatahönnuður og Jón Páll listamaður í 100 ára gömlu húsi við Miðstræti
- Uppskrift af austurlensku partítjaldi og allt sem þig vantar til að gera garðinn frægan
- Rautt og bleikt þema
- Listrænt fúnkishús við Vatnsenda
- Ofursvöl piparsveinaíbúð í 101 Reykjavík



**Mest** lesna tímarit landsins!




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

birta

* Tölur skv. Gallupkönnun október 2005.



AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**
FRÉTTABLAÐIÐ







Anna Rún er með fólk í einkaþjálfun í Laugardalslaug. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Góð tilbreyting frá einkaþjálfun inni í sal

***Anna Rún Kristjánsdóttir, nemandi á Íþróttafræðasetri Kennaraháskóla Íslands að Laugarvatni, er einkaþjálfari í Laugardalslaug í sumar.***

Anna Rún var á fyrsta ári í íþróttakennaraháskólanum á Laugarvatni í vetur og í framhaldi af því fékk hún þá hugmynd að samræma sund og einkaþjálfun. „Ég vissi að Hreyfing væri að bjóða frítt í sund og mér datt í hug hvort það vantaði ekki einkaþjálfara í sundið sem væri svona tilbreyting frá einkaþjálfuninni sem er í salnum,“ segir hún.

Anna Rún þekkir sundið vel því hún byrjaði sjálf að æfa sund þegar hún var átta ára og var í landsliðinu í sundi um tíma. „Ég æfði sund í tíu ár og var í landsliðinu í sex ár. Ég hef líka þjálfað sund áður og svo sá ég um íþróttaiðkun á leikskóla þar sem ég var að vinna,“ segir hún.

Einkaþjálfunin hjá Önnu Rún fer að mestu fram í Laugardalslauginni. „Þjálfunin fer þannig fram að ég tek fólk í sal og svo er ég með það í sundi að minnsta kosti einu sinni í viku. Fólk getur valið um það hvort að sundið er aðalhluti þjálfunarinnar eða aukahluti. Ef sundið er aðalhluti þá er það þrisvar sinnum í viku, en annars svona einu sinni til tvisvar sinnum í viku. Sundið er fyrir alla og ég er bæði með byrjendur og lengra komna.“

Sundeinkaþjálfuninni hefur verið vel tekið að sögn Önnu Rúnar. „Þetta hefur gengið mjög vel og margir hafa verið að spyrja um þetta og koma í tíma.“

Anna Rún verður einkaþjálfari út sumarið en haust fer hún aftur að Laugarvatni og heldur áfram námi sínu þar. *emilia@frettabladid.is*

# Holl sætindi

***Ekki eru öll sætindi óholl.***

Þegar þörfin fyrir sætindi sverfur að þarf ekki að grípa í súkkulaði. Öll þau sætindi sem móðir náttúra hefur gefið okkur eru afskaplega holl og líka góð.

Ávextir eru næringarríkir og góðir ensíma- og andoxunarefnagjafar. Þeir styrkja ofnæmiskerfið og auka orkuna. Dæmi um gómsæta ávexti eru bláber, brómber, hindber, jarðarber, vatnsmelónur, epli, apríkósur, kirsuber, vínber, ferskjur, perur, plómur og rúsínur.

Sætuefni sem óhætt er að nota stöku sinnum sem nasl eða í matseld eru síróp úr brúnum hrísgrjónum, hrísgrjóna og haframalt, hunang, hrásykur, þynntur eplasafi, þynntur greipsafi og hreint hlynsíróp.

Úr bókinni Þú ert það sem þú borðar.



Hindber eru holl, góð og sæt.



Sífellt fleiri leita sér aðstoðar vegna kynlífsvandamála.

# Danir ræða vandamál í kynlífinu

***Í Danmörku eru tvær opinberar kynlífshjálparstofur. Langir biðlistar og mikil aðsókn benda til þess að fólk leiti sér meira hjálpar vegna vandamála í rúminu en áður fyrr.***

Aðsókn á kynlífshjálpardeild ríkissjúkrahússins í Danmörku hefur aukist úr tvö þúsund viðtalstímum í þrjú þúsund viðtalstíma á ári. Á annarri nýrri stofu, sem var opnuð til að mæta þörfum landans, er hundrað manna biðlisti eftir viðtalstíma og tekur það átta til níu mánuði að komast að.

Samkvæmt kynlífssérfræðingum eru það engin smávandamál sem hrjá þá sem leita sér aðstoðar. Fólk hefur, í mörgum tilfellum, beðið með að leita sér aðstoðar í lengri tíma vegna vandamála sinna sem hafa haft mikil áhrif á kynlífið og samband þeirra. Opnari umræða um kynlíf og ástarsambönd hefur orðið til þess að fólk þorir frekar að ræða vandamál sín og leita lausna við þeim. Einnig á það auðveldara með að leita sér aðstoðar hjá sérfræðingum sem starfa innan sjúkrahúsanna vegna traustsins sem borið er til opinberra stofnanna.

Það er því mikil þörf fyrir það í Danmörku að opna fleiri kynlífshjálparstofur svo komið sé til móts við langa biðlista og mikinn áhuga Dananna til þess að ræða vandamál sín. Talið er að með fleiri stofum muni fleiri leita sér aðstoðar, þar sem Danir eru greinilega farnir að líta á kynlífið sem eitthvað sem hægt er að fá sérfræðiaðstoð með til þess að bæta það.

Heimildir fengnar úr MetroXpress **- ebg**



Hjálpatækjamiðstöð TR eykur umsvif sín.

## Hjálpartækjamiðstöðin eykur þjónustu sína

HJÁLPARTÆKJAMIÐSTÖÐ TRYGGINGASTOFNUNAR RÍKISINS HEFUR FENGIÐ NÝJA AÐSTÖÐU Á KRISTNESSPÍTALA Í EYJAFIRÐI. NÝJA AÐSTAÐAN Á AÐ KYNNA NOTENDUM TÆKIN OG GEFA ÞEIM KOST Á AÐ PRÓFA ÞAU.

Um er að ræða tilraunaverkefni milli TR og Fjórðungssjúkrahúss Akureyrar um aðstöðu fyrir hjálpartækjamiðstöð. Vonast er til að þessi aukna þjónusta verði til hagsbóta fyrir bæði notendur og fagfólk og því eru þetta ánægjuleg tímamót fyrir hjálpartækjamiðstöð TR. Markmiðið með þessu tilraunaverkefni er að búa til sýningar- og prófunaraðstöðu með hjálpartæki, veita ráðgöf og meta þörf á uppbyggingu hjálpartækjaþjónustu á Akureyri.
Það verða sýnishorn af ýmsum hjálpartækjum á Kristnesi og hægt er að panta sér tíma, fá heimilisathuganir eða mæta á opið hús einu sinni í viku. Samkvæmt samningi um verkefnið á að meta framhald þjónustunnar fyrir 1. mars 2007. Heimildir fengnar af heimasíðu TR.

# Hlaupa fyrir gott málefni

***Glitnir hefur heitið því að greiða 3.000 krónur fyrir hvern kílómetra sem starfsmenn fyrirtækisins hlaupa í Reykjavíkurmaraþoni.***

Eins og flestir hafa orðið varir við er skráning í Reykjavíkurmaraþon Glitnis komin á fullt. Hægt er að skrá sig í vegalengdir allt frá þremur kílómetrum og upp í fullt maraþon. Glitnir hvetur starfsmenn sína eindregið til þess að taka þátt í hlaupinu og láta þannig gott af sér leiða. Þeir starfsmenn sem ákveða að taka þátt í hlaupinu velja um leið hvaða góðgerðarfélag þeir styrkja því Glitnir hefur heitið því að greiða 3.000 krónur fyrir hvern kílómetra sem starfsmenn hlaupa. Nú þegar hafa á þriðja hundrað starfsmenn Glitnis skráð sig í hlaupið og þar af sex sem hyggjast hlaupa heilt maraþon. Bankinn mun því greiða góðgerðarfélögum 126 þúsund krónur fyrir hvern maraþonhlaupara innan starfsliðsins. Almenningur getur einnig farið inn á heimasíðu hlaupsins og heitið peningum á hlauparana. Sérstaka athygli vekur að Bjarni Ármannson, forstjóri Glitnis, hyggst hlaupa heilt maraþon þann 19. ágúst og hefur hann ákveðið að ágóðinn af hlaupum sínum muni renna til verkefnisins Blátt áfram.




Glitnir ætlar að borga starfsmönnum sínum 3.000 krónur fyrir hvern kílómetra sem þeir leggja að baki.



Börnin geta skemmt sér í hoppukastala.

# Sumarhátíð CP-samtaka

***Búast má við miklu fjöri á árlegri sumarhátíð CP-samtakanna.***

Árleg sumarhátíð CP-samtakanna verður haldin í Reykholti í Biskupstungum helgina 30. júní til 2. júlí næstkomandi. CP stendur fyrir Cerebral Palsy, sem hefur verið þýtt heilalömun á íslensku.

Dagskrá sumarhátíðarinnar verður fjölbreytt og skemmtileg. Á föstudeginum verður heitt í kolunum á tjaldstæðinu fyrir þá sem vilja skella kjöti á grillið. Kvöldinu lýkur með fjöldasöng við varðeld.

Á laugardeginum er margt í boði. Farið verður í sund í Reykholtslaug, kaffihlaðborð í Aratungu og börnum boðið á hestbak. Hoppukastalar og leiktæki verða á túninu fyrir framan Aratungu. Að loknum kvöldverði verður dansað fram eftir kvöldi. Á sunnudeginum verður komið við í Veiðisafninu á Stokkseyri.

Boðið er upp á gistingu á tjaldstæði eða í svefnpokaplássi. Hægt er að skrá sig á vefnum www.cp.is.

**ráð }**

## Hentu gömlum lyfjum

LYF SKAL ÆTÍÐ GEYMA ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL

Líttu í lyfjaskápinn öðru hverju og tíndu út öll þau lyf sem eru orðin of gömul og lyf sem ekki er vitað til hvers átti að nota. Losaðu þig þannig við þau að aðrir komist ekki í þau eða skilaðu þeim til lyfsalans. Gott ráð er að halda lyfjabók, skrifa hjá sér handa hverjum lyfin er keypt og til hvaða nota. Aldrei má gefa lyf, fengin út á lyfseðil, öðrum en þau voru ætluð.






**Mjódd**

óskar eftir starfsfólki. Starfið felur í sér afgreiðslustörf, frágang, pökkun o.fl. Uppl. veittar á staðnum. Íslensku kunnóttu krafist.
**Efnalaugin Björg, Mjódd.**

**NK Kaffi.**
Óskum eftir að ráða hresst og duglegt fólk í fullt start og helgarvinnu . Erum ekki að leyta að sumarafleysnigar fólki. Upplýsingar í NK kaffi Kringlunni. Sími 568 9040.
**Upplýsingar í NK kaffi Kringlunni. Sími 568 9040.**

**Leikskólinn Reynisholt.**
Laus til umsóknar 50-60% staða aðstoðarmanns í eldhús frá og með 1. ágúst næstkomandi.
**Upplýsingar gefur leikskólastjóri Sigurlaug Einarsdóttir í síma 517 5560**

**Skemmtileg og lærdómsrík störf!**
Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki. Ýmsar starfsprósentur. Uppl. í síma 5250900 og á www.smfr.is

Vantar fólk í járnabindingar, næg vinna framundan. S. 660 6155.

**Störf í þjónustumiðstöðinni Norðurbrún**
Við leitum að starfsfólki í eldhúsið hjá okkur sem er gott í mannlegum samskiptum og hefur metnað til að veita góða þjónustu. Við bjóðum upp á fjölbreytni í starfi, sveigjanlegan vinnutíma og virka þátttöku í þróun stöðvarinnar. Upplýsingar veitir Sigríður í síma 568 6960.

**Heimaþjónusta á Seltjarnarnesi**
Óskum eftir að ráða starfsmann í félagslega heimaþjónustu hjá Seltjarnarnesbæ. Fullt starf og hlutastörf í boði. Sveigjanlegur vinnutími. Í boði eru þokkaleg laun og hentugur vinnutími. Gefandi starf. Nánari upplýsingar gefur Þóra eða Snorri í síma 595 9130 eða 897 2079.

**Sumarvinnna**
Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu. Aldur 15-25 ára. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir á www.gardlist.is

3 manna fjölsk. í 101 Rvk. óska eftir heiðarlegum & vandvirkum einsakling í heimilishjálp, 1 í viku. Uppl. í s. 897 0979/ idunn@1928.is

**Bráðvantar Starfsmann**
Trésmið eða laghentur maður vantar til starfa við húsaviðgerðir o.fl. Góð laun fyrir réttan aðila. S. 616 1569.

Vantar að ráða duglegar manneskjur á aldrinum 16-20 við mokstur, tímabundið. Uppl. í s. 659 3019.

**Snyrtimennska og heiðarleiki í einu og öllu**
Tveir námsmenn, karl og kona óska eftir 3 heb. íbúð til leigu, helst í nágrenni við miðbæinn. Við erum með 100% meðmæli frá núverandi leigusala - einnig frá atvinnurekendum. Vinsamlegast hafið samband í síma 699 0005.

Vantar duglegan ungling (17-19 ára) í garðslátt í sumar. Mikil vinna. Grænar grundir S. 896 1484

**Ræstingar**
Ræstingaþjónustan sf óskar eftir að ráða strax í föst ræstingastörf, afleysingar og sumarafleysingar. Vinnutími síðdegis og á kvöldin. Nánari upplýsingar fást á skrifstofutíma í síma 587 3111.

Óska eftir starfskrafti á videó leigu og söluturn. Uppl í s. 899 4461.

Vantar mann í vinnu, helst vanan sandspörslun og málun. Góð laun í boði fyrir réttan mann. Uppl. í. s. 822 1920.

## Atvinna óskast

**Garðabær. Bakarí**
Starfskraftur óskast í ræstingar. Uppl. í síma 565 8070 eða 891 8258 Þóra.

## TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

Endurvinnslan er opin alla virka daga frá 10 til 18. Endurvinnslan Knarrarvogi.

## Einkamál


SPILL AF GÓÐU SAMBANDI
TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS


**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

**Nudd**
Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.




Símaspjall 908 6666. Ég heiti Rakel og vil vera vinkona þín og langar í gott símasímaspjall við Opið allan sólarhringinn. Enginn bið nema að ég sé að tala.

Símaspjall 908 2222. Halló yndislegastur ég er Sandra mig langar til að vera vinkona þín kondu í símaspjall við mig. Opið allan sólahringin, engin bið..


Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ


## FASTEIGNIR

# Akkurat - fyrir þig!

## ÞÓRÐARSVEIGUR 6 -113 RVK.



Frum



## OPIÐ HÚS MILLI KL 17-19 ÞRIÐJUDAG

Mjög falleg og björt 4ra herb. 106,8 fm endaíbúð ásamt stæði í bílskýli sem er ekki í fm. tölu íbúðar. Sérinngangur af svölum. Frábært útsýni. Birkiviður í innréttingum.
**VERÐ 24,9 millj.**

**Upplýsingar gefur Heimir í síma 861-6401**




**Sími 594 5000**
AKKURAT // Stórhöfða 27 // Lögg. fasteignasali: Halla Unnur Helgadóttir
**Akkurat** - eins og þú vilt hafa það

## TILKYNNNGAR

Skipulagsstofnun

# Mat á umhverfisáhrifum –
## Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Snjóflóðavarnir neðan Búðagils á Bíldudal.**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **20. júlí 2006.**

**Skipulagsstofnun**

## ATVINNA

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

# LAUGALÆKJARSKÓLI

**Laugalækjarskóli er unglingaskóli með um 280 nemendur í 7. - 10. bekk.**

Í skólanum er unnið eftir stefnu Reykjavíkurborgar um einstaklingsmiðað nám. Til að koma til móts við það er unnið eftir námsmöppukerfi og verið er að þróa nýja kennsluhætti í 7. og 8. bekk. Engin vorpróf eru í 10. bekk en í staðinn vinna nemendur lokaverkefni. Við bendum á heimasíðu skólans, laugalaekjarskoli.is til frekari upplýsinga.

*Viltu bætast í öfluga liðsheild?*

Í Laugarlækjarskóla eru af sérstökum ástæðum nokkrar kennarastöður lausar næsta vetur.

- Heimilisfræðikennari
- Smíðakennari
- Enskukennari
- Stærðfræðikennari

Upplýsingar um starfið veitir Auður Stefánsdóttir skólastjóri í síma 664-8290. Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf og sendist í Laugalækjarskóla, v/Laugalæk.
**Umsóknarfrestur er til 17. júlí n.k.** Laun eru skv. kjarasamningi LN og KÍ.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

## FASTEIGNIR

**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**ÁLFKONUHVARF 29 - KÓP. - 3JA HERB.**
**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 18-20**

Frum



Sérlega falleg íbúð á fyrstu hæð í góð fjölbýli ásamt bílskýli á þessum vinsæla stað í hvarfahverfinu í Kópavogi. Íbúðin er 95,8 fm með geymslu. Lyfta er í húsinu. Skipting eignarinnar: 2 svefnherbergi, stofa, eldhús, baðherbergi, forstofa, hol,svalir, geymsla og bílskýli. Gólfefni eru parket og flísar. Gott aðgengi. Eign sem vert er að skoða. **V. 23,9 millj.**

**Sigríður Dagný tekur á móti áhugasömum væntanlegum kaupendum í dag milli kl. 18 og 20.**

**Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali**

**ÁS FASTEIGNASALA**

Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða
www.as.is

Opið virka daga kl. 9–18

## OPIÐ HÚS Í DAG KL. 19-20
## HJALLABRAUT 19 - HAFNARFIRÐI



Frum



Falleg 128 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð, í góðu fjölbýli. Nýlegt eldhús. Parket. Tvennar yfirbyggðar svalir, hægt að stækka stofu út. Þrjú herb. með skápum. Húsið er einangrað að utan og klætt, nýlegt þak. LAUS STRAX.
**Verð 21,9 millj.**

**Guðbjörg og Jón Gunnar taka á móti gestum s: 693-3501**

*Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali*



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Yfir 150.000 gestir daglega.**

**Stórmarkaður í stofunni heima.**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ



**allt hús**

Alla mánudaga



RE/MAX BÚI










# Þverás 8
Reykjavík
Opið hús í dag milli kl. 18 og 19

**Verð: 30.900.000**
Stærð: 100
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1988
Brunabótamat: 15.150.000

4 herb. íbúð, sérinngangur, tvö bílastæði, garður, hellulögð verönd. Staðsetning frábær, rétt hjá Víðidal og gönguleiðir um allt. Flísalagður gangur med skáp, þvottahús góðir skápar, eldhúsið er rúmgott nýuppgert, borðkrókur, keramik helluborð. Hjónaherbergi, rúmgott með skápasamstæðu. Stofurnar eru tvær. Baðherb. er nýlega standsett, mjög flottar innréttingar og tæki innbyggð lýsing, flísalagt í hólf og gólf. Tekið skal fram íbúðin hefur öll verið endurnýjuð á besta máta í maí 20 2006. Möguleiki á 3 svefnherb. Frábær eign !!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!



Sigurður
Guðmundsson hdl.
lögg. fasteignasali



Sighvatur
Sölufulltrúi
**864-4615**
sighvatur@remax.is





Svana
Sölufulltrúi
**866 9512**
Svana@remax.is

RE/MAX

Sigurður
Guðmundsson hdl.
lögg. fasteignasali



# Einbýli í sveitasælunni í Mosfellsbæ

OPIÐ HÚS







Heimilisfang: Asparlundur
Stærð eignar: 207 fm
Fjöldi herb.: 5
Bílskúr: 39,5 fm
Byggingarár: 2006
Verð: 45,9 millj.

Fallegt og vel skipulagt 5 herb. einbýlishús á einni hæð og eignarlóð upp við Reyki með 39,5fm innbyggðum bílskúr. Rólegt og barnvænt umhverfi og stutt í náttúruna. Húsið afhendist tilbúið til innréttinga, gólfefna og með grófjafnaðri lóð. Stór stofa með arinstæði og góðri borðstofu með útgengi á suðvestur verönd. Rúmgott eldhús. Sér baðherb og fataherb. innaf hjónaherb útgengi í garð. Sér baðherb.fyrir barnaherbergin. Auka gestasnyrting.

**ÞJÓNUSTUSÍMI: 866 9512**
Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

RE/MAX BÚI
Stórhöfða 17 - 110 Reykjavík
Sími: 520 9400 - t-póstur: bui@bui.is
www.bui.is

RE/MAX Búi

ÁS FASTEIGNASALA

Hafnarfirði
Fjarðargötu 17
Sími 520 2600
Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða
www.as.is



Opið virka daga kl. 9–18

*Sjá einnig myndir í gluggum á Fjarðargötu*

***– Eigendur fasteigna athugið: Lífleg sala – skoðum og verðmetum samdægurs!***

# NÝBYGGINGAR

## KIRKJUVELLIR 3 - HAFNARFIRÐI - NÝTT LYFTUHÚS



Glæsilegt 7 hæða lyftuhús með 27 íbúðum. Bjartar og vel skipulagðar 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir sem afhendast fullbúnar en án gólfefna nema á baðherbergi og þvottahúsi verða flísar. Vandaðar innréttingar og tæki. Allar íbúðir njóta útsýnis og sólar. Að utan afhendist hús, lóð og bílastæði fullfrágengið. Verð frá 17,0-25,8 millj. Byggingaraðili: G.Leifsson ehf. 5298

## FJÓLUVELLIR 2 OG 4 - RAÐHÚS Á EINNI HÆÐ



Glæsilega hönnuð raðhús á einni hæð ásamt bílskúr, samtals um 220 fm á góðum stað á Ásvöllum í Hafnarfirði. Afhendist fullbúið að utan og fokhelt að innan. Lóð grófjöfnuð. Vandaður verktaki með áratuga reynslu. Afhending í júní-júlí 2006.
Verð frá 29,9 millj. 5395

## FJÓLUVELLIR 10-14 - RAÐHÚS Á EINNI HÆÐ



Glæsileg 198 fm raðhús á einni hæð ásamt 44 fm bílskúr, samtals 244 fm Húsin afhendast fullbúin að utan og fokheld að innan. Lóð grófjöfnuð. 3-4 svefnherb. snyrting inn af hjónaherb. Arinn í stofu. Verð frá 30,4 millj. 5401

## DREKAVELLIR 6 - FJÓRBÝLI



Glæsilegar 3ja - 5 herbergja sérhæðir í flottu fjórbýlishúsi. Á neðri hæð eru 3ja og 4ra herb. íbúðir og á efri hæð eru rúmgóðar 5 herbergja íbúðir með bílskúrum. Góðar L-laga svalir og sérafnotaflötur á lóð fyrir íbúðir á neðri hæð. Innréttingar frá Brúnás, AEG tæki, flísar og tæki á baðherb. frá Flísabúðinni. Afhending í september 2006. Verð frá 24,1 millj. 5353

## ENGJAVELLIR 3 - HAFNARFIRÐI



FALLEGAR OG VANDAÐAR 4ra og 5 herb. 132-150 fm íbúðir í sérlega glæsilegu 6-býli. AÐEINS TVÆR ÍBÚÐIR Á HÆÐ, ALLAR MEÐ SÉRINNGANGI. Íbúðirnar afhendar fullbúnar en á gólfefna nema baðherbergi og þvottahús verða flísalögð. Hús að utan og lóð verður fullfrágengið. Fullbúin sýningaríbúð í húsinu. Verð frá 28,3 millj. 5386

## BERJAVELLIR 1 - HAFNARFIRÐI



Glæsilegar 3ja og 4ra herb. íbúðir í nýju lyftuhúsi. Íbúðirnar afhendast fullbúnar en án gólfefna en möguleiki að fá afhent með gólfefnum. Sérsmíðaðar innréttingar, hiti í gólfum og lýsing hönnuð af Lumex. Verð frá 20,6 millj. 5451

## AKURVELLIR 1 - HAFNARFIRÐI NÝTT LYFTUHÚS



Glæsilegt 4ra hæða lyftuhús með 16 íbúðum. Bjartar og vel skipulagðar 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir sem afhendast fullbúnar en án gólfefna nema á baðherbergi og þvottahúsi verða flísar. Vandaðar innréttingar og tæki. Aðeins fjórar íbúðir á palli og því allar íbúðirnar hornibúðir. Að utan afhendist hús, lóð og bílastæði fullfrágengið. Afhending í júlí-ágúst 2006. Verð frá 16,7-25,0 millj. Byggingaraðili: Ástak ehf. 5260

## EINIVELLIR 7 - LYFTUHÚS - HAFNARFIRÐI



Fallegar 2ja-4ra herb. íbúð í nýju lyftuhúsi á Völlum í Hafnarfirði. Íbúðirnar afhendast fullbúnar en án gólfefna nema á baðherbergi og þvottahúsi verða flísar. Hús að utan, lóð og bílastæði verður fullfrágengið. Vandaðar innréttingar og tæki frá Byko. Afhending í sept.-okt. 2006. Verð frá 16,1 millj. Byggingaraðili Feðgar ehf. 5159

## DREKAVELLIR 12 - HAFNARFIRÐI




STÓRGLÆSILEGAR ALGERLEGA FULLBÚNAR 147 fm SÉRHÆÐIR í nýju fjórbýli. Sér inngangur. Afhendast fullbúnar að utan og innan með vönduðu parketi og flísum á gólfum. Eikarinnréttingar frá Axis. Eyja í eldhúsi. Glæsilegt baðherbergi. Afhending við kaupsamning. Verð 33,9 millj. 5533

## ESKIVELLIR 3 - HAFNARFIRÐI

AÐEINS TVÆR ÍBÚÐIR EFTIR




- Vandaðar innréttingar
- Kaupendur hafa val um nokkrar útlitstegundir á innréttingum án aukakostnaðar
- Vönduð tæki í eldhúsi
- Upphengt salerni með innbyggðum vatnskassa
- Halogen lýsing
- Svalir lokaðar með frádraganlegu gleri til að auka notagildi
- Steinteppi á sameign
- Fullfrágengin lóð með leiktækjum
- Afhending 8 vikum eftir kaupsamning
- Verð frá 19,5 millj. 4628

## DREKAVELLIR 18 - HAFNARFIRÐI



3ja og 4ra herb. íbúðir í glæsilegu 9 hæða lyftuhúsi á góðum stað á Völlunum. Alls eru 34 íbúðir í húsinu og 25 stæði í bílakjallara. Við hönnun hússins er lögð áhersla á að allar íbúðirnar njóti útsýnis og sólar. Íbúðirnar afhendast fullbúnar en án gólfefna nema á baðherbergi og þvottahúsi verða flísar á gólfi. Vandaðar innréttingar og tæki. Hús að utan afhendist fullfrágengið, klætt báruformaðri klæðningu. Lóð og sameign fullfrágengin. 4856

## KIRKJUVELLIR 5 - HAFNARFIRÐI - AÐEINS ÞRJÁR EFTIR



Glæsilegt sex hæða LYFTUHÚS með samtals 24 íbúðum. Bjartar og vel skipulagðar 4ra heb. íbúðir sem afhendast fullbúnar en án gólfefna nema á baðherbergi og þvottahúsi verða flísar. Vandaðar innréttingar frá AXIS, flísar frá Flísabúðinni, hurðir og tæki frá Húsamiðjunni. Einungis fjórar íbúðir á palli og því allar íbúðir hornibúðir. Hús að utan afhendist fullfrágengið og steinað, lóð frágengin. AFHENDING SEP. - OKT. 2006. BYGGINGARAÐILI: ÞRASTARVERK ehf. 4679

AÐEINS ÞRJÁR ÍBÚÐIR EFTIR

## ESKIVELLIR 7 - GLÆSILEGT 5 HÆÐA LYFTUHÚS



Fallegar 3ja og 4ra herb. íbúðir í 5 hæða lyftuhúsi á GÓÐUM STAÐ á Völlunum. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna nema á baðherb. og þvottahúsi verða flísar. Vandaðar MODULA innréttingar frá BYKO. Hús að utan, lóð og sameign afhendist fullfrágengið. Allar íbúðir njóta útsýnis og sólar og eru með góðum svölum eða veröndum.Svalir eru yfirbyggðar með gleri og rennihurð. Frábært útivistarsvæði og góðar gönguleiðir. Stutt verður í alla þjónustu. Teikningar á skrifstofu. AFH. Í JÚNÍ 2006 4467

## DREKAVELLIR 26 - GLÆSILEGT 9 HÆÐA LYFTUHÚS MEÐ BÍLAKJALLARA



Fallegar 4ra herb. íbúðir í glæsilegu lyftuhúsi á góðum stað á Völlunum. TVÆR LYFTUR. Bílakjallari. Allar íbúðir njóta útsýnis og sólar. Stórar s-svalir með öllum íbúðum. Íbúðirnar afhendast fullbúnar en án gólfefna nema á baðherbergi og þvottahúsi verða flísar á gólfi. Hús að utan, sameign og lóð afhendist fullfrágengið. Vandaðar Voke III innréttingar frá Húsasmiðjunni. Vönduð tæki. Sjónvarpsdyrasími. Frábært útivistarsvæði er í grennd við húsið. AFH. Í MAÍ-JÚNÍ 2006. 4310

## LINNETSSTÍGUR - AÐEINS EIN EFTIR



Glæsilegar 4ra herb. íbúð á 3. hæð í viðhaldslitlu fjölbýli í MIÐBÆ HAFNARFJARÐAR ásamt stæði í bílageymslu. Vandaðar og fallegar eignir á frábærum stað. AFHENDING VIÐ KAUPSAMNING. Verð 34,9 millj. 3750

AÐEINS EIN ÍBÚÐ EFTIR

## BERJAVELLIR 3 - HAFNARFIRÐI



Glæsilegt 16 íbúða lyftuhús á fjórum hæðum, AÐEINS FJÓRAR ÍBÚÐIR Á HÆÐ. 2ja-4ra herb. íbúðir sem afhendast fullbúnar en án gólfefna nema baðherb. og þvottahús verða flísalögð. Hús að utan og lóð verður fullfrágengið. Verð frá 16,9-25,4 millj. 5476

*- Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali – Jónas Hólmgeirsson – Eiríkur Svanur Sigfússon – Jón Örn Kristinsson – Birna Benediktsdóttir – Melkorka Guðmundsdóttir – Laufey Lind Sigurðardóttir –*

# SJÓNARHORN



Drengur horfir hugfanginn á náttúrudýrðina í Stakkholtsgjá enda standa fáir listamenn móður jörð á sporði.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**Lokað á morgun**

**miðvikudaginn 21. júní**
**Útsalan hefst fimmtudaginn 22. júní**

tvö líf

Holtasmári 1 • Sími 517 8500 • www.tvolif.is




AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**
FRÉTTABLAÐIÐ

# ÚTSALA

## 20 - 50% afsláttur

**Leður og rúskinsjakkar, stuttkápur og úlpur, vesti og hattar.**

TOPPHÚSIÐ

**Mörkinni 6**
S: 588 5518 • Opið virka daga frá kl. 10-18



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.360 **-0,61%**

**Fjöldi viðskipta:** 142
**Velta:** 1.078 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Vinnslustöðin** | 1,24% | **KB banki** | 1,76% |
| **Landsbankinn** | 0,50% | **Flaga** | 1,30% |
| **Actavis** | 0,48% | **Atorka** | 0,86% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 62,70 +0,48% ... Alfesca 3,46 +0,00%... Atorka 5,75 -0,86% ... Bakkavör 44,30 +0,00% ... Dagsbrún 5,61 -0,53% ... FL Group 17,40 -0,57% ... Flaga 3,81 -1,30% ... Glitnir 17,10 -0,58% ... KB banki 726,00 -1,76% ... Landsbankinn 20,10 +0,50% ... Marel 68,60 +0,00% ... Mosaic Fashions 15,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,10 +0,00% ... Össur 104,00 -0,48%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Þriðja kynslóðin í farvatninu

Fjarskiptafyrirtæki í eigu Novator, fjárfestingafélags Björgólfs Thors Björgólfssonar, hefur fengið tilraunaleyfi hjá Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) til reksturs þriðju kynslóðar farsímakerfis, sem er þráðlaust háhraðanet sem felur í sér mikla bandbreidd og getur flutt sjónvarpsefni í farsíma. Fyrirtækið hefur í bígerð að hefja alhliða fjarskiptaþjónustu hér á landi.

Tómas Ottó Hansson, framkvæmdastjóri hjá Novator, segir rekstur hefjast næstkomandi ágúst. Í tilraunaleyfinu felst að fjarskiptafyrirtæki Novator, sem hefur mikla reynslu af uppbyggingu og rekstri þriðju kynslóðar farsímakerfa í nokkrum Evrópulöndum, fær heimild í níu til tólf mánuði til að nýta tíðnina, setja upp búnað og prófa fjarskiptakerfið. Fyrirtækinu er hins vegar ekki heimilt að selja þjónustu sína fyrr en endanlegt fjarskiptaleyfi liggur fyrir. Ekki er vitað hvenær af því verður.

Tómas segir fyrirtækið hafa hug á að ræða við Orkuveituna um samstarf, sem býður upp á aukna möguleika. Þá hefur félagið sótt um leyfi til uppsetningar á WiMax gagnaflutningskerfi en það er þráðlaus tækni sem gerir fartölvunotendum kleift að vera sítengdir við netið óháð staðsetningu. **- jab**



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON** Fjarskiptafyrirtæki Novator, sem er í eigu Björgólfs Thors, hefur fengið tilraunaleyfi til reksturs þriðju kynslóðar farsímakerfis. MYND/VALGARÐUR

# Slegnir til riddara

## Fjárfestarnir Philip Green og Stelios, sem eru þekktir í íslenskri viðskiptasögu, fá nafnbótina sir.

Tveir kaupsýslumenn, sem eru þekktir í íslensku viðskiptalífi, voru slegnir til riddara um helgina. Þetta eru þeir sir Philip Green og sir Stelios Haji-Ioannou. Sá fyrrnefndi er eigandi Arcadia og BHS, en eins og margir muna eftir ætluðu hann og Baugur að skipta með sér Arcadia árið 2002. Green keypti svo fimmtungshlut Baugs í Arcadia eftir að lögregla framkvæmdi húsleit í höfuðstöðvum Baugs á Íslandi.

„Þegar maður eyðir 25 árum í bransa sem maður ann mjög, og hefur starfað við hlið tugþúsunda manna, þá er þetta ákaflega ánægjulegt," segir Green í samtali við Daily Telegraph.

Stelios er stofnandi og stærsti hluthafinn í lággjaldaflugfélaginu easyJet og kom mikið við sögu í innlendum viðskiptafréttum á meðan FL Group átti stóran hlut í félaginu. FL Group seldi sautján prósenta hlut sinn í easyJet þegar ljóst þótti að hinn grískættaði Stelios myndi ekki selja hlut sinn nema fyrir gott yfirverð. **- eþa**



**SIR PHILIP GREEN** Sir Philip er aðaleigandi Arcadia og BHS.



**SIR STELIOS HAJI-IOANNOU** Sir Stelios er aðaleigandi easyJet.




**HÖFUÐSTÖÐVAR ÍBÚÐALÁNASJÓÐS** Lánshæfismat Íbúðalánasjóðs í innlendri mynt er áfram á athugunarlista og horfur neikvæðar samkvæmt Standard & Poor.

# Íbúðalánasjóður enn á athugunarlista

Lánshæfismat Íbúðalánasjóðs í innlendri mynt er áfram á athugunarlista og horfur neikvæðar samkvæmt uppfærðu lánshæfismati alþjóðlega matsfyrirtækisins Standard & Poor's (S&P).

Lánshæfiseinkunn Íbúðalánasjóðs er því enn um sinn AA+ fyrir langtímaskuldbindingar í innlendri mynt. Áætlað er að birta endurskoðaða niðurstöðu á lánshæfismati sjóðsins í júlí.

Fram kemur í yfirlýsingu frá S&P að Íbúðalánasjóður hafi misst stöðu sína sem eina útlánastofnunin á húsnæðismarkaði auk þess sem óvissa ríki um framtíð sjóðsins. Innkoma bankanna á íbúðalánamarkað hafi orðið til þess að markaðshlutdeild Íbúðalánasjóðs hafi snarminnkað og ekkert bendi til þess að breyting verði á.

S&P telur engu að síður að Íbúðalánasjóður hafi enn mikilvægu hlutverki að gegna á húsnæðismarkaði og væntir yfirlýsingar nýuppstokkaðrar ríkisstjórnar Íslands um framtíð sjóðsins á næstunni.

Komi til þess að breyting verði gerð á lánshæfismati Íbúðalánasjóðs verður það ekki um fleiri þrep en tvö, þannig að lánshæfismat sjóðsins verður ekki lægra en AA-. **- jsk**

# LSE fær samkeppni

Hugsanlegt er að nýrri kauphöll verði hleypt af stokkunum í London. Þetta kom fram í viðtali Financial Times við John Thain, framkvæmdastjóra Kauphallarinnar í New York. Fyrr í þessum mánuði féll Euronext-kauphöllin NYSE í skaut fyrir 9,96 milljarða Bandaríkjadala, um 750 milljarða íslenskra króna. Undir Euronext falla kauphallirnar í París, Amsterdam, Brussel og Lissabon. Skili sameiningin kauphöllunum ekki ásættanlega mörgum alþjóðlegum nýskráningum verður hugsanlega brugðið á það ráð að opna nýja kauphöll í London.

Í viðtalinu útilokar Thain ekki að NYSE geti sóst eftir yfirtöku á Kauphöllinni í London þrátt fyrir að hann sjái það heldur fyrir sér að ný kauphöll verði stofnuð í beinni samkeppni við hana. **- hhs**




**NYSE TEYGIR ÚT ANGA SÍNA** Ef til vill opnar ný kauphöll í London eftir sameiningar.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



1. VERÐLAUN
þýsku neytendasamtakanna

HREINN SPARNAÐUR

Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt
með betri meðferð á þvottinum þínum

Allt að 30% afsláttur
Á Miele þvottavélum

1 **Miele þvottavélar** eru með nýrri tromlu með vaxkökumynstri sem fer betur með þvottinn. *Einkaleyfi Miele.*

2 **Miele þvottavélar** eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

3 **Miele þvottavélar** endast lengur en aðrar þvottavélar.

Miele
Íslenskt stjórnborð




vilborga@centrum.is

Neytendastofnanir prófa þvottavélar í 3.800 klst.
Samkeppninsaðilar 1 prófa sínar vélar í 4.500 klst.
Samkeppnisaðilar 2 prófa sínar vélar í 6.000 klst.
**Miele prófar sínar þvottavélar í 10.000 klst.**



MIELE ÞVOTTAVÉL- *fjárfesting sem borgar sig*

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W405 *1200sn/mín/5 kg.* | kr. 138.428 | **kr. 96.900** |
| Þvottavél W2241 *1400sn/mín/5 kg.* | kr. 164.000 | **kr. 114.800** |
| Þvottavél W3245 *1600sn/mín/6 kg.* | kr. 191.300 | **kr. 162.605** |
| Þurrkari T223 *útblástur/5 kg.* | kr. 112.200 | **kr. 78.540** |
| Þurrkari T233C *rakaþéttir/5 kg.* | kr. 131.000 | **kr. 91.700** |

*Í upphafi skal endirinn skoða*
*- Miele borgar sig*

EIRVÍK
*– hágæðaheimilistæki*
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

JACK KILBY (1923-2005)
LÉST ÞENNAN DAG.

*„Ég veit í rauninni ekki hvað verður úr þessu, en ég er viss um að það verður mikið því þetta er bæði einfalt og öflugt.“*



***Vísindamaðurinn Jack Kilby fann upp samrásir í rafeindafræði sem er grunnþáttur í ýmsum raftækjum, sem okkur þykja ómissandi í dag, eins og tölvum og farsímum.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 20. JÚNÍ 1875

# *Ævintýramaðurinn Joe Meek allur*



Þennan dag árið 1875 lést fjallamaðurinn Joe Meek á búgarði sínum í Oregon. Margar sögur hafa verið sagðar af ævintýralegu lífi hans og talið að margar þeirra séu nærri lagi. Hann fæddist í Virginíu árið 1810 og var of líflegur til að sitja lengi á skólabekk. Hann fór því að heiman sextán ára og flutti vestur til bræðra sinna í Missouri.

Hann gekk til liðs við skinnakaupmenn í vestrinu og naut næsta áratuginn frjálsræðisins sem fjallamaður. Hann var stór maður með mikið skegg og skemmti fjallamönnum með ýktum sögum af ævintýrum sínum á ýmsum samkomum. Til að mynda átti hann að hafa barist berhentur við grábjörn.

Meek átti góð samskipti við innfædda. Hann kvæntist þremur indjánastúlkum, þar á meðal einni dóttur indjánahöfðingja. Hann tók þó einnig þátt í bardögum við ættflokka sem sættu sig ekki við nærveru fjallamannanna á umráðasvæði sínu.

Árið 1840 þótti Meek ljóst að líf fjallamanna væri að líða undir lok og leiddi því eina fyrstu vagnalestina yfir Klettafjöllin. Hann gerðist bóndi í Oregon og hvatti aðra til að feta í fótspor sín. Hann fór til Washington og sótti fast að fá hernaðarvernd gegn indjánum. Þrátt fyrir útganginn á honum, en hann var bæði skítugur og lúsugur, varð hann nokkurs konar stjarna í borginni vegna skemmtilegrar framkomu. Þingið brást við með því að gera Oregon að fylki í Bandaríkjunum og Meek varð alríkislögreglumaður.

## MERKISATBURÐIR

**1627** Tyrkjaránið hefst þegar ræningjar frá Alsír koma á skipi til Grindavíkur. Það stóð til 19. júlí.

**1750** Gengið er á tind Heklu í fyrsta sinn svo vitað sé. Það gerðu Bjarni Pálsson, síðar landlæknir, og Eggert Ólafsson, vísindamaður og skáld.

**1904** Fyrsta bifreiðin kemur til landsins með gufuskipinu Kong Tryggve.

**1970** Listahátíð í Reykjavík er sett í fyrsta sinn. Meðal flytjenda á hátíðinni eru Daniel Barenboim píanóleikari og hljómsveitin Led Zeppelin.

**1976** Vesturlandabúar eru fluttir frá Beirút.

**1980** Luciano Pavarotti syngur í Laugardalshöllinni.




†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingileif Guðjónsdóttir**

frá Hliði, Akranesi, seinast til heimilis á Dvalarheimilinu Höfða,

lést á Sjúkrahúsi Akraness föstudaginn 16. júní. Hún verður jarðsungin frá Akraneskirkju, föstudaginn 23. júní kl. 14.00.

**Valdís Guðnadóttir**
**Oddur Gíslason**
**Egill Steinar Gíslason** **Borghildur Birgisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Dagmar Jóhannesdóttir,**

lést laugardaginn 17. júní.

**Atli Viðar Jóhannesson** **Benna Stefanía Rósantsdóttir**
**Dagmar Ósk Atladóttir** **Halldór Walter Stefánsson**
**Inga Sigrún Atladóttir** **Eric Dossantos**
**Kristjana Atladóttir** **Pétur Marinó Fredericksson**
**Júlía Rós Atladóttir** **Hermann Sigurður Hermannsson**
**og barnabarnabörn.**

†

*Ástkær eiginmaður minn,*

**Helgi Sigurðsson**

Brautarhóli, Svalbarðsströnd,

lést 18. júní. Útförin verður auglýst síðar.

**Margrét Jóhannsdóttir.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, bróðir og afi,*

**Guðjón Björn Ásmundsson**

Hríseyjargötu 6, Akureyri,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 7. júní. Jarðsungið verður frá Glerárkirkju föstudaginn 23. júní klukkan 14.00. Jarðsett verður í Lögmannshlíð.

**Ólöf Tryggvadóttir**
**Guðlaug Ósk Guðjónsdóttir** **Birgir Gunnarsson**
**Guðmundur Karl Guðjónsson** **Sigrún Guðmundsdóttir**
**Ásmundur Jónas Guðjónsson** **Helga María Stefánsdóttir**
**Valborg Inga Guðjónsdóttir** **Guðjón Páll Jóhannsson**
**Tryggvi Stefán Guðjónsson** **Auður Birgisdóttir**
**Erla Hrönn Ásmundsdóttir**
**og afabörn.**




**RAGNAR JÓN SKÚLASON HÁRSKERI** Um þessar mundir heldur Ragnar upp á að fjörutíu ár eru liðin síðan hann opnaði klippistofuna sína í Keflavík. Hann ætlar þó að draga aðeins úr klippingunum um næstu mánaðamót þegar hann opnar nýtt fjörutíu herbergja hótel, Hótel Keili. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

## RAGNAR JÓN SKÚLASON: FJÖRUTÍU ÁRA STARFSAFMÆLI

# Alltaf með hendurnar á lofti

„Ég hef verið fjörutíu ár í klippingunum, er að fara að opna hótel með fjörutíu herbergjum og svo verð ég sextugur í desember,“ segir Ragnar Jón Skúlason, rakari og hóteleigandi í Keflavík, sem stendur heldur betur á tímamótum um þessar mundir. Fyrir liggur að opna Hótel Keili í Keflavík um næstu mánaðamót og segir Ragnar að rétt þurfi að „fínissera“ nokkur atriði fyrir opnunina.

„Ég átti húsið og datt allt í einu í hug að opna hótel,“ segir Ragnar. Hann hefur verið í húsbyggingum undanfarin ár samhliða rakarastarfinu og horfir kannski meira núna til annarra starfa. „Það eru breyttir tímar í klippingum núna. Fólki á svæðinu er að fækka enda var mikið gert með klippingar á flugvellinum.“ Ragnar segir mikla eftirspurn eftir nýju hóteli í Keflavík og býst við að fleiri ferðamenn eigi eftir að velja að gista þar eina nótt áður en þeir fara í flug. Hann ætlar þó ekki að hætta að klippa þegar hótelið opnar heldur horfa frekar til þess að þjappa viðskiptavinunum saman og hafa styttri opnunartíma á klippistofunni. „Ég ætla að vera með opið nokkra tíma á dag og sjá hvernig þetta þróast.“

Aðspurður segir Ragnar að rakarastarfið sé mesta ágætisstarf. „Maður hefur aldrei fengið leið á þessu vegna þess að maður hefur alltaf verið í skítverkum og byggingarvinnu samhliða því að klippa. Flestir tolla nú ekki mjög lengi í þessu því þetta er erfið vinna oft á tíðum. Maður þarf að glíma við erfiða krakka og svo eru bara stellingarnar stundum erfiðar. Ég er fimur og fíngerður maður svo þetta hefur ekki komið niður á mér, en þeir hjá læknunum hafa alltaf verið hissa að ég hafi aldrei fengið í herðarnar, því ég er alltaf með hendurnar á lofti.“

Viðskiptavinir Ragnars koma alls staðar að af Reykjanesskaganum og eru af öllum stærðum og gerðum. „Við vorum sterkir í Grindvíkingum hérna áður fyrr. Í gegn um tíðina hafa alltaf verið margar stofur í Keflavík en þetta hefur breyst dálítið undanfarið og stofurnar hafa dreifst um skagann.“ Ragnar segir að mikið líf sé á stofunni þótt það sé liðin tíð að fólk komi og spyrji rakarann hvað sé að frétta. „Hingað koma menn yfirleitt hressir og vilja gantast. Kúnninn getur þó eiginlega frekar frætt rakarann um fréttirnar núna.“

## ÚTFARIR

13.00 **Guðjón Helgason** verður jarðsunginn frá Grensáskirkju.

14.00 **Jóhann Helgi Stefánsson** frá Grundarkoti í Héðinsfirði, Hólavegi 31, Siglufirði, verður jarðsunginn frá Siglufjarðarkirkju.

15.00 **Kristinn Guðmundsson**, Háaleitisbraut 39, Reykjavík, verður jarðsunginn frá kapellunni í Fossvogi.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000**.

## AFMÆLI



**Árný Erla Sveinbjörnsdóttir** jarðfræðingur er 53 ára.



**Orri Vignir Hlöðversson**, framkvæmdastjóri Frumherja, er 42 ára.



**Nanna Guðbergsdóttir** athafnakona er 32 ára.

# Erfðatækni í landbúnaði

Á morgun, miðvikudaginn 21. júní, standa Bændasamtök Íslands, landbúnaðarráðuneyti og Landbúnaðarháskóli Íslands fyrir málþingi um notkun erfðatækni í landbúnaði. Horft verður á erfðatækni frá ýmsum hliðum. Sérstaklega verður þó litið til þess að kynna möguleika og tækifæri plöntuerfðatækni hér á landi sem erlendis og hvað beri að varast við slíka ræktun. Fyrirlesararnir eru meðal fremstu vísindamanna landsins og koma einnig við sögu tveir vísindamenn frá Bretlandi og Bandaríkjunum. Fyrirlestrarnir hefjast klukkan 13 og endar málþingið á fyrirspurnum og pallborðsumræðum milli klukkan 16 og 17. Fundarstjóri er Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands.

Fundurinn er haldinn í Súlnasal og má nálgast frekari upplýsingar um dagskrá þingsins á heimasíðu HÍ.

# Vatnsvirkinn er í sumarskapi!

**Hreinlætistæki með miklum afslætti í verslunum Vatnsvirkjans.
Komdu og gerðu góð kaup - tilboðin gilda meðan birgðir endast!**



BOSTON
Verð áður: 21.403,-
Tilboðsverð: kr. 14.995,-
30% afsláttur



MONDEGO
Verð áður: 4.999,-
Tilboðsverð: kr. 2.499,-
50% afsláttur



MIRAMAR
Verð áður: 9.999,-
Tilboðsverð: kr. 4.995,-
50% afsláttur



MISSOURI
Verð áður: 11.999,-
Tilboðsverð: kr. 8.999,-
25% afsláttur



Verð áður: 107.815,-
Tilboðsverð: kr. 74.995,-
30% afsláttur



Allt settið
Verð áður: 68.647,-
Tilboðsverð: kr. 49.995,-



Allt settið
Verð áður: 57.775,-
Tilboðsverð: kr. 34.666,-
40%



Verð áður: 19.999,-
Tilboðsverð: kr. 9.999,-
50% afsláttur

GLÆSILEGT ÚRVAL AF STURTUHAUSUM

Verð áður: 19.999,-
Tilboðsverð: kr. 9.999,-
50% afsláttur

**Innbyggð hitastýrð blöndunartæki í hæsta gæðaflokki!**



Verð áður: 54.999,-
Tilboðsverð: kr. 43.999,-
20% afsláttur

Verð áður: 44.999,-
Tilboðsverð: kr. 35.999,-
20% afsláttur

Verð áður: 64.999,-
Tilboðsverð: kr. 51.999,-
20% afsláttur

Verð áður: 49.999,-
Tilboðsverð: kr. 39.999,-
20% afsláttur

## Vatnsvirkinn hefur verið leiðandi í sölu á hreinlætistækjum í ríflega 50 ár!



VATNSVIRKINN

Ármúla 21 - Reykjavík - Sími 533 2020 - Dalshrauni 13 - Hafnarfirði - Sími: 555 2080 - Fax 533 2022 - www.vatnsvirkinn.is






## STUÐ MILLI STRÍÐA Með blóðbragð í munni

**KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR** UPPGÖTVAR VILLIMANNINN Í SJÁLFRI SÉR



Árið 1998, þegar heimsmeistarakeppnin í fótbolta fór fram í Frakklandi, sat ég límd við skjáinn þar sem ég var dyggur stuðningsmaður Frakkanna. Dáðist að tökum Zidane og fagnaði hverju marki sem liðið potaði inn og sérstaklega var mér minnistæður leikur þar sem Frakkar og Paragvæ öttu kappi. Ég fagnaði mikið þegar Frakkar höfðu betur, en fékk þó fljótt sting í hjartað þegar ég sá hversu vonsviknir vesalings leikmenn Paragvæ voru. Þeir gengu grátandi um völlinn og ég réði ekki við mig og felldi nokkur tár þeim til samlætis. Frá þeirri stundu taldi ég mig of lina til að horfa á boltann.

Annað var uppi á teningnum um síðustu helgi þegar ég horfði á leik Ítalíu og Bandaríkjanna. Ég bjóst ekki við að leikurinn yrði skemmtilegur, en fljótlega hljóp hiti í leikinn þegar ítalski leikmaðurinn De Rossi stökk upp og dúndraði olnboganum í andlit Bandaríkjamannsins McBride og blóðið fór að flæða. Eitthvað gerðist innra með mér. Ég fékk blóðbragð í munninn, hentist fram á brún sófans og hvessti augun á skjáinn og æpti upp „Djö... maður, þetta var rosalegt.“ Til að njóta eftirbragðsins, blikkaði ég varla augunum til að sjá endursýningu á atvikinu og blótaði svo Ítalanum, sem ég hafði reyndar dáðst að skömmu áður fyrir að vera í gylltum skóm (hey, ég er kona). Fyrsta rauða spjaldið var dregið úr slíðrum dómarans og fyrsti leikmaðurinn rekinn út af velli. Þetta var ekki eina rauða spjaldið, enda vantaði ekkert á spennuna og hitann í þessum leik. Villimaðurinn í mér hafði verið vakinn upp þar sem ég sat og beið spennt eftir því að eitthvað hrikalegt myndi gerast og taugarnar þöndust í hvert sinn sem annaðhvort liðið reyndi við markið. Að leik loknum vissi ég það eitt að ég vildi meira og ég lofa að í framtíðinni verða engin tár felld fyrir tapliðið.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**!** **Kl. 16.15**

*Danski stjarneðlisfræðingurinn Anja Andersen heldur erindi á vegum raunvísindadeildar Háskóla Íslands undir yfirskriftinni Líf í alheimi. Erindið verður flutt í hátíðarsal skólans og er opinn öllum áhugasömum gestum.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Keppst um Þriðja táknið

Rithöfundurinn Yrsa Sigurðardóttir er umsetin af erlendum útgefendum en forlagið Veröld hefur gengið frá samningum um útgáfu á spennusögu hennar, Þriðja tákninu, á tuttugu tungumálum. Bandarískir og breskir útgefendur keppast við að bjóða í bókina auk þess sem þeir hafa fest sér útgáfurétt á næsta verki þrátt fyrir að höfundurinn sé vart farinn að setja stafkrók á blað. Á dögunum kom fyrsta þýðingin út á Spáni.

Þriðja táknið kom fyrir síðustu jól og er fyrsta spennusaga Yrsu en hún hefur áður sent frá sér fimm barnabækur, þar á meðal bókina Bíóbörn sem hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin árið 2003 og Við viljum jólin í júlí sem hlaut viðurkenningu IBBY-samtakanna árið 2000. Spennusagan fjallar um rannsókn á morði þýsks sagnfræðinema sem ferðaðist hingað til lands til þess að stunda rannsóknir á galdrafári í Evrópu en íslenskur lögfræðingur vinnur að málinu ásamt þýskum reynslubolta. Í sameiningu reyna þau að komast að því hvernig þessi háskólanemi endaði skelfilega útleikinn og augnalaus í Árnagarði.



**YRSA SIGURÐARDÓTTIR RITHÖFUNDUR** Spennusagan Þriðja táknið slær í gegn á erlendri grund.

### > Ekki missa af...

sumrinu á **Árbæjarsafni**. Sögulegir viðburðir og allra handa **uppákomur** fyrir alla fjölskylduna. Um helgina opnaði líka forvitnileg sýning um **diskó- og pönkárin á Íslandi**. Safnið er opið frá 10-17 alla daga.

**Marteini Lúther og Roald Amundsen** í Þjóðminjasafninu. Á þriðju hæðinni er vaxmyndasýning þar sem kappar þessir eru í góðum félagsskap **Napóleons** og **Óskars Halldórssonar.**

söngleiknum **Footloose** sem verður frumsýndur í **Borgarleikhúsinu** í júní. Það er kominn tími til að taka fram grifflurnar.

# Árviss töfrandi stemning

**Árlegir sólstöðutónleikar Páls Óskars og Moniku verða haldnir á Café Flóru í Grasagarðinum í Laugardal annað kvöld. Síðast bættist þeim vængjaður liðsauki svo gestir mega búast við töfrandi stemningu og himneskri tónlist.**



**PÁLL ÓSKAR OG MONIKA ABENDROTH** Leika og syngja á lengsta degi ársins í Grasagarðinum í Laugardal annað kvöld.

Þetta er í fimmta sinn sem Páll Óskar syngur með Moniku á sólstöðutónleikum en hún stóð áður fyrir hörputónleikum af þessu tilefni. „Þetta hefur mælst mjög vel fyrir og við höfum ákveðið að halda þessu áfram. Við höldum alltaf tónleikana á þessum degi, lengsta degi ársins. Stemningin getur verið alveg ólýsanleg, við spilum fram yfir miðnætti og tónleikagestir ganga síðan út í sumarnóttina,“ segir Páll Óskar.

Að hans sögn eru síðustu tónleikar hreint kostulegir í minningunni. „Það var alveg grenjandi rigning svo það tók undir í gróðurhúsinu. Það varð svo mikill raki að harpan varð fölsk og Monika þurfti að stilla hana svona fimmtán sinnum. Það var samt allt í lagi því við stoppuðum bara milli laga og gerðum grín að öllu saman. Svo þegar tónleikarnir voru hálfnaðir þá flaug fugl inn í gróðurhúsið og fór að syngja með okkur, hann söng alveg á réttum stöðum og þannig var það þar til tónleikarnir voru búnir. Við sjálf og áheyrendurnir sprungum úr hlátri,“ útskýrir Páll Óskar kíminn.

Tónleikarnir hefjast kl. tíu og Páll segist vera búinn að kíkja á spána. „Þetta á að vera hið besta mál en það skiptir samt engu máli hvernig veðrið er – þetta er alltaf jafn yndislegt.“ Á efnisskránni er bæði nýtt og eldra efni eftir íslenska og erlenda höfunda, þar á meðal eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson, Burt Bacharach og Magnús Þór. „Við vorum að taka upp glænýtt lag eftir Magnús Þór sem mun koma út á plötu til styrktar MND sjúklingum. Lagið heitir „Lilja“ en það samdi hann við minningarljóð sem Gunnar Dal orti um eiginkonu sína. Þetta er alveg ofsalega fallegt lag og Magnús hefur hitt á einhvern streng enn einu sinni – hann er svo slyngur lagahöfundur,“ segir söngvarinn og segir að lagið muni án efa hitta fólk í hjartastað.

Páll Óskar útskýrir að ekki sé um neina stórtónleika að ræða og oft komist færri að en vilja á sólstöðutónleikana. „Því fyrr sem fólk mætir þeim mun meiri séns er að ná góðu sæti.“ Fyrir þá sem ekki komast annað kvöld má benda á að þau munu halda tvenna tónleika í öðrum huggulegum tónleikasal, á Menningarnótt, en þá leika þau í Listasafni Einars Jónssonar. **kristrun@frettabladid.is**

# Safnrit um sögulegan bókmenntaarf

Í bókinni Íslandslag: Íslensk-kanadískar bókmenntir frá 1870 til nútímans má finna safn smásagna, ljóða og sögukafla úr bókmenntum eftir Vestur-Íslendinga en í ritinu er leitast við að gefa sannferðuga mynd af þessum bókmenntaarfi sem að mörgu leyti sker sig frá þeim íslensku bókmenntum sem skrifaðar hafa verið á Íslandi.

Þar eru birt sýnishorn af verkum sem íslenskir eða íslenskættaðir höfundar skrifuðu bæði á íslensku og ensku. Sum verkanna hafa birst áður, til dæmis í safnritunum Vestan um haf sem kom út árið 1930, og hefti tímaritsins Jón á Bægisá – Tímarit þýðenda árið 1997, en þau rit eru bæði löngu uppseld. Meðal höfunda efnis bókarinnar eru Júlíana Jónsdóttir, Káinn, Stephan G. Stephansson, Undína, William D. Valgardson og Þorsteinn Þ. Þorsteinsson.



**GARÐAR BALDVINSSON RITSTJÓRI** Gefur út yfirgripsmikið safnrit um íslensk-kanadískar bókmenntir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ritstjóri Íslandslags er Garðar Baldvinsson en hann ritar jafnframt formála bókarinnar þar sem verkin eru kynnt og sett í bókmenntasögulegt samhengi. Garðar er einn helsti sérfræðingur Íslands í íslensk-kanadískum bókmenntum og hefur unnið að riti þessu í nokkur ár en hann starfar sem fræðimaður, þýðandi og útgefandi. Aukinheldur hefur hann sent frá sér fimm ljóðabækur en sú nýjasta, Höfðaborg, kom út á síðasta ári.

Um þessar mundir ferðast hann um söguslóðir Íslendinga í Vesturheimi. Hann mun ferðast til Manitoba í Kanada og Norður-Dakota í Bandaríkjunum þar sem hann mun kynna bókina fyrir áhugasömum lesendum, íslenskum innflytjendum og afkomendum þeirra. **- khh**


www.sturta.is
allan sólarhringinn!
Þú verður bara líka...
Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður.
Sími: 565-5566
sturta.is

Alveg brilljant skilnaður
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur um allt land.
Sjallinn Akureyri 22. og 23. júní
Miðasala: Penninn Glerártorgi
Landsbankinn
Viðskiptavinir Landsbankans fá 500 króna afslátt af miðaverði

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar
FÖS. 23. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
LAU. 24. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FIM. 29. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FÖS. 30. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK !
„Besta söngleikjauppfærsla ársins“
S.S - Fréttablaðið
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn
ÍSLENSKA ÓPERAN

footloose
29. júní Frumsýning – Uppselt
30. júní – Örfá sæti laus
1. júlí – Uppselt
6. júlí – laus sæti
7. júlí – laus sæti
8. júlí – laus sæti
Miðasalan er í síma 568 8000
www.borgarleikhus.is
www.minnsirkus.is/footloose
Á ÞAKINU

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00
UNDIR SJÖSTJÖRNU
Sun. 25/6 örfá sæti laus. Japönsk gestasýning.
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Sala hafin á sýningar í september. Lau. 2/9, sun. 3/9, fös. 8/9, lau. 9/9.
KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Fös. 23/6 uppselt, lau. 24/6 uppselt, sun. 25/6 uppselt. Sérstakar aukasýningar í tilefni 12 tilnefninga til Grímunnar - Íslensku leiklistarverðlaunanna.
Sala hafin á sýningar í september.
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 örfá sæti laus.
LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.
MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30 TIL KL. 18:00. MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200.
SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

# Rætt um Erlend erlendis

Breska dagblaðið The Guardian birti viðtal við rithöfundinn Arnald Indriðason á heimasíðu sinni um síðustu helgi en þar ræðir blaðamaðurinn Nicholas Wroe við Arnald um verk hans og bakland í kvikmyndum og föðurhúsum.

Í viðtalinu er stiklað á stóru í höfundarferli Arnaldar en þar kemur meðal annars fram að hann skrifi fyrir íslenska lesendur, frá íslensku sjónarhorni og segist dálítið undrandi á því að það hafi aukið áhuga erlendra lesenda að hann væri frá Íslandi. Hann bendir einnig á tengsl sín við kvikmyndir og útskýrir að verk sín kinki kolli til Alfreds Hitchcock sem var á sínum tíma uppáhalds leikstjórinn hans. Arnaldur nefnir einnig hljóðin í ritvél föður síns sem hluta af bernskunni en jafnframt ræðir hann hvernig staða og nærvera föður hans, rithöfundarins og ritstjórans Indriða G. Þorsteinssonar, hafi einnig valdið því að hann byrjaði seint að skrifa.


**ARNALDUR INDRIÐASON RITHÖFUNDUR** Ræddi um fortíð sína og framtíð við blaðamann The Guardian. MYND/RALF BAUMGARTEN

Bækur hans hafa nú verið gefnar út í meira en þrjátíu löndum og segist hann vera meðvitaður um auknar væntingar lesenda til bóka sinna. Spennusagan Grafarþögn kom út í Bretlandi á síðasta ári og hafa þarlendir lesendur tekið henni stórvel en í næsta mánuði kemur spennusagan Röddin út hjá Harvill-útgáfunni. Breskir lesendur geta því hugsað sér gott til glóðarinnar og eiga von á að kynnast lögreglumanninum Erlendi betur. Höfundurinn sjálfur segist stefna að því sama en langtímamarkmið hans er að skilja þennan íhugula og mædda mann. Hann kveðst þó vera að renna út á tíma þar sem kenningin sé að persóna á borð við Erlend sé aðeins efni í tíu bækur en hann er þegar búinn að skrifa sjö um kappann. - khh

# Myrkraverk í Þjóðarbókhlöðunni

Sumarsýning Landsbókasafns Íslands er helguð íslenskum glæpasögum og sögusviðum þeirra í Reykjavík. Borg óttans birtist í mörgum myndum á sýningunni sem ber heitið „Myrkraverk og misindismenn – Reykjavík í íslenskum glæpasögum“.

Íslensk glæpasagnahefð er gríðarlega fjölbreytt þótt glæpasögurnar séu hlutfallslega fáar en þar kemur við sögu fjölskrúðugt persónuleikagallerí, drykkfelldir blaðamenn, fjölþreifnir lögfræðingar, ævintýragjarnir kerfiskallar og laglegur slatti af löggum með meltingartruflanir.

Á sýningunni má sjá fjölda ljósmynda og bóka en textahöfundur sýningarinnar er Katrín Jakobsdóttir íslenskufræðingur en BA-ritgerð hennar, Glæpurinn sem ekki fannst – Saga og þróun íslenskra glæpasagna, kom út hjá Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands árið 2001.

Katrín fjallaði einnig um samfélagsmynd íslenskra glæpasagna í meistaraprófsritgerð sinni.


**EMILÍA SIGMARSDÓTTIR UMSJÓNARMAÐUR SÝNINGARINNAR** Fróðleg sýning um heim íslenskra glæpasagna og sögusvið þeirra í borg óttans. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Á sýningunni gefur einnig að líta teikningar unnar úr spennusögunni Vetrarborginni eftir fyrrgreindan Arnald Indriðason sem myndlistarmaðurinn Halldór Baldursson gerði. Upphaflega var Halldór beðinn að gera málverk en honum fannst eðlilegra að halda sig við söguformið og því varð myndasagan fyrir valinu. Halldór ákvað að velja síðurnar kerfisbundið, síðu 1, 100, 200 og 300. Með því kembdi hann söguna á hlutlausan hátt. Í bókinni reyndist ekki vera neinn skortur á atburðum og myndasaga Halldórs gefur góða yfirsýn yfir atburði þessarar æsispennandi Reykjavíkursögu.

Sýningin er sett upp af Landsbókasafni Íslands í samvinnu við Listahátíð í Reykjavík og Edduútgáfu. En hún er hönnuð af Lilju Gunnarsdóttur ljósmyndara og teiknara. Sýningin stendur til 31. ágúst og er opin á þjónustutíma safnsins. - khh



Alveg brilljant skilnaður
Einleikur Eddu Björgvinsdóttur um allt land
Sjallinn Akureyri
22. og 23. júní.
Miðasala: Penninn Glerártorgi
Sýningin hefst kl. 20.00
Húsið opnar kl.19.00
www.sjallinn.is
Landsbankinn
Viðskiptavinir Landsbankans fá 500 króna afslátt af miðaverði.

2 Tvöfaldur pottur
120
1. vinningur
+380
500 MILLJÓNIR
Bónus-vinningur 4 milljónir
MILLJÓNIR Á LAUSU!
Potturinn stefnir í 120 milljónir. Ofurpotturinn stefnir í 380 milljónir og bónusvinningurinn í 4 milljónir.
Fáðu þér miða fyrir kl. 16 á miðvikudaginn eða taktu séns á að missa af þessu!
VÍKINGA LOTTÓ
Alltaf á miðvikudögum!
ENNEMM / SÍA / NM22344

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

## SKRÍTNA FRÉTTIN

# Barði konu með dauðum hvolpi

Bandaríkjakonan Lisa Lynn Hopfer komst í fréttirnar á dögunum þegar hún barði konu ítrekað í hausinn með óhefðbundnu barefli, svo ekki sé fastar að orði kveðið, eða dauðum hvolpi. Lisa var nýbúin að kaupa fjögurra vikna gamlan Chihuahua hvolp á tæpar átta þúsund krónur og var á leiðinni með hann til læknis þegar hann skyndilega dó í örmum hennar.

Ekki var hún Lisa sátt með að hafa keypt köttinn í sekknum, eða hundinn í þessu tilfelli, og rauk af stað til seljenda hvolpsins. Ruddi hún sér leið inn í húsið og var á leið niður í kjallara í þeim tilgangi að fá sér nýjan hvolp. Þar stöðvuðu húseigendur hana og reyndu að koma henni út úr húsinu. Lisa beið þá ekki boðanna heldur byrjaði að lemja þau með hvolpnum af mikilum ofsa. Þurfti húsfreyjan að fara á sjúkrahús til að láta að gera að sárum sínum en Lisa barði hana með hvolpnum um 30 sinnum í hausinn. Lisa á yfir höfði sér kæru fyrir líkamsárás og að hafa farið inn á lóð hundaeigendanna í leyfisleysi. Lisu er það ef til vill huggun harmi gegn að eftir öll ósköpin fékk hún átta þúsund krónurnar, sem hún borgaði fyrir vesalings hvolpinn, endurgreiddar en þeir aurar ganga líklega upp í lögfræðikostnað.



**SÆTIR HVOLPAR** Það er nú betra að nota annars konar barefli en hvolpa þegar maður missir stjórn á skapi sínu.




**GULL OG GERSEMAR** Olivia Newton-John og Donna Summer voru toppurinn.



**FRÆBBBLARNIR** Pönkhljómsveitin Fræbbblarnir lék fyrir opnunargesti.

# Diskó friskó í Árbæjarsafni

Nostalgía sveif yfir vötnum í Árbæjarsafni á föstudag þegar sýningin Diskó og pönk var opnuð með glæsibrag. Gestir geta fengið sér snúning á dansgólfinu sem er í anda skemmtistaðarins Hollywood, litið inn í bílskúrsmenningu pönksins, hlustað á hljóðdæmi og skoðað gamla muni í eigu pönkara og diskóbolta landsins. Árbæjarsafn og Gallerí humar eða frægð standa að sýningunni sem verður opin fram á næsta ár í Árbæjarsafni. Samhliða því verður galleríið með hluta sýningarinnar á Laugavegi 59 í sumar.



**EINAR ÖRN BENEDIKTSSON** Einar Örn flutti ávarp við opnunina, enda einn fyrsti pönkari landsins. Hann er einnig einn aðstandenda Galleris humar eða frægð.



**NÆSTA PÖNKKYNSLÓÐIN** Pönkið og diskóið er í sífelldri endurvinnslu og er sýningin ekki bara fyrir þá sem muna eftir gömlu, góðu dögunum.



**HOLLYWOOD** Skemmtistaðurinn Hollywood er endurvakinn í kornhlöðunni á Árbæjarsafni.



**PLÖTUSNÚÐUR** Vaxmyndasafnið í London má fara að vara sig.

Smart og létt á fæti
– heilsteypt glös á tilboðsverði

Þórunn Kristjánsdóttir
Sölumaður hjá RV

Rauðvínsglös, hvítvínsglös og bjórglös á tilboðsverði í júní 2006





1.924 kr.
12 stk.
Imperial 42 cl rauðvínsglös



854 kr.
6 stk.
Maldive 36 cl bjórglös

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6207B




# Þrjár af hverjum fjórum lesa Birtu

Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa yfir 74% af konum á aldrinum 18 til 49 ára á Suðvesturhorninu tímaritið Birtu. Þetta þýðir að 3 af hverjum 4 konum lesa tímaritið sem auk þess hefur afgerandi forystu meðal annarra þjóðfélagshópa. Lesturinn á Birtu hefur aldrei mælst meiri.

**Hvar birtist auglýsingin þín?**

birta

Mest lesna tímarit landsins

Birtu er dreift inn á 95.000 heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.

* Skv.nýjustu könnun Gallup (maí 2006)









**GRAND THEFT AUTO** Toni Cipriani ferðast um og lendir í hinum ýmsu ævintýrum í tölvuleiknum.

# Grand Theft Auto á PS2

Tölvuleikurinn Grand Theft Auto Liberty Stories er kominn út fyrir leikjatölvuna Playstation 2.

Eftir að hafa slegið í gegn fyrir PSP-tölvurnar hefur leikurinn nú verið uppfærður fyrir Playstation 2 með betri grafík, hraðari hleðslutíma og meira lífi í Liberty City þar sem Toni Cipriani ferðast um og lendir í hinum ýmsu ævintýrum. ■

# U2 spilar með Leonard Cohen

Hljómsveitin U2 og tónlistarmennirnir Nick Cave, Rufus Wainwright, Jarvis Cocker, Antony og Beth Orton eru á meðal þeirra sem eiga lög á plötu sem er gefin út í tengslum við heimildarmyndina I´m Your Man. Myndin, sem verður frumsýnd 14. júlí í Bandaríkjunum, fjallar um kanadíska tónlistarmanninn Leonard Cohen.

Flest laganna á plötunni eru tekin af tónleikum sem voru haldnir á Englandi og í Ástralíu til heiðurs Cohen árið 2004 og 2005. Á meðal þeirra var lagið Suzanne sem Nick Cave söng og I Can´t Forget í flutningi Jarvis Cocker.

U2 tók aftur á móti upp lagið Tower of Song með Cohen á litlum klúbbi í New York. ■



**LEONARD COHEN** Heimildarmynd um þennan þekkta tónlistarmann verður frumsýnd 14. júlí.



**ADAM SANDLER** Gamanleikarinn þekkti varð faðir í fyrsta sinn á dögunum. Hér sést hann í kvikmyndinni The Longest Yard.

# Hættur að hugsa um sjálfan sig

Bandaríski gamanleikarinn Adam Sandler, sem verður fertugur eftir nokkra mánuði, er hæstánægður með að verða orðinn faðir.

Eignaðist hann sitt fyrsta barn, stúlkuna Sadie Madison, í síðasta mánuði með eiginkonu sinni Jackie. „Nú á ég barn og er bara mjög ánægður með að þurfa ekki að hugsa eins mikið um sjálfan mig,“ sagði Sandler. „Ég hef haft 39 ár til að tala um hversu æðislegur ég er. Nú þegar ég verð orðinn fertugur er kominn tími til að tala um barnið.“

Sandler missti föður sinn fyrir nokkrum árum og veit að það er mikilvægt að nýta tímann sem maður fær. „Stundum kemur eitthvað upp á sem dregur mann niður en oftast nýt ég lífsins og ætla að gera það áfram,“ sagði hann. Stundum leiðist manni en síðan fer maður aftur að hafa gaman af lífinu.“ ■










# Illa lyktandi áfengislög

Ný áfengislög munu taka gildi í Rússlandi þann 1. júlí. Lögin eiga að draga úr drykkju þjóðarinnar en ekki eru allir alls kostar ánægðir með þau og sérstaklega ekki eigendur snyrtivöruverslana. Samkvæmt nýju lögunum þurfa nefnilega allar vörur sem innihalda alkóhól að fá sérstakt söluleyfi sem sýna að þær séu ekki ætlaðar til drykkju. Flest ilmvötn innihalda alkóhól og hafa kannanir sýnt að Rússar veigri sér ekki við því að drekka slíkan vökva þegar hart er í búi. Naglalakkseyðir og klósetthreinsir lenda jafnvel í glösum þeirra í staðinn fyrir vodka. Finnst snyrtivörusölum nokkuð hart að rússneskar konur fái ekki lengur að spreyja á sig Chanel og öðrum ilmefnum bara vegna þess að 20 prósent af löndum þeirra eru svo heimsk að drekka hreinlætis- og snyrtivörur. Þess má reyndar geta að árlega deyja um 40 þúsund manns í Rússlandi úr áfengiseitrun svo ekki rennur allt ilmvatnið jafn ljúflega niður. ■







# Ron Wood í meðferð

Ron Wood, gítarleikari The Rolling Stones, hefur skráð sig í áfengismeðferð í London. Þrátt fyrir það mun hann spila með hljómsveit sinni í væntanlegri tónleikaferð um Evrópu sem hefst 11. júlí í Róm.

Wood, sem er 59 ára, hefur lengi átt við áfengisvandamál að stríða. Síðast fór hann í meðferð fyrir sex árum. Að sögn upplýsingafulltrúa hans þurfti hann nauðsynlega á hvíld að halda og ákva ð því að fara í meðferð.

Ekki er langt síðan Keith Richards, hinn gítarleikari Stones, gekkst undir heilaskurðaðgerð eftir að hafa fallið úr pálmatré á Fiji-eyjum. Þar var hann einmitt í fríi með Woods og eiginkonum þeirra beggja. Í kjölfarið var tónleikaferð Stones um Evrópu frestað en hún átti upphaflega að hefjast í Barcelona þann 27. maí. ■



**ROLLING STONES** Ron Wood, til vinstri, hefur skráð sig í áfengismeðferð í London.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Britney með áhuga á Namibíu

Nýjustu fregnir herma að söngkonan Britney Spears hafi áhuga á því að eignast barn sitt í Namibíu. Hugmyndin er ekki ýkja frumleg þar sem leikkonan Angelia Jolie fór nýlega sérstaklega til landsins til að fæða dóttur sína og Brads Pitt. Yfirvöld í landinu eru að sjálfsögðu ánægð með þessar fréttir en segja þó að ekkert sé ákveðið í þessum efnum. Britney væntir nú annars barns síns en faðirinn er eiginmaðurinn Kevin Federline. Líklegt þykir að Britney horfi til Namibíu sem hugsanlegs fæðingarstaðar þar sem hún óskar eftir friði frá ágengum ljósmyndurum en álagið hefur verið mikið á þeim hjónum undanfarið og ljósmyndarar hafa elt þau hvert fótmál. ■



**BRITNEY SPEARS**


Sumarhappdrætti

Krabbameinsfélagsins

Útdráttur
17. júní 2006

Vinningar

**Toyota RAV4 4WD GX sjálfskiptur, 3.290.000 kr.**

57048

**Bifreið eða greiðsla upp í íbúð, 1.000.000 kr.**

56251

**Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun, 100.000 kr.**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 456 | 15133 | 35311 | 58808 | 75634 | 97683 | 115960 |
| 461 | 15571 | 35615 | 60800 | 75658 | 97822 | 117371 |
| 515 | 15818 | 35922 | 62594 | 76040 | 97832 | 118390 |
| 1930 | 18207 | 36828 | 62698 | 76839 | 99321 | 118682 |
| 2647 | 18548 | 37150 | 62780 | 78380 | 100606 | 118924 |
| 2950 | 20584 | 37704 | 62811 | 78827 | 100625 | 119132 |
| 2970 | 21031 | 38514 | 63011 | 78983 | 101012 | 119215 |
| 3109 | 23022 | 38694 | 64467 | 79001 | 101694 | 119295 |
| 4038 | 23444 | 39121 | 66087 | 79878 | 101842 | 119305 |
| 4290 | 23917 | 40652 | 66954 | 80157 | 101990 | 120167 |
| 5121 | 24796 | 42826 | 67033 | 80229 | 102494 | 121571 |
| 5471 | 24954 | 43750 | 67642 | 80368 | 102787 | 122439 |
| 5660 | 25086 | 43859 | 67870 | 82394 | 104127 | 122603 |
| 6477 | 25427 | 44507 | 67963 | 84201 | 104307 | 123255 |
| 8382 | 25637 | 44695 | 68475 | 84915 | 105492 | 123971 |
| 8490 | 26822 | 46778 | 69729 | 85627 | 106165 | 124861 |
| 9525 | 28124 | 47335 | 70597 | 86283 | 107040 | 125303 |
| 9849 | 28642 | 48876 | 71556 | 88466 | 108044 | 126210 |
| 11072 | 29721 | 50806 | 72023 | 89594 | 110758 | 126420 |
| 11512 | 30963 | 50999 | 72637 | 90385 | 111038 | 126676 |
| 11640 | 31271 | 53643 | 72984 | 91433 | 113447 | |
| 12187 | 32228 | 54019 | 74732 | 91609 | 113910 | |
| 12857 | 32390 | 55756 | 75067 | 93156 | 114851 | |
| 13441 | 32426 | 55951 | 75074 | 96424 | 115359 | |
| 15052 | 34256 | 57806 | 75605 | 96971 | 115612 | |

Birt án ábyrgðar

Krabbameinsfélagið þakkar landsmönnum veittan stuðning

Krabbameinsfélagið

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, sími 540 1900.
Byrjað verður að greiða út vinninga 28. júní nk.

www.krabb.is


# Lengi lifi Neil Young!

**[UMFJÖLLUN]**
TÓNLIST

Það hefur aldeilis lifnað yfir Neil Young að komast svona nálægt dauðanum á síðasta ári. Nú nýtir maðurinn hverja mínútu í að sinna tónlistarköllun sinni og pungar núna út annarri plötu sinni á sex mánuðum.

Hann skiptir algjörlega um gír og er öll platan gagnrýni hans á utanríkisstefnu Bandaríkjanna sem og á George W. Bush Bandaríkjaforseta. Loksins, hugsar maður eiginlega, öskrar einhver skynsöm rödd friðarópi innan úr byssuhlaupi þessa gráðuga lands. Ekki að mér finnist við Íslendingar eitthvað skárri, við megum aldrei gleyma því að þeir sem hafa þegar misst líf sitt í innrás Bandaríkjanna á Írak og Afganistan hafa einnig gert það í okkar nafni. Sjaldan hefur jafn þung ákvörðun verið tekin fyrir þjóðina af jafn fáum mönnum. Vonum bara að Halldór og Davíð geti sofið á nóttunni.

Það er alveg frábært að loksins skuli koma heil plata gegn innrásinni á Írak, en það hlýtur að teljast frekar súrt samt að það skuli vera gamall hippi sem lætur verða af því, en ekki einhver ungur og efnilegur tónlistarmaður sem hefur meiri tengingu við yngri kynslóðir. Já, tímarnir hafa svo sannarlega breyst frá tímum Víetnam-stríðsins, þar sem listamenn voru varla teknir alvarlega nema þeir væru harðir andstæðingar stríðsins. Í dag þorir engin popp- eða rokkstjarna að taka afstöðu gegn stríði opinberlega með verkum sínum. Eða þá bara að þeim sé alveg skítsama. Eins lengi og menn fá sinn skammt af kynlífi, kampavíni og kavíar.

Neil Young er skemmtilega hrár hér. Mun meira svo en á síðustu plötu, Praire Wind. Hljómgæðin hér eru jafn léleg og svo oft áður og greinilegt að hér hefur bara verið stillt upp sæmilegum græjum, talið í og spilað. Hljómgæði og vandaður flutningur er greinilega eitthvað sem skiptir Neil ekki höfuðmáli. Frekar leggur hann allan metnað sinn í lagaog textasmíðar. Það er líka langt síðan hann hefur verið svona áhrifamikill á því sviði. Beittir og grímulausir textar á borð við Let´s Impeach The President eiga eftir að teljast til klassískra verka hans í framtíðinni. Þar bætir hann einnig við upptökum úr ræðum Bush og bendir þannig á áhrifamikinn hátt á gífurlegt ósamræmi í málflutningi hans í gegnum tíðina. Í sama lagi spyr hann hlustendur hvort viðbrögð ríkisstjórnarinnar hefðu verið önnur ef al-Kaída hefði sprengt upp stíflurnar sem brustu í hvirfilbylnum sem olli flóðinu á New Orleans.

Honum er greinilega mikið niðri fyrir og er augljóslega staðráðinn í því að nýta þann tíma sem hann á eftir í það að reyna koma friðsælum boðskapi sínum á framfæri. Ekki skemmir að lögin eru ekkert síðri en hans þekktustu verk. Okkur vantar fleira svona fólk í tónlist í dag. Frábær plata frá Neil Young, hans áhrifamesta plata síðan Tonight´s the Night kom út árið 1975.

**Birgir Örn Steinarsson**




**NEIL YOUNG:**
LIVING WITH WAR

**Niðurstaða:** Neil Young skilar af sér sinni bestu plötu í 30 ár. Gamli hippinn þorir að segja hug sinn og fyrir vikið fáum við plötu sem hefur áhrif og skiptir máli. Living With War á án efa eftir að verða talin til hans mikilvægustu verka.



## Ingimundur í Ajax

Stórskyttan Ingimundur Ingimundarson er á leið til danska félagsins Ajax frá svissneska félaginu Winterthur. Hjá Ajax hittir Ingimundur fyrir meðal annars gamla félaga sinn hjá ÍR, Hannes Jón Jónsson.

# sport

sport@frettabladid.is

MAREL JÓHANN BALDVINSSON HJÁ BREIÐABLIK: VEKUR MIKLA ATHYGLI Á NÝJA MÓTORHJÓLINU

# *Virkar ekki að selja hús í leðrinu*



Markakóngur Landsbankadeildarinnar, Marel Jóhann Baldvinsson hjá Breiðablik, keyrir um á glænýju Harley Davidson mótorhjóli sem kostar víst um 2,5 milljónir króna. Marel kom heim fyrir tímabilið eftir að hafa verið í atvinnumennskunni hjá Lokeren í Belgíu. „Eftir að ég kom heim vildi ég nú aðeins fá að gera eitthvað sem ég hef mikinn áhuga á og ákvað að skella mér á mótorhjól. Þessi draumur hefur blundað í mér lengi en þegar ég var atvinnumaður úti þá mátti maður þetta ekki, það kom bara sérstaklega fram í samningnum,“ sagði Marel.

Bjarni Jóhannsson, þjálfari Blika, hoppaði ekki hæð sína af kæti þegar Marel vildi fá sér mótorhjól. „Bjarna finnst að ég hafi alveg fengið betri hugmyndir en að fá mér mótorhjól. En hann samþykkti þetta þó á endanum þótt hann hefði ekki verið of hrifinn. Hann sagði mér bara að fara varlega en þetta er náttúrulega stórhættulegt samt sem áður.“ Marel notar hvert tækifæri til að skella sér á hjólið.

„Það er bara búið að vera svo leiðinlegt veður, sumarið er ekki enn komið svo maður hefur ekki getað nýtt þetta alveg í botn,“ sagði Marel sem er vel græjaður. „Það er bara helmingurinn að kaupa sér hjólið, svo þarf að finna sér fínan hjálm og rétta klæðnaðinn. Maður er alveg leðraður frá toppi til táar.“

Hann fer nánast allar sínar leiðir á hjólinu, meðal annars á útileiki og æfingar hjá Blikum. Hann starfar sem fasteignasali en mætir þó ekki á hjólinu til vinnu. „Ég held að það virki ekki vel að selja hús í leðri, Það er þó ljóst að maður gæti alveg veitt eitthvað út á þetta ef maður ætti ekki konu,“ sagði Marel og hló, rétt áður en hann fagnaði því að göturnar væru þurrar og skellti sér í einn hjólatúr.

## > Ísland í 2. styrkleikaflokki



Íslenska handboltalandsliðið verður í öðrum styrkleikaflokki þegar dregið verður í riðla fyrir HM í Þýskalandi þann 14. júlí í Berlín. Dregið verður í sex riðla en alls eru fjórir styrkleikaflokkar. Ísland er í styrkleikaflokki með Rússum, Slóvenum, Tékkum, Pólverjum og Norðmönnum. Í efsta styrkleikaflokki eru Spánverjar, Frakkar, Danir, Túnisar, Króatar og Þjóðverjar.



**ERFIÐIR LEIKIR** Fram og Leiknir eiga erfitt verkefni fyrir höndum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

VISA-bikarinn:

## Fram fær ÍA í heimsókn

**FÓTBOLTI** Það er ekki mikið um spennandi leiki í sextán liða úrslitum VISA-bikars karla en dregið var í gær. Aðeins tvær Landsbankadeildarrimmur eru í boði þar sem Fylkir og ÍBV mætast rétt eins og FH og Víkingur. Áhugaverðasta viðureignin er þó líklega rimma 1. deildarliðs Fram og ÍA. Leikirnir fara fram 2. og 3. júlí.

**DRÁTTURINN:**

Þróttur-Grindavík
Fram-ÍA
Leiknir-Keflavík
Fylkir-ÍBV
Fjarðabyggð-Valur
FH-Víkingur
Njarðvík-KR
Breiðablik-KA

Ástralska landsliðið:

## Enginn Kewell gegn Króatíu?

**FÓTBOLTI** Svo gæti farið að Harry Kewell yrði í leikbanni í mikilvægum lokaleik Ástralíu í G-riðli sem er gegn Króatíu. Markus Merk, sem dæmdi leik liðsins gegn Brasilíu á sunnudag, tók það fram í skýrslu sinni að Kewell hefði farið yfir strikið í mótmælum sínum við dómaratríó leiksins og verið of harkalegur í orðavali sínu. Ástralía þarf á sigri að halda gegn Króatíu til að vera öruggur um að komast í úrslitakeppnina.

„Það fór í taugarnar á mér að við vorum að tapa og því varð ég svona reiður. Þetta er samt bara hluti af leiknum og þetta var ekkert illa meint gegn Merk persónulega. Það var bara svo sárt að spila svona vel gegn heimsmeisturunum en fá ekkert út úr leiknum,“ sagði Kewell. - egm

# Tækifæri sem ég ákvað að grípa

**Markvörðurinn Colin Stewart frá Skotlandi gekk til liðs við Grindavík fyrir rúmum mánuði. Hann hefur leikið vel í marki liðsins og hefur Fréttablaðið valið hann leikmann sjöundu umferðar.**

**FÓTBOLTI** Grindvíkingar gerðu 1-1 jafntefli gegn Valsmönnum í síðustu umferð Landsbankadeildarinnar. Besti leikmaður vallarins var skoski markvörðurinn Colin Stewart í Grindavíkurliðinu en hann hefur spilað í markinu í síðustu fjórum leikjum liðsins og fengið á sig þrjú mörk. Hann hefur haldið markinu hreinu í tveimur af leikjunum fjórum og greinilegt að þarna hefur Grindavík krækt í góðan leikmann.

LEIKMAÐUR UMFERÐARINNAR

„Við vorum ósáttir við að fá bara stig út úr leiknum, okkur fannst sem við hefðum vel getað tekið öll stigin úr þessum leik. Byrjunin hjá okkur í deildinni hefur verið þokkaleg bara. Við höfum gert fjögur jafntefli það sem af er en ef tveir af þeim leikjum hefðu dottið okkur í hag værum við í öðru sæti. Við erum því ekki langt frá þessu. Árangur okkar er því alls ekki slæmur en hann getur vissulega verið betri,“ sagði Stewart.

Hann kom hingað til lands fyrir tilstuðlan landa síns David Hannah sem einnig er í röðum Grindvíkinga. Sigurður Jónsson, þjálfari Grindavíkur, talaði við Hannah sem síðan hafði samband við Stewart. „Síðasta tímabil hjá mér í Skotlandi, 2005-06, gekk ekki vel og ég fékk lítið að spreyta mig. Svo hafði David Hannah samband við mig en Siggi var búinn að spyrja hann hvort hann vissi um einhverja markverði. Þar með var komið gott tækifæri til þess að fá að spila eitthvað og ég ákvað að grípa það. Mér fannst ég hafa engu að tapa, það er gott að vera farinn að spila á ný og svo kemur bara í ljós hvað gerist í framhaldinu.“

Hann gerir meira en að spila fyrir Grindavík því einnig sér hann um markmannsþjálfun yngri markvarða hjá félaginu. „Það er mjög gaman að fá tækifæri til að þjálfa þessa ungu markverði. Ég hef mjög gaman af því og þá er þetta einnig dýrmæt reynsla sem ég er að öðlast fyrir framtíðina,“ sagði Colin Stewart. Faðir hans heitir Tim Stewart og er gamall skoskur landsliðsmaður. Hann lék á sínum tíma fyrir Middlesbrough og Glasgow Rangers og hefur einnig komið að markmannsþjálfun fyrir skoska knattspyrnusambandið.

Stewart var í röðum Partick Thistle í heimalandinu áður en hann kom til Grindavíkur en hann segist svo sannarlega ekki sjá eftir þeirri ákvörðun sinni að koma til Íslands. Þrátt fyrir að vera aðeins 25 ára hefur hann komið víða við á sínum ferli og var m.a. í röðum Ipswich á sínum tíma. „Ég hef notið mín vel hérna og líst vel á íslenska fótboltann. Fólkið í Grindavík hefur tekið vel á móti mér og mér fannst ég vera velkominn frá byrjun. Það er frábært fólk í þessu félagi, bæði leikmenn og starfsfólk. Fólkið í bænum sjálfum er líka mjög vinalegt,“ sagði Stewart sem sendi Helga Má Helgason á varamannabekkinn með komu sinni.

Næsti leikur Grindavíkur er gegn KR á fimmtudaginn en með sigri í þeim leik kemst liðið upp fyrir Vesturbæjarliðið á töflunni og gæti jafnvel komist upp í annað sætið ef önnur úrslit verða liðinu hagstæð. elvar@frettabladid.is



**FRÁBÆR GEGN VAL** Skotinn Colin Stewart átti stórleik í marki Grindavíkur gegn bikarmeisturum Vals. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR




LIÐ UMFERÐARINNAR



**GLEÐI** Geoff Ogilvy fagnar sigri sínum af mikilli innlifun. NORDICPHOTOS/AFP

Geoff Ogilvy bar sigur úr býtum á opna bandaríska meistaramótinu:

## Langþráður sigur hjá áströlskum kylfingi

**GOLF** „Draumur hefur ræst, ég trúi þessu eiginlega ekki ennþá,“ sagði kylfingurinn Geoff Ogilvy sem sigraði á opna bandaríska meistaramótinu í golfi á sunnudagskvöld. Mikil gleði ríkir í heimalandi hans, Ástralíu, þar sem mikill golfáhugi er til staðar. Sigur hans í New York var sá fyrsti á risamóti sem ástralskur kylfingur nær í ellefu ár og sá fyrsti á opna bandaríska síðan David Graham sigraði 1981.

„Þetta er stórkostlegt, ég var orðinn ansi leiður á því að vera bara einn í þessum klúbbi,“ sagði Graham sem orðinn er sextugur og er hættur að spila golf vegna hjartveiki.

Geoff Ogilvy lék lokahringinn um helgina á tveimur höggum yfir pari og endaði samtals á fimm yfir. Hann var því með höggi minna en þeir Phil Mickelson, Colin Montgomerie og Jim Furyk. Þeir tveir fyrrnefndu fóru báðir lokaholuna á tveimur höggum yfir pari og klúðruðu því möguleikum sínum á sigri.

Mickelson þurfti að leika á pari á lokaholunni en skaut í tré í öðru höggi sínu og svo í sandgloppu í því þriðja.

Ogilvy er 29 ára en hann spilaði af mikilli skynsemi á mótinu. - egm





**ROONEY OG NEVILLE** Annar með en hinn meiddur. NORDICPHOTOS/AFP

Enska landsliðið:

## Gary Neville ekki með í dag

**FÓTBOLTI** Gary Neville gat ekki verið með á æfingu enska landsliðsins í gær vegna meiðsla og hann verður því ekki með liðinu gegn Svíþjóð í kvöld í lokaleik riðilsins. England hefur þegar tryggt sér áfram í keppninni og ef liðið tapar ekki leiknum í kvöld vinnur það riðilinn. Jamie Carragher verður að öllum líkindum í stöðu hægri bakvarðar í kvöld.

Annar leikmaður Manchester United, Wayne Rooney, er hinsvegar klár í slaginn og verður í byrjunarliðinu í kvöld. England og Svíþjóð voru saman í riðli á heimsmeistaramótinu fyrir fjórum árum en þá endaði viðureign þeirra með 1-1 jafntefli. - egm




**AFSÖKUNARBEIÐNI** Stuðningsmaður Sviss fór óvenjulegar leiðir. NORDICPHOTOS/AFP

Athyglisverð uppákoma:

## Leyfðu mér að vinna þig aftur

**FÓTBOLTI** Einn stuðningsmaður svissneska landsliðsins ákvað að nota tækifærið í gær og reyna að vinna fyrrverandi unnustu sína aftur á sitt band. Hann gerði flennistóran borða sem hann setti upp við stúkuna fyrir leik Sviss gegn Tógó. Á þeim borða stóð: „Antonia, þú ert minn heimsmeistaratitill. Leyfðu mér að vinna þig aftur!" Ekki hafa borist fréttir af því hvernig þessi afsökunarbeiðni hans virkaði á hana Antoniu en vonandi er komin sátt á milli þeirra tveggja eftir þetta. - egm

Mikil gleði í Suður-Kóreu:

## Morgunveisla á mánudegi

**FÓTBOLTI** Það var óvenjulegt um að litast á mánudagsmorgninum í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu. Hundruð þúsunda voru samankomin í miðbænum og skemmtu sér konunglega eftir að þeirra lið gerði 1-1 jafntefli gegn Frakklandi á heimsmeistaramótinu. Leikurinn fór fram klukkan fjögur að nóttu til að staðartíma og var allt orðið fullt af fólki í bænum átta klukkutímum fyrir leikinn.

Til að skemmta mannfjöldanum fyrir leikinn var fjöldi útitónleika um alla borgina og þegar Park Ji-sung skoraði jöfnunarmarkið ætlaði allt um koll að keyra og flugeldum var skotið upp. Lögreglan sá síðan um að reka fólksfjöldann heim á leið til að hægt væri að þrífa götur Seúl. Suður-Kórea er með fjögur stig í G-riðli keppninnar. - egm



**VIGNIR GUÐJÓNSSON BLOGGAR FRÁ HM 2006 Í ÞÝSKALANDI**

# *Tvífararnir Sven-Göran Eriksson og Mr. Burns*

Ég horfði á æfingu með enska landsliðinu í gær og fór á blaðamannafund með Sven-Göran Eriksson í kjölfarið. Sá sænski hafði sig nú ekki mikið frammi á æfingunni og hafði heldur ekki mikið að segja við okkur blaðamenn. Það sást samt greinilega á glottinu á Eriksson að honum fannst gaman að geta svarað spurningum frá sænskum blaðamönnum á sínu móðurmáli án þess að þeir ensku, sem hann augljóslega hatar, skildu nokkur orð.

Ég held að Eriksson sé hrútleiðinlegur. Hann virkar allavega þannig á mann í persónu. Svo er hann miklu minni en hann sýnist í sjónvarpinu, í raun algjör horrengla, hokinn og nördalegur. Reyndar fannst mér eins og ég væri að horfa á Mr. Burns úr Simpsons þegar ég horfði og hlustaði á hann svara spurningunum. Svenni og Mr. Burns eru keimlíkir á allan hátt í útliti og fasi og þegar grannt er hlustað má heyra að rödd þeirra og talmáti er ekki svo ólíkur. En annars hef ég ekkert á móti Svenna.

Það er greinilegt að Steve McLaren og Sammy Lee eru aðalmennirnir hjá enska liðinu. Sammy stjórnaði æfingunni frá A-Ö og McLaren var eins og hershöfðinginn með valdið, skipaði mönnum fyrir og skammaði þegar hann taldi þörf á. Á meðan var Eriksson bara eins og hver annar áhorfandi, hélt sér að mestu til hlés og virti fyrir sér leikvanginn í Köln, sem vissulega er stórbrotið mannvirki. Eriksson virtist leiðast og ég sver að í eitt augnablik sá ég hann bora í nefið á sér. Stórum hluta æfingunnar eyddi hann síðan í að spjalla við Gerard Houllier á hliðarlínunni, sem einhverra hluta vegna var á staðnum. Vonandi var hann ekki að fá ráð frá franska hryðjuverkamanninum fyrir leikinn í kvöld.

Á blaðamannafundinum sat ég við hliðina á Chris Skudder frá Sky News fréttastöðinni. Það var svolítið skrítið að standa við hliðina á þessum manni sem hefur fært manni fréttir úr enska boltanum í gegnum sjónvarpið í öll þessi ár. Mátti til með að spyrja hann um sölu Eiðs Smára frá Chelsea til Barcelona. Skudder var á því að það væru frábær vistaskipti fyrir hann, spænski boltinn myndi ábyggilega henta honum vel. Þá hafði hann það á orði að fyrra bragði að Eiður Smári væri örugglega í byrjunarliði enska liðsins í dag, væri hann þaðan. Hann væri nefnilega hinn fullkomni afleysingamaður fyrir Rooney, með





ekki svo ólíkan leikstíl en samt ekki í sama klassa og Rooney. Þó væri Eiður Smári vissulega nægilega góður til að búa til færin fyrir enska liðið á HM, því fyrir utan Rooney virðist enginn í enska hópnum fær um það.



## HM 2006 ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*G-riðill:*

TÓGÓ-SVISS 0-2
**0-1 Sebastian** Frei(16.), 0-2 Tranquilo Barnetta (88.).
SÁDI ARABÍA-ÚKRAÍNA 0-4
0-1 Andrej Rusol (4.), 0-2 Sergei Rebrov (37.), 0-3 Andriy Shevchenko (47.), 0-4 Maxim Kalinishenko (84.)

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SVISS | 2 | 1 | 1 | 0 | 2-0 | 4 |
| SUÐUR KÓREA | 2 | 1 | 1 | 0 | 3-2 | 4 |
| FRAKKLAND | 2 | 0 | 2 | 0 | 1-1 | 2 |
| TÓGÓ | 2 | 0 | 0 | 2 | 1-4 | 0 |

*H-riðill:*

SPÁNN-TÚNIS 3-1
0-1 Mhnari Jaohour (8.), 1-1 Raul (71.), 2-1 Fernando Torres (77.), 1-3 Fernando Torres, víti (90.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SPÁNN | 2 | 2 | 0 | 0 | 7-1 | 6 |
| ÚKRAÍNA | 2 | 1 | 0 | 1 | 4-4 | 3 |
| TÚNIS | 2 | 0 | 1 | 1 | 3-5 | 1 |
| SÁDI ARABÍA | 2 | 0 | 1 | 1 | 2-6 | 1 |

**LEIKIR MORGUNDAGSINS:**

*A-riðill:*

EKVADOR-ÞÝSKALAND
KOSTA RÍKA-PÓLLAND

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| EKVADOR | 2 | 2 | 0 | 0 | 5-0 | 6 |
| ÞÝSKALAND | 2 | 2 | 0 | 0 | 5-2 | 6 |
| PÓLLAND | 2 | 0 | 0 | 2 | 0-3 | 0 |
| KOSTA RÍKA | 2 | 0 | 0 | 2 | 2-7 | 0 |

*B-riðill:*

PARAGVÆ-TRINIDAD OG TÓBAGÓ
ENGLAND-SVÍÞJÓÐ

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ENGLAND | 2 | 2 | 0 | 0 | 3-0 | 6 |
| SVÍÞJÓÐ | 2 | 1 | 1 | 0 | 1-0 | 4 |
| T & T | 2 | 0 | 1 | 1 | 0-2 | 1 |
| PARAGVÆ | 2 | 0 | 0 | 2 | 0-2 | 0 |

# Biðlar til Sinisa Kekic

**Jónas Þórhallsson, formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur, hefur ekki gefið upp alla von um að Sinisa Kekic spili áfram með liðinu. Ef Kekic stígi fram og biðjist afsökunar muni Grindvíkingar gleyma málinu.**

**FÓTBOLTI** Deila Sinisa Kekic við Grindavík er ekki á enda og hefur tekið nýja og óvænta stefnu. Hinn öflugi formaður knattspyrnudeildarinnar, Jónas Þórhallsson, hefur stigið fram fyrir skjöldu og biðlað til Kekic um að biðjast afsökunar á hegðun sinni svo hægt verði að grafa málið og horfa fram á veginn. Ef Kekic gerir það ekki má allt eins búast við því að hann þurfi að fylgjast með mótinu úr stúkunni því Grindavík er búið að skella fimm milljóna króna verðmiða á hann. Þá upphæð mun ekkert félag á Íslandi greiða fyrir leikmann sem er að verða 37 ára, reykir eins og strompur og er þar utan án samnings eftir tímabilið.

„Ég biðla bara til Kela að hann biðjist afsökunar á sínum hlut í málinu. Það væri stórmennskulegt af honum og hann yrði maður að meiri á eftir. Ef hann gerir það munum við jarða málið og horfa fram á veginn,“ sagði Jónas sem er svekktur yfir því hvernig málið hefur þróast. „Það hefur enginn gert neitt á hans hlut. Hann ætti að gefa Sigurði meira tíma í stað þess að svekkja sig strax. Það er enginn annar í leikmannahópi félagsins sem er ósáttur við starfsaðferðir Sigurðar. Það er gleði og gaman hjá strákunum. Mig grunar að þetta hafi eitthvað með það að gera að Sigurður tók fyrirliðabandið af Kela á sínum tíma. Ég ætla ekki að fullyrða það en mig grunar það.“



**Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU DAGA** Sinisa Kekic og Jónas Þórhallsson skrifa hér undir samning fyrir nokkrum mánuðum síðan en þá lék allt í lyndi. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Verðmiðinn á Kekic hefur vakið mikla athygli en Jónas staðfestir að félagið sé vissulega að biðja um 5 milljónir króna fyrir Kekic. Grindavík er búið að fá allt upp í þriggja milljóna króna tilboð en því var hafnað.

„Peningar eru afstæðir. Þetta er besti leikmaður landsins og hann er fyllilega hverrar krónu virði enda stórkostlegur leikmaður. Það vita öll lið hvað þau fá með þessum leikmanni. Það er mikill áhugi á honum og síminn stoppaði ekki hjá mér síðastliðinn föstudag. Menn fóru allt upp í þrjár milljónir. Við settum fimm milljónir á hann og við munum skoða málið frekar ef Kekic kemur ekki til baka. Við viljum fá hann til baka og ég trúi því að hann komi aftur. Hann hefur enga ástæðu til að yfirgefa félagið og það yrði leiðinlegur endir á stórkostlegum ferli leikmannsins í Grindavík. Ég vona fyrir hönd allra að málið leysist,“ sagði Jónas Þórhallsson, formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur. **henry@frettabladid.is**



**SVEKKTUR** Emanuel Adebayor vildi fá vítaspyrnu í leiknum. NORDICPHOTOS/AFP

Sviss í efsta sæti G-riðils:

## HM draumur Tógó er búinn

**FÓTBOLTI** „Við vorum ansi óheppnir með dómgæsluna. Allir sem sáu leikinn vita að við áttum að fá víti,“ sagði Otto Pfister, þjálfari Tógó, eftir að liðið tapaði 0-2 fyrir Sviss í G-riðli heimsmeistarakeppninnar. „Sigur Sviss var vissulega sanngjarn en ég hef trú á því að mínir menn hafi gert sitt besta. Það var þó ekki nóg og við getum ekki verið ánægðir með mótið af okkar hálfu þó að leikmenn hafi lært margt.“

Alexander Frei kom Sviss yfir eftir stundarfjórðung en svo vildu leikmenn Tógó fá dæmda vítaspyrnu þegar brotið var á Emmanuel Adebayor, leikmanni Arsenal, innan teigs. Ekkert var dæmt og var það Tranquillo Barnetta sem innsiglaði sigur Sviss.

Sviss og Suður-Kórea mætast í úrslitaleik um efsta sætið síðar í vikunni. Frakkar eru í þriðja sæti með tvö og verða að sigra Tógó til að komast áfram en ljóst er að Tógó á ekki möguleika á að komast áfram í keppninni. **- egm**








**INNLIFUN** Shevchenko faðmar hér aðstoðarmann Blokhins þjálfara. NORDICPHOTOS/AFP

H-riðillinn í Þýskalandi:

## Stórsigur hjá Úkraína gegn lánlausum Aröbum

**FÓTBOLTI** Úkraínumenn áttu ekki í erfiðleikum með slappt lið Sádi-Arabíu í gær og unnu öruggan 4-0 sigur. Það tók þá ekki langan tíma að ná forystunni en þá skoraði Andriy Rusol eftir hornspyrnu sem markvörðurinn Mabrouk Zaid gaf. Zaid gerði síðan önnur mistök þegar hann rann þegar Serhiy Rebrov átti skot af löngu færi og inn fór boltinn.

Maxim Kainichenko lagði upp þriðja markið fyrir Andriy Shevchenko og skoraði síðan sjálfur það fjórða. Vonir Úkraínu um að komast áfram hafa því vaknað á ný eftir að liðið tapaði stórt fyrir Spánverjum í sínum fyrsta leik.

„Þetta var nokkurs konar öskubuskuævintýri nema graskerið breyttist í fallegan þjálfara og dýrin í stórkostlega hesta. Við vissum að við þurftum á sigri að halda og náðum því. Síðasta umferðin verður geysispennandi en við höfum mikið sjálfstraust og trúum því sem við erum að gera. Við munum halda áfram að spila okkar leik og vonandi skilar það okkur hagstæðum úrslitum,“ sagði Oleg Blokhin, þjálfari úkraínska liðsins, hæstánægður eftir leikinn. **- egm**


MidnightSun Open
FLÚÐIR COUNTRY CLUB

**MidnightSun Open golfmótið verður haldið á Selsvelli við Flúðir, föstudagskvöldið 23. júní n.k.**
Teiggjafir. Ræst verður af öllum teigum kl. 20.00.
Kvöldverður og verðlaunaafhending í mótslok.
Glæsilegur Altamar (Sundance Spas) nuddpottur frá Tengi ehf. með hljómflutningstækjum í verðlaun fyrir þann kylfing sem fyrstur fer holu í höggi á 1. braut.
Skráning og nánari upplýsingar á **www.golf.is**

Golfklúbburinn Flúðir
TENGI


Spánn vann Túnis 3-1 í H-riðli í gær og tryggði sér þar með sæti áfram:

## Torres skoraði tvö mörk fyrir Spánverja

**FÓTBOLTI** Það kom flestum í opna skjöldu þegar Túnis komst yfir gegn Spáni á áttundu mínútu en það var Joahar Mnari sem skoraði eftir góðan undirbúning Ziads Jaziri. Iker Casillas varði fyrra skot Mnari sem náði síðan frákastinu og skoraði. Ljóst var að breytinga var þörf hjá spænska liðinu og komu þeir Raul og Cesc Fabregas inn á sem varamenn í hálfleik. Það skilaði sér í 3-1 sigri en Fernando Torres, leikmaður Atletico Madrid, skoraði tvö mörk Spánverja og Raul eitt.

Biðin eftir jöfnunarmarkinu var löng en það kom ekki fyrr en á 71. mínútu þegar varamaðurinn Raul skoraði en þetta var hans fyrsta



**SKORAÐI TVÖ** Fernando Torres skoraði tvö mörk fyrir Spán þegar liðið vann 3-1 sigur gegn Túnis.NORDICPHOTOS/AFP

mark síðan 19. október þegar hann skoraði í Meistaradeild Evrópu gegn Rosenborg. Þetta var það sem Spánn þurfti á að halda og liðið komst loks í rétta gírinn. Fimm mínútum síðar hafði það náð forystunni þegar Torres lék á markvörð Túnisa eftir góða sendingu Cesc Fabregas.

Síðasta markið kom síðan undir blálokin en þá skoraði Torres úr vítaspyrnu sem hann fiskaði sjálfur en dómurinn var mjög umdeildur. Hann var besti maður vallarins ásamt hinum unga Fabregas en segja má að innkoma hans hafi breytt leiknum fyrir Spánverja sem hafa nú tryggt sér sigur í riðlinum þrátt fyrir að eiga einn leik eftir. Sá leikur er gegn Sádi-Arabíu. Á lokakaflanum náði spænska liðið að sýna sitt rétta andlit en leikmenn Túnis eru vafalítið svekktir yfir því að ná ekki að minnsta kosti stigi úr leiknum. **- egm**


FRJÁLSI
FASTEIGNALÁN Í MYNTKÖRFU
Nánari upplýsingar veita lánafulltrúar Frjálsa og á www.frjalsi.is
VEXTIR FRÁ AÐEINS 2,8%
Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 12.06.2006
Fíton/SÍA



**DWYANE WADE** Búinn að stimpla sig inn sem besti körfuknattleiksmaður heims.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Miami Heat búið að snúa við einvíginu gegn Dallas:

# Dwyane Wade eyðilagði afmælisveislu Nowitzkis

**KÖRFUBOLTI** Miami Heat hefur tekist hið ótrúlega – að snúa einvíginu gegn Dallas sér í hag. Eftir að hafa lent 2-0 undir í einvíginu um NBA-meistaratitilinn spýttu leikmenn Miami í lófana og þeir hafa nú unnið þrjá leiki í röð og eru því einum sigri frá meistaratitlinum. Þriðji sigurinn kom í fyrrinótt eftir dramatískan, framlengdan leik sem endaði 101-100. Leikurinn stóð svo lengi ytra að afmælisdagur Dirks Nowitzki, leikmanns Dallas, rann upp áður en leikurinn var allur og úrslit leiksins sáu til þess að hann átti ekki góðan afmælisdag.

Miami getur þakkað hinum ótrúlega bakverði liðsins, Dwyane Wade, fyrir að liðið er svo nálægt titlinum því hann hefur farið á kostum í síðustu leikjum og landaði einnig sigri fyrir liðið í fyrrinótt með öruggum vítaskotum undir lok framlengingarinnar.

„Hann er sá besti í deildinni í dag,“ sagði félagi Wades, Shaquille O´Neal, eftir leikinn en honum hefur ekki enn tekist að skora yfir 20 stig í úrslitarimmunni og segir það meira en mörg orð um framlag Wades í síðustu leikjum. Nú fer rimman aftur til Dallas og þar mun hún klárast. **- hbg**






## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I could be just sitting at home with pee stains on my rug.“**

**Svar: Dude úr kvikmyndinni The Big Lebowski árið 1998.**

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: KRISTJÁN HJÁLMARSSON SAKNAR TÓGÓ

# Áfram Tógó

Nú þegar riðlakeppni heimsmeistaramótsins í knattspyrnu er rétt rúmlega hálfnuð eru línur farnar að skýrast um það hvaða þjóðir munu komast lengst í þessari annars ágætu keppni. Að venju eru það stórþjóðir eins og Argentína, Þýskaland, England, Brasilía, Spánn og Holland sem eru búnar að tryggja sig áfram. Þá má aldrei afskrifa Ítala þótt þeir hafi ekki verið sannfærandi í leikjum sínum hingað til. Það er einhvern veginn alltaf eins að horfa á þessar þjóðir spila og að vissu leyti orðið svolítið leiðinlegt. Viðureignir eins og Brasilía - Ástralía eru bara ekki sérlega spennandi enda úrslitin nánast vituð fyrirfram. Leikmenn þessara stórþjóða knattspyrnunnar eru líka orðnir svo meðvitaðir um eigið ágæti að þeir nenna varla að leggja sig fram nema svona rétt til að „klára leikinn“. Þetta sést best á leikmönnum eins og Ronaldo hinum brasilíska og Zlatan Ibrahimovic hinum sænska. Áhugaleysi þeirra á heimsmeistaramótinu er í raun algjört. Þeir standa eins og illa gerðir hlutir inni á vellinum, horfa á boltann rúlla hjá og hreyfa hvorki legg né lið. Þannig eyðileggja þeir skemmtunina, sem heimsmeistaramótið er, fyrir sér og öllum öðrum.



**LEIKMAÐUR TÓGÓ** Einn þeirra leikmanna sem hafa gert mótið þess virði að horfa á.
NORDICPHOTOS/GETTY IMAGE

Sem betur fer eru aðrar en minni knattspyrnustjörnur sem hafa meiri áhuga en ofantaldir. Þar fara fremstir í flokki leikmenn Tógó sem, þrátt fyrir peningagræðgi sína, mæta eins og villt dýr inn á völlinn, berjast um hvern einasta bolta jafnvel þótt þeir eigi ekki möguleika í hann og öskra eins og ljón á dómarann dæmi hann þeim ekki í vil. Leikmenn Tógó vissu fyrir að þeir myndu aldrei komast upp úr riðlinum en þeir lögðu sig samt alla fram. Með áhuga sínum og elju náðu þeir að gera viðureign sína við Sviss skemmtilega, eitthvað sem fáum öðrum þjóðum hefur tekist að gera. En því miður dugði það ekki til, Tógó er úr leik. Leikmenn liðsins eiga samt heiður skilinn því þeir gerðu heimsmeistaramótið skemmtilegt og í raun þess virði að horfa á.



▶ **20.05** *heimild*
TAKA TVÖ



▶ **22.20** *Gaman*
CURB YOUR ENTHUSIASM



▶ **22.20** *Kvikmynd*
ANYWHERE BUT HERE



▶ **20.30** *veruleiki*
WHOSE WEDDING IS IT ANYWAY?



▶ **22.30** *Fréttir*
HRAFNAÞING

## SJÓNVARPIÐ

**16.10** Kóngur um stund (2:12) **16.40** Út og suður **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Fræknir ferðalangar (41:52) **18.25** Andlit jarðar (4:6)

**18.30 Gló Magnaða (56:65)** (Kim Possible)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Mæðgurnar (15:22)** (Gilmore Girls V)
▶ **20.50 Taka tvö (5:10)** Þessu sinni er rætt við Ásdísi Thoroddsen. Stjórn upptöku: Jón Egill Bergþórsson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**21.40 Móðan** Leikin stuttmynd eftir Jón Karl Helgason. Sagan gerist á þvottaplani bensínstöðvar klukkan 6 að morgni. (e)
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Lögregluforinginn (3:6)** (The Commander II) Breskur sakamálaflokkur eftir Lyndu La Plante. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.15** Dýrahringurinn (8:10) **0.05** Kastljós **0.35** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Alf **11.35** Fresh Prince of Bel Air

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** Supernanny **14.15** Numbers **15.00** Amazing Race **15.55** Nornafélagið **16.20** Shin Chan **16.40** He Man **17.00** Bold and the Beautiful **17.22** Neighbours **17.47** Simpsons **18.12** Íþróttafréttir

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Strákarnir**
**20.05 Amazing Race (12:14)** (Kapphlaupið mikla 8) Í áttunda kapphlaupinu keppa fjölskyldur saman.
**20.50 Las Vegas (16:23)** (Coyote Ugly) Lífið gengur sinn vanagang á Montecito spilavítinu og hótelinu í Las Vegas – eða þannig. Bönnuð börnum.
**21.35 Prison Break (20:22)** (Bak við lás og slá) Bönnuð börnum.
▶ **22.20 Curb Your Enthusiasm 5** (Rólegan æsing)
**22.50 Twenty Four (20:24)** (24)Í fimmtu þáttaröðinni af 24 á Jack Bauer í höggi við rússneska hryðjuverkamenn sem ógna öruggi bandarísku þjóðarinnar.

**23.35** Bones **0.20** Triumph of the Spirit (Str. b. börnum) **2.20** DNA (B. börnum) **3.30** Sometimes They Come Back For More (Str. b. börnum) **4.55** Simpsons **5.20** Fréttir og Ísland í dag **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.10** Byrjaðu aldrei að reykja

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Twins (3:18) (e)**
**20.00 Friends (1:17)**
**20.30 Sushi TV (2:10)** Sushi TV er sprenghlæginlegur þáttur þar sem Japanir taka upp á alls kyns vitleysu.
**21.00 Bernie Mac (11:22)** Þriðja þáttaröðin um grínistann Bernie Mac.
**21.30 Supernatural (19:22)** (Provenance) Bönnuð börnum.
▶ **22.20 Anywhere But Here** Þessi gæðamynd fjallar um Adele August sem fær nóg af smábæjarlífinu og fer frá seinni eiginmanni sínum. Hún stefnir á Beverly Hills og tekur dóttur sína með sér.

**0.10** Falcon Beach (3:27) (e) **1.00** Friends (1:17) (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Brúðkaupsþátturinn Já (e)

**15.40** Everybody Hates Chris (e) **16.10** The O.C. (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Beverly Hills**
**19.45 Melrose Place**
▶ **20.30 Whose Wedding is it anyways?** Ný raunveruleikasería þar sem fylgst er með fólkinu sem undirbýr brúðkaup ríka og fræga fólksins. Því starfi fylgja mikið stress og læti og viðkomandi þarf að hafa stáltaugar og getað höndlað eldfimar aðstæður.
**21.30 Brúðkaupsþátturinn Já** Nú er komið að því að Elín María fari í gang í sjöunda árið í röð með Brúðkaupsþáttinn Já.
**22.30 Close to Home** Í Close to Home er skyggnst undir yfirborðið í rólegum úthverfum, þar sem hræðilegustu glæpirnir eru oftar en ekki framdir.

**23.20** Jay Leno **0.05** C.S.I. (e) **0.50** Beverly Hills (e) **1.35** Melrose Place (e) **2.20** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir / Markaðurinn / Íþróttafréttir / Veðurfréttir / Leiðarar dagblaða / Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** fréttir **18.00** Íþróttir / veður / kvöldfréttir

**19.00 Ísland í dag**
▶ **19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.20 Brot úr fréttavakt**
**20.30 Örlagadagurinn** Sigríður Arnardóttir, eða Sirrý, ræðir við Íslendinga, bæði þekkta og óþekkta, um stóra örlagadaginn í lífi þeirra; daginn sem gjörbreytti lífi þeirra. Þátturinn er sýndur í opinni dagskrá.
**21.00 Fréttir**
**21.10 48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir **0.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.00** Fréttavaktin eftir hádegi **6.00** Hrafnaþing

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Abrafax og sjóræningjarnir **8.00** Another Pretty Face **10.00** The Banger Sisters **12.00** Bride & Prejudice **14.00** Abrafax og sjóræningjarnir **16.00** Another Pretty Face **18.00** The Banger Sisters **20.00 Bride & Prejudice** Bollywood-útgáfa af hinni sígildu ástarsögu eftir Jane Austen, gerð af Gurinder Chadha, hinni sömu og gerði Bend it Like Beckham. Litrík og skemmtileg mynd, uppfull af söngvum og dönsum í hinum eina sanna Bollywood-stíl. **22.00 Movern Callar** Geysilega sterk skosk mynd eftir einn efnilegasta kvikmyndagerðarmann Breta Lynne Ramsay, sem gat sér fyrst orð fyrir hina rómuðu Ratcatcher. Str. b. börnum. **0.00** Punch-Drunk Love (Bönnuð börnum) **2.00** The Others (Bönnuð börnum) **4.00** Movern Callar (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**11.30** Behind the Scenes **12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 10 Ways **14.00** THS Tara Reid **15.00** It's So Over: 50 Biggest Celebrity Break-Ups **17.00** Girls of the Playboy Mansion **17.30** Girls of the Playboy Mansion **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Lionel & Nicole Richie **20.00** 101 Most Starlicious Makeovers **21.00** 10 Ways **21.30** Child Star Confidential **22.00** Dr. 90210 **23.00** Girls of the Playboy Mansion **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** THS Lionel & Nicole Richie **1.00** 101 Most Starlicious Makeovers **2.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15


RENAULT

Vertu á öruggasta bílnum*
Vertu á flottum bíl
Veldu Renault

Með bílinn handa þér



Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Bílasamningur / Bílalán
kr. 23.099 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Aukahlutir á mynd: Dynamic útfærsla, vindkljúfasett.

**Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.**

Bílasamningur miðast við 70% lánshlutfall í 84 mánuði.

EURO NCAP MEGANE ★★★★★

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Taka tvö **Sjónvarpið** kl. 21.05

### *Tilnefnd til verðlauna á Cannes*



Í kvöld ræðir Ásgrímur Sverrisson við Ásdísi Thoroddsen kvikmyndaleikstjóra. Ásdís nam kvikmyndaleikstjórn við Deutsche Film und Fernsehakademie í Berlín en fyrsta bíómynd hennar heitir Ingaló og er frá árinu 1992. Myndin vakti athygli á erlendum vettvangi og var meðal annars sýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes, þar sem hún var tilnefnd til Camera d´or verðlaunanna sem veitt eru fyrstu myndum leikstjóra. Önnur mynd Ásdísar er Draumadísir frá árinu 1996. Ásdís gerði sjónvarpsmyndina Óskir Skara árið 1992 og var einnig meðal þeirra tíu leikstjóra sem árið 2003 gerðu stuttar myndir innblásnar af verkum Halldórs Laxness. Ásdís lék annað aðalhlutverkið í kvikmyndinni Skilaboð til Söndru eftir Kristínu Pálsdóttur, sem frumsýnd var 1983 og hefur að auki unnið margskonar önnur störf á vettvangi kvikmyndagerðar.

## HM Í ÞÝSKALANDI SPARKSÉRFRÆÐINGAR SÝNAR SPÁ Í LEIKI DAGSINS

### *Hermann Gunnarsson*



**A-riðill.**
**Ekvador-Þýskaland kl. 14 1 - 2**
Þessi leikur verður jafnari en flestir búast við. Enginn ætti að vanmeta Ekvador, sem varð í þriðja sæti í Suður-Ameríku og lagði m.a. heimsmeistara Brasilíu að velli. Ég var líklega eini Íslendingurinn sem spáði Ekvador sigri gegn Pólverjum, enda þekkist samba-taktur ekki í Varsjá! Þjóðverjar á heimavelli eru hins vegar skeinuhættir og vinna naumlega 2-1.

**A-riðill.**
**Kosta Ríka-Pólland kl. 14 1 - 2**
Kosta Ríka spriklaði skemmtilega í opnunarleiknum með antilópuna Wanshope í aðalhlutverki, en líklega munu pólskir námukarlar og súkkulaðisætir Prins-Póló strákar hafa betur í þessum leik, segjum bara 2-1, en hvorugt þessara liða kemst áfram.

**B-riðilll.**
**Paragvæ-Trínidad og Tóbagó kl. 19 3 - 1**
Paragvæ er eitt þessara suður-amerísku liða, sem kunna fótbolta. Dwight Yorke og félagar ráða ekki við hraðann og Yorke brosir út að eyrum, kærir sig kollóttan, en lið hans setur skemmtilegan svip á keppnina og veitti Svíum ærlega ráðningu.

**B-riðill.**
**Svíþjóð-England kl. 19 1 - 1**
Þessi riðill hefur boðið upp á leiðinlegustu knattspyrnuna til þessa og það breytist ekkert í lokaleikjum riðilsins. Svíum hefur oft gengið vel á móti Englendingum, en líkleg niðurstaða er lítt spennandi jafntefli í þófkenndum leik. Englendingar komast áfram, en verða að bæta leik sinn verulega til að vænta árangurs. Á HM þarf liðsheild, ekki þekkta einstaklinga!



▶ **18.50**
*HM 2006*

SVÍÞJÓÐ – ENGLAND

*besta sætið*

**7.15** HM 2006 **9.00** HM 2006 **10.45** HM 2006

**12.30** 4 4 2 **13.30** HM stúdíó **13.50** HM 2006 **16.00** HM stúdíó **16.10** HM 2006 **18.00** HM stúdíó

▶ **18.50 HM 2006** (Svíþjóð – England) Bein útsending frá leik Svía og Englendinga í B-riðli á HM í Þýskalandi. Sannkallaður stórleikur á milli þjóða sem þekkjast mjög vel á knattspyrnuvellinum.

**21.00 4 4 2** (4 4 2) HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J. og Heimis Karlssonar. Þeim til halds og trausts eru íþróttafréttamenn Sýnar og fleiri sérfræðingar.

**22.00 HM 2006** (Paragvæ – Trínidad og Tóbagó) Útsending frá leik Paragvæ og Trínidad í B-riðli á HM 2006. Tekst Dwight Yorke að leiða Trínidada upp úr riðlakeppninni?

**23.45** HM 2006 **1.30** HM 2006

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Norrænt **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Hengirúm og himinblámi **15.03** Hið ómótstæðilega bragð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Litla flugan **19.40** Laufskálinn **20.20** Óvissuferð – allir velkomnir **21.10** Íslenskar afþreyingarbókmenntir **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar **23.10** Til allra átta

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Rokkland **0.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður


N TT&
FERSKARA
BLAÐ




**Svala Björgvins**
*opinská um ástina*



**Keyptu hús á 137 milljónir**
*Ingibjörg & Jón Arnar í Oasis*




**Henný Hermanns**
*gifting sonarins*




KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA




## HRÓSIÐ FÆR

*... Jón Sæmundur Auðarson fyrir að ætla að rokka Bandaríkjamenn almennilega upp með DEAD fatalínu sinni.*

## AÐ MÍNU SKAPI: MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR KNATTSPYRNUKONA

# *Zoolander, hip hop og fótbolti*

**Uppáhaldstónlist:** Ég er alæta á tónlist og finnst nánast allt skemmtilegt, frá Bubba upp í hip hop.

**Uppáhaldsbókin:** Segjum bara Da Vinci Code, hún var ágæt. Mér fannst myndin ekki eins góð, en hún var samt allt í lagi.

**Uppáhaldsborgin:** Ég held að það sé París og Berlín, ég hef verið í báðum borgum í vikutíma. Eiffelturninn er náttúrulega glæsilegt mannvirki og svo eru svo fallegar byggingar í Berlín. Báðar borgirnar hafa mikla sögu sem mér finnst skemmtilegt.

**Bíómyndin:** Ég er mikið fyrir grínmyndir eins og Zoolander. Svo eru það náttúrulega Lord of the Rings, það eru flottustu myndirnar, rosalega vel gerðar.

**Búðin:** Ætli það sé ekki Sautján og Deres. Svo er það náttúrulega Puma búðin, hún verður að vera í uppáhaldi líka.

**Verkefnið:** Bara fótboltinn í heild sinni, þetta er mjög skemmtilegt. Annars var ég að útskrifast úr Menntaskólanum í Kópavogi þannig að það er bara allt að ganga upp.



**MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR** Margrét stóð sig vel í landsleiknum á sunnudag.



**LÁRÉTT** **2** land **6** í röð **8** þjófnaður **9** tækifæri **11** í röð **12** mók **14** jarðsögutímabil **16** samtök 17 klettasprunga **18** þangað til **20** bardagi **21** á fæti.

**LÓÐRÉTT** **1** mylsna **3** klukka **4** hjátrú **5** á móti **7** apategund **10** loft **13** reglur **15** hermaður **16** drulla **19** vörumerki.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2** kúba, **6** áb, **8** ræn, **9** lag, **11** bd, **12** dvali, **14** ísöld, **16** aa, **17** gjá, **18** uns, **20** at, **21** rist. **LÓÐRÉTT:** **1** sáld, **3** úr, **4** bábilja, **5** and, **7** bavíani, **10** gas, **13** lög, **15** dáti, **16** aur, **19** ss.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1 Katrín Anna Guðmundsdóttir
2 Jörundur Áki Sveinsson
3 Hamas-samtökin






**LOFTVARNIR** Hljómsveitin Loftvarnir, sem er skipuð þremur ungum herramönnum, mun spila bakgrunnstónlist við upplestur á hinum ýmsu bókum í allt sumar.

## HLJÓMSVEITIN LOFTVARNIR: SPILAR TÓNLIST UNDIR UPPLESTRI Á BÓKUM

# Áhrifin krydduð í sumar

„Ég held að í framtíðinni verði hljóðbækurnar jafnvinsælar og bækur," segir Kristján Hrannar Pálsson í hljómsveitinni Loftvarnir, sem hefur verið önnum kafin í sumar við að semja bakgrunnstónlist við þekktar bækur á borð við Veröld ný og góð (e. Brave New World) eftir Aldous Huxley og Hringadróttinssögu eftir Tolkien. „Það eru margir farnir að hlusta á hljóðbækur og með því að hlusta á tónlist spilaða undir er hægt að krydda áhrifin miklu betur," bætir Kristján við en ásamt honum skipa þeir Daníel Friðrik Böðvarsson og nafni hans Smárason hljómsveitina, sem var stofnuð í maí.

Loftvarnir hefur einnig samið tónlist við leikritið þekkta Faust, en Atli Freyr Steinþórsson, þulur hjá Rúv, las einmitt upp úr leikritinu á þjóðhátíðardaginn á meðan Loftvarnir léku undir dulræna tóna.

Til stendur að fá fleiri aðila til að lesa upp úr bókum á meðan hljómsveitin spilar undir. en það fari vitaskuld allt eftir innihaldi bókanna hvernig tónlistin hljómar í hvert skipti. Ekki hefur verið ákveðið hvort gefnar verða út hljóðbækur með tónlistinni, enda spilar hljómsveitin aðeins undir við brot úr bókunum, en það mun þó ekki vera fjarlægur möguleiki.

Þeir félagar fengu styrk frá Reykjavíkurborg í gegnum Hitt húsið til að búa til tónlistina. Þeir koma fram alla fimmtudaga frá 16 til 17 í Vesturbæjarlauginni auk þess sem þeir hafa stigið á svið við hátíðleg tækifæri eins og á 17. júní. Reyna þeir jafnframt að vera sem mest áberandi þegar veðrið er gott og sólin leikur við borgarbúa.

Þrátt fyrir ungan aldur eru þeir Kristján, Daníel og Daníel síður en svo græningjar í tónlistinni því á síðasta ári fluttu þeir Bítlaplötur í heild sinni á Laugaveginum við góðar undirtektir auk þess sem þeir hafa samið tónlist fyrir herranótt MR.

„Ég hef tekið eftir því með hljóðbækur að allir eiga tölvur og ipod með endalausu rými og núna er hægt að eiga hljóðbækur án þess að þurfa að geyma þær á hundrað diskum," segir Kristján Hrannar, sem hefur mikla trú á hljóðbókum í framtíðinni. „Þetta er sívaxandi markaður. Nú er hægt að endurvekja upprunalegu áhrifin frá því í gamla daga með því að láta segja sér sögu." Vonast Kristján jafnframt eftir því að geta spilað tónlist við verk eftir þekkta íslenska höfunda í framtíðinni á borð við Halldór Laxness og Þórberg Þórðarson.

Loftvarnir verða starfandi í allt sumar og hugsanlega eitthvað lengur ef allt gengur að óskum. „Það er draumur að geta unnið við tónlist og algjör forréttindi ef hann rætist," segir Kristján, sem er nýútskrifaður úr MR og var áður í hljómsveitinni Dixieland-Dvergarnir.

freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Guðjón Valur** og aðrir leikmenn íslenska handboltalandsliðsins mættu í einkapartí á efri hæð Sólon ásamt sænsku leikmönnunum eftir landsleikinn á laugardag. Sáust þeir sænsku skála ótt og títt í Bacardi Breezer sem kom gestum spánskt fyrir sjónir enda Breezerinn álitinn stelpudrykkur af flestum íslenskum karlmönnum. Partíið var skipulagt af fótboltakappanum **Hermanni Hreiðarssyni** og eiginkonu hans **Rögnu Lóu** og þar mátti sjá mikið af góðvinum þeirra úr fótboltaheiminum, bæði aðra landsliðsmenn sem og mikið af þrusuhressum fótboltakonum úr KR. Virtust sænsku piltarnir skemmta sér vel í þessum félagsskap og voru hinir hressustu þrátt fyrir þá staðreynd að Svíþjóð kemst ekki áfram á heimsmeistaramótið.

Veitingastaðurinn Silfur á Hótel Borg verður opnaður formlega með pomp og prakt fimmtudaginn næstkomandi. Starfsemin er þó þegar hafin og hefur laðað að ófáa sælkera og fagurkera, sem ólmir vilja prófa eitthvað nýtt. Greinilegt er að mikið hefur verið í lagt til að gera staðinn sem glæsilegastan og ekki aðeins fyrir munn, maga og augu því eyrun fá líka sitt. Einn gesta staðarins sagði við Fréttablaðið að hann hefði til dæmis heyrt torkennilegt suð inni á salerni staðarins. Í fyrstu taldi hann að loftræstingin léti illa og skapaði þennan hávaða. Þegar hann lagði betur við hlustir heyrði hann hins vegar að þetta var sjávarniður og fuglatíst sem leikið var af bandi, sjálfsagt í þeim tilgangi að bæta meltinguna. **- snæ/bs**






# Fyrir ferðalanga 21. aldarinnar

„Við erum nú búnir að gefa út Reykjavik Grapevine í þrjú ár og fannst okkur því vel við hæfi að gefa út ferðabók sem lýsir Reykjavík í nútímamynd," segir Hilmar Steinn Grétarsson, útgefandi Reykjavik Grapevine, um væntanlega ferðabók frá þeim Grapevine félögum í samstarfi við Eddu útgáfu.



Bókin ber nafnið Inside Reykjavik – The Grapevine guide og ritstýrir Bart Cameron bókinni en hann er einnig ritstjóri blaðsins. Bókin kemur út í byrjun júlí og verður seld úti um allt land. Skemmtilegar myndir prýða síður bókarinnar en þær eru teknar af Guðmundi Frey Vigfússyni. Eins og titillinn ber með sér er þetta leiðarbók um Reykjavík þar sem lífinu á Íslandi er lýst af nákvæmni. Ferðamönnum og gestum er bent á hvert best sé að fara og hvernig þeir eiga að bera sig að til að fá menningu og daglegan lífsstíl okkar þjóðar beint í æð. Einnig eru leiðbeiningar um það hvar hægt er fá flottasta dótið og íslenskri tónlist er gerð góð skil í bókinni.

Bókin er stíluð inn á fólk milli tvítugs og þrítugs en Grapevinemenn telja þó bókina skemmtilega aflestrar fyrir alla, Íslendinga jafnt sem útlendinga. „Við erum óbeint að stíla inn á þennan nýja ferðamannahóp sem farinn er að leggja leið sína til landsins, ungt fólk sem kemur hingað yfir langa helgi og vill nýta tímann sem best. Með tilkomu ódýrra fargjalda til landsins er þetta að aukast og Reykjavik þykir með svalari borgum í Evrópu í augnablikinu. Inside Reykjavik er leiðarbók fyrir ferðamann 21 aldarinnar." segir Hilmar að lokum.



**HILMAR STEINN GRÉTARSSON** Gefur út bók með leiðbeiningum um hvert sé best að fara og hvernig hægt sé að fá Ísland beint í æð.

LÍTUR VEL ÚT
Santa Fe

Hyundai kynnir nýja kynslóð sportjeppa, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið. Þá er Santa Fe glæsilegur fararkostur sem vekur hvarvetna eftirtekt fyrir fágaða hönnun og áræðna eiginleika. Láttu þér ekki bregða, heldur njóttu athyglinnar.

FIFA WORLD CUP GERMANY 2006
HYUNDAI Official Partner

## EKKI LÁTA ÞÉR BREGÐA!

# NÝR SANTA FE



| | Vélarstærð | Hestöfl | Verð beinskiptur | Verð sjálfskiptur |
|---|---|---|---|---|
| Santa Fe II 5 sæta | 2700cc. | 188 | 3.390.000 | |
| Santa Fe II 5 sæta | 2700cc. | 188 | | 3.590.000 |
| Santa Fe II 7 sæta | 2700cc. | 188 | | 3.690.000 |
| Santa Fe II Lux 7 sæta | 2700cc. | 188 | | 4.120.000 |
| Santa Fe II 5 manna dísel | 2200cc. | 150 | 3.530.000 | |
| Santa Fe II 5 manna dísel | 2200cc. | 150 | | 3.730.000 |
| Santa Fe II 5 manna dísel | 2200cc. | 150 | | 3.830.000 |
| Santa Fe II Lux 5 manna dísel | 2200cc. | 150 | | 4.260.000 |

B&L
Með bílinn handa þér

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 Selfoss 575 1460 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS




## BAKÞANKAR


ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR


# *Heima er best*

Afskaplega fáir þeirra sem ég þekki telja sig búa í of stóru húsnæði. Reyndar virðist vöntun á allavega einu herbergi vera landlæg, að minnsta kosti hjá þeim sem ekki eru farnir að draga saman seglin. Þó fasteignafuninn hafi kólnað lítið eitt eru blöðin enn í hverri viku uppfull af auglýsingum um ný og betri heimili.

**JAFNVEL** á meðan íbúðin var akkúrat mátuleg fyrir fjölskylduna fannst okkur samt eiginlega vanta vinnuherbergi. Svo eignuðumst við annað barn og í stað þess að flytja hagræddum við innandyra og losuðum okkur við allskyns dót til að fá meira pláss. Þá var vinnuherbergi orðið aukaatriði því nú vantaði barnaherbergi. Áður en við vissum af féll þriðja barnið í fangið á okkur af himnum ofan. Eins dásamleg og ómegðin er þá er nú svo komið að við erum raunverulega alveg í kremju.

**Á MEÐAN** framkvæmdir við stækkun heimilisins virðast mjakast á hraða snigilsins rifja ég upp að góðir hlutir gerist hægt. Og þó það sé vissulega ekki skilgreind aðferð til að öðlast æðruleysi þá mun vonandi niðurbældur pirringurinn af að deila baðherbergi með fjórum öðrum fyrr eða síðar að leiða til aukins þroska.

**SVO** má böl bæta að benda á annað verra. Einn daginn urðu sérstakar aðstæður til þess að ég heimsótti Árbæjarsafnið í fyrsta sinn á fullorðinsárum. Þar komst ég að því að lýsingar á veraldlegum aðstæðum fólks á fyrri tíð komast ekki í samanjöfnuð við líkamlega upplifun af húsakynnum þess. Þegar eldhúsinnréttingin myndi komast í heilu lagi ofan í eina skúffueiningu í Ikea, einmitt þegar forunnin matvara hafði ekki verið fundin upp. Þegar hver hreyfing hefur þurft að vera hófstillt til að komast fyrir innandyra. Þegar sjö manna fjölskylda hafði eitt einasta íveruherbergi af meðalstærð til að sofa í, matast og lifa. Ef einhver var pirraður á þrengslunum á þeim bæ var ekkert hægt að fara nema út í rigninguna.

**ÉG** er ekki að halda því fram að skipulagðar hópferðir á Árbæjarsafnið myndu draga úr þenslu og verðbólgu, rétta af viðskiptahalla við útlönd og stuðla að þjóðarsátt. En kannski hjálpað öðrum eins og mér að vera sáttari við aðeins minna.





FIFA WORLD CUP GERMANY 2006

**Öflugur sportjeppi**

**KIA Sportage dísil 140 hestöfl 2.790.000 kr.**

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4053

**KIA Sportage** er með nýrri og byltingakenndri 2ja lítra dísilvél sem skilar 140 hestöflum. Vélin er einstaklega umhverfisvæn, hljóðlát og eyðslugrönn.

**26.890 kr. á mánuði***

*KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.*
*3 ára ábyrgð.*

*M.v. 30% útborgun og 84 mán. bílasamning hjá SP fjármögnun með blandaðri myntkörfu.

★★★★★

**KIA Sportage er sigurvegari í sínum flokki,** samkvæmt nýrri gæðakönnun hins virta alþjóðlega rannsóknarfyrirtækis JD Power. Könnunin náði til 115 þúsund bíleigenda í Bandaríkjunum.

KIA MOTORS

HEKLA KIA ***umboðið*** á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700



ARGUS / 06-0288



*Hávaxtareikningar*

Háir vextir og mikið öryggi!

Innlánsreikningar SPRON eru hugsaðir fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem vilja háa vexti og mikið öryggi.
Kynntu þér málið á **spron.is**

spron – frelsi í bankaviðskiptum